

**SKOÐUN** Steingrímur J. skrifar um skammhlaup í Orkustofnun og ófriðarefni. 22



**MENNING** Ekkert ljóð nógu gott til að hljóta Ljóðstaf Jóns úr Vör. 28



**LÍFIÐ** Hönnuðir hjá Magneu gerðu nýja skartgripalínu í samstarfi við Aurum. 44



**SPORT** Tilfinningar jafnt neikvæðar sem jákvæðar eru hluti af leiknum. 40


ÚTSALA
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
SJÓNVÖRP - ALLAR STÆRÐIR - FRÁBÆR VERÐ
Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9090 • www.sm.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
22. janúar 2015
18. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



### Hraðlæs en skilja ekki

Skortur á lesskilningi hjá hraðlæsum börnum kemur seint í ljós. Þessi börn geta átt í erfiðleikum með tungumálið. 16

**Lítill hagur af sameiningu** Rektor LbhÍ segir lítil samlegðaráhrif með sameiningu þriggja háskóla. Rektorinn á Hólum hefur ekkert heyrt frá ráðuneytinu. 2

**Strengur þvert yfir rækjumið** Rækjuskipstjórar neita því að hafa slitið sæstreng vísvitandi. Segja strenginn umhverfishryðjuverk. 6

**Ekkert stöðvar sigurgöngu** Vinstri flokknum SYRIZA er spáð stórsigri í grísku þingkosningunum. 8




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | S | 7 |
| Akureyri | 0° | SSV | 5 |
| Egilsstaðir | 2° | SV | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 1° | SV | 6 |
| Reykjavík | 3° | SSV | 9 |

**SKÚRIR EÐA ÉL** Í dag verða suðvestan 8-13 m/s og skúrir eða él en úrkomulaust NA-til. Hiti í kringum frostmark. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

**Endurskoðun og bókhald | Fólk**




# Færum aftur á byrjunarreit

Afstaða ESB er óbreytt hvað varðar aðildarumsókn Íslands. Sendiherra ESB segir breytingar á sambandinu ekki skaða það starf sem þegar hafi verið unnið í samningum. Ný fiskveiðistefna og fjármálaeftirlit gagnist Íslandi.

**UTANRÍKISMÁL** Ætlaði Ísland að sækja aftur um aðild að Evrópusambandinu, eftir að hafa formlega slitið viðræðum, þyrfti landið að hefja allt umsóknarferlið frá grunni, segir í svari Matthiasar Brinkmann, sendiherra ESB á Íslandi, við fyrirspurn Fréttablaðsins.

„Ferlið þyrfti að hefja á ný, ekki bara á Íslandi heldur líka í Brussel," segir Brinkmann. Ísland þyrfti að leggja fram nýja umsókn og í kjölfarið þyrftu öll 28 aðildarríki sambandsins að beina því til framkvæmdastjórnar ESB að búa til nýtt álit um umsóknina og í grundvelli þess myndu ríkin 28 síðar þurfa að samþykkja að hefja viðræður við Ísland.

„Núna eru fleiri vafamál tengd stækkun innan ESB þannig að ferlið kann að verða eitthvað flóknara en það var." En þótt ferlið kynni að verða tímafrekara bendir Brinkmann á að vegna þess hve Ísland sé samtvinnað ESB í gegnum EES-samninginn yrði ferlið landinu auðveldara en öðrum löndum.



MATTHIAS BRINKMANN

Brinkmann segist líka telja að sú vinna sem fram hafi farið í aðildarviðræðunum gagnist bæði Íslandi og ESB. Breytingar sem orðið hafi á sambandinu séu Íslandi í hag. Þar bendir hann á nýja, endurbætta sameiginlega fiskveiðistefnu sambandsins og nýtt regluverk um fjármálaeftirlit.

„Bróðurparturinn af lagabreytingum innan ESB snýr að innri markaði Evrópu og þær þarf Ísland hvort eð er að taka upp á grundvelli EES. Ég myndi því halda að breytingar sem orðið hafa hafi ekki skaðað þá vinnu sem unnin hefur verið í tengslum við aðildarviðræðurnar."

Brinkmann segir afstöðu ESB til Íslands hins vegar óbreytta og að dyr sambandsins standi landinu enn opnar. „Ísland er enn mikilvægur nágranni og samstarfsaðili Evrópusambandslandanna," segir hann. Það sé hins vegar Íslands að taka ákvörðun um framhald aðildarviðræðnanna við sambandið. „En eins og sagt hefur verið áður, svo sem af Stefan Füle, fyrrverandi stækkunarstjóra, þá erum við viss um að hægt sé að finna í samningunum viðunandi lausnir fyrir Ísland." - óká

### RÁÐAMENN UNDIRBÚA VIÐRÆÐUSLIT

Í umræðum um slit aðildarviðræðna við ESB á þingi á mánudag sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra skráningu Íslands sem aðildarríkis vera formsatriði. „Myndist fyrir því meirihluti í framtíðinni og komist til valda ríkisstjórn sem hyggur á inngöngu í Evrópusambandið þá er hægt, innan eins kjörtímabils, að sækja um og ljúka slíkum aðildarviðræðum," sagði hann. Þá hefur Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagt að breytingar sem orðið hafi á ESB þýði að ekki sé hægt að „kíkja í pakkann". Þyrfti núverandi ríkisstjórn að hefja viðræður við ESB kallaði það á ný samningsmarkmið og aðferðafræði. „Sem þýðir að sjálfsögðu að það er rétt sem forsætisráðherra sagði að þessi vinna sem búið er að vinna núna er einskis virði ef það kæmi upp slík staða. Menn yrðu að byrja upp á nýtt," sagði hann í viðtali við fréttastofu 365 í gær.



**VINNINGSHAFAR** „Það ríkir hamingja með þessi verðlaun," segir Elísabet Jökulsdóttir sem tók við Fjöruverðlaununum í gær ásamt þeim Guðrúnu Kristinsdóttur og Bryndísi Björgvinsdóttur. Sjá síðu 28 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðstoðarlögreglustjórinn:

## Vill bæta samfélagið

**LÖGREGLA** Alda Hrönn Jóhannsdóttir er nýr aðstoðarlögreglustjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur fengið mikið lof fyrir störf sín hjá lögreglunni á Suðurnesjum þar sem vel tókst til í rannsókn mansalsmála og nýju verklagi vegna heimilisofbeldis.



ALDA HRÖNN JÓHANNSDÓTTIR

Það hafa orðið miklar breytingar á yfirstjórn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Alda er náinn samstarfsmaður Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, nýskipaðs lögreglustjóra, fyrstu konunnar til að gegna embætti lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu. „Við erum bara að gera það sem við getum til að bæta samfélagið. Það er ekkert annað sem vakir fyrir okkur," segir Alda. - kgb, vh / sjá síðu 12






Meistarar eru farnir að eldast og skortur er á lærlingum í byggingageiranum:

# Nemum fækkað um þriðjung

**ATVINNA** Nemum í öllum greinum byggingageirans hefur fækkað um þriðjung frá árinu 2006. Þetta segir Guðmundur Hreinsson, skólastjóri Byggingatækniskólans.

„Það fóru færri í handverksnám 2006 þótt það væri brjálað að gera á þessum tíma og fækkunin heldur áfram. Hún hófst nákvæmlega á þeim tíma þegar frjálst flæði vinnuafls milli landa byrjaði." Guðmundur telur að það hljóti að vera samsvörun þar á milli, tilhneigingin hafi verið að ráða frekar útlendinga.

Guðmundur segist vita til þess að byrjað sé að falast eftir erlendum starfsmönnum í byggingageiranum. Stór hluti þeirra hins vegar farið til Noregs og ólíklegt sé að þeir snúi aftur til Íslands.

Að sögn Guðmundar er stefnt að því að breyta náminu svo það verði markvissara og mögulega styttra en nú.

Meistarar eru margir farnir að eldast og vantar lærlinga í vinnu. Aðeins fjórir sveinar útskrifuðust úr múrverki í fyrra. Þeir þyrftu að vera 15 til 20 á ári til að endurnýjun yrði í stéttinni að sögn Sigurðar Heimis Sigurðssonar, formanns Múrarameistarafélags Reykjavíkur.

„Við erum farnir að eldast, alveg eins og læknarnir sem sögðu að ekki væri nóg endurnýjun í stéttinni," segir Sigurður. „Nú er mikið að gera sem betur fer og það vantar fleiri menn." - ibs / sjá síðu 4



**Margir múrarameistarar eru farnir að nálgast sjötugt. Þetta er ekki vinna fyrir gamalmenni. Allt efni sem við vinnum með er þungt, eins og til dæmis steypan.**

*Sigurður Heimir Sigurðsson, formaður Múrarameistarafélags Reykjavíkur.*


Vertu laus við LIÐVERKINA!




www.gengurvel.is

## SPURNING DAGSINS



### Össur, eruð þið fullir svartsýni?

**„Nei, við erum fullir af bjartsýni.“**
Össur Hafþórsson bareigandi segir veitingamenn óttast að eigendur greiðslukorta eigi erfitt með að muna pin-númerin þegar þeir eru undir áhrifum áfengis.

Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks gagnrýnir eftirlitsleysi í innkaupum:

# Óttast misferli hjá starfsfólkinu

**REYKJAVÍKURBORG** „Þó ég sé öllu jöfnu ekki talsmaður miðstýringar þá verður að koma í veg fyrir lausatök í fjármálum eins og þessi,“ sagði Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, í umræðum í borgarstjórn á þriðjudag um innkaupamál hjá borginni.

Eins og fram hefur komið telur innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að engri af tólf ábendingum hennar frá árinu 2010 um innkaup á vegum borgarinnar hafi verið fylgt. Frá þeim tíma hafa verkefni innkaupaskrifstofu verið færð undir fjármálaskrifstofu.

„Með því hefur verið dregið úr sjálfstæði innkaupaeiningarinnar og möguleikum hennar á að halda utan um innkaupin. Það er alveg ljóst að það gengur ekki að yfir þúsund manns gangi um og kaupi inn í nafni Reykjavíkurborgar án þess að eftirlit sé með því,“ sagði Júlíus Vífill í borgarstjórn. Sagði hann hættu á mistökum og misferli. - gar



**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON** „Slík staða getur skapað hættu á mistökum og misferli,“ sagði borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Aksturþjónusta fatlaðra:

# Of seinir í tíu prósent ferða

**SAMGÖNGUR** Ökumenn Strætó sem sinna akstursþjónustu fatlaðra mættu tíu mínútum of seint eða meira í tæplega 150 ferðir sem farnar voru á þriðjudag. Það eru um tíu prósent af heildarfjölda ferða.

Bílstjórarnir mættu tuttugu mínútum of seint eða meira í 2,4 prósent ferða eða í um 34 ferðir. Þá voru sjö ferðir ekki farnar vegna villuskráningar.

Í heild var 1.441 ferð ekin á þriðjudag. - ih



**BÓLUSETNING** Bengalinn er bólusettur fyrir hundaæði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bólusetning fyrir hundaæði í Mangkang-dýragarðinum:

# Tígrisungi baðaður fyrir sprautu

**INDÓNESÍA Þessi þriggja mánaða gamli Bengal-tígur var baðaður áður en hann fékk sprautu í Mangkang-dýragarðinum í Semarang í Indónesíu í gær. Dýrin í garðinum eru bólusett fyrir hundaæði. Tígrisunginn virtist ekki vera ósáttur við baðið en engum sögum fer af því hvernig hann brást við sprautunni.** - vh

Börn orðið fyrir ógnunum:

# Loftbyssa notuð

**SKÓLAMÁL** „Þetta hafa verið atvik frá hótunum um að sníkja peninga, notkun á til dæmis loftbyssum og svo bara svona hótanir,“ segir Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri í Hagaskóla, um hótanir og ógnanir sem nemendur skólans hafa orðið fyrir undanfarna mánuði.

Gerendurnir eru nokkrir og aðeins hluti þeirra nemendur við skólann. Málið hefur undið nokkuð upp á sig og atvikin orðið alvarlegri. „Það var barn hér fyrir helgi sem sá á,“ segir Ingibjörg. Verið er að vinna að lausn málsins í samstarfi við lögreglu og barnaverndaryfirvöld. - lvp

Veruleg hækkun í desember:

# Fasteignaverð hækkaði

**VIÐSKIPTI** Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði verulega í desember, eða um 2 prósent, þar af hækkaði verð á fjölbýli um 1,1 prósent og sérbýli um 5 prósent.

Þetta kemur fram í Hagsjá Landsbankans.

Verðhækkanir á árinu 2014 voru miklar. Í heild hækkaði fasteignaverð um 8,5 prósent frá fyrra ári, þar af hækkaði verð á fjölbýli um 9,8 prósent og sérbýli um 4,6 prósent.

Þetta eru mestu verðhækkanir milli ára sem sést hafa frá árinu 2007. - sáp

# Lítill hagur af sameiningu háskólanna

**Björn Þorsteinsson, rektor LbhÍ, segir samlegðaráhrif vera lítil með sameiningu þriggja háskólastofnana í NV-kjördæmi. Erfitt sé að sameina þrjá fjárhagslega veikburða skóla. Rektor Háskólans á Hólum hefur ekkert heyrt frá ráðuneytinu.**

**MENNTAMÁL** Hugmynd Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra um að sameina þrjár háskólastofnanir í Norðvesturkjördæmi í eina hefur ekki verið rædd við alla þrjá rektora skólanna. Björn Þorsteinsson, rektor Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri, telur litla möguleika á samlegðaráhrifum vegna sameiningar.

Tveir háskólar eru með aðsetur í Borgarbyggð, það eru Bifröst og Landbúnaðarháskólinn. Hugmyndir ráðherra ganga út á að sameina þessa skóla auk Háskólans á Hólum í Hjaltadal, í eina sjálfseignarstofnun.

Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Háskólans á Hólum, hefur ekki fengið erindi þess efnis inn á borð til sín og ekki verið boðuð á fund með ráðherra menntamála. Það boð hafa hins vegar Björn Þorsteinsson, rektor Landbúnaðarháskólans, og Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst, fengið og sótt fund ráðherrans um hugmyndir að sameiningu háskólastofnananna þriggja.



**HVANNEYRI** Gangi hugmyndir menntamálaráðherra eftir munu þrír háskólar í Norðvesturkjördæmi sameinast í eina sjálfseignarstofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björn Þorsteinsson segir samlegðaráhrifin af mögulegri sameiningu lítil. „Að mínu mati er mjög erfitt að sameina þessar þrjár háskólastofnanir. Í dag erum við í samvinnu með Háskólanum á Bifröst í ákveðnum þáttum skólastarfsins og einnig erum við í samvinnu við Háskólann á Hólum. Ég sé ekki mikil samlegðaráhrif að sameina stofnanirnar undir einn hatt að svo stöddu. Það getur einnig verið aukinn kostnaður í því að reka stofnanir á þremur stöðum,“ segir hann.



**ERLA BJÖRK ÖRNÓLFSDÓTTIR**

Björn telur þó að hægt sé að skoða þetta með opnum hug. „Við vitum að stofnanirnar hafa átt í ákveðnum þrengingum og þessar stofnanir eru tiltölulega veikar fjárhagslega. Það er þó hægt að skoða þessar hugmyndir ráðherra með opnum hug og fara yfir málin en þá þarf líka að horfa á hlutina með sanngjörnum augum og fara mjög vel ofan í saumana á sameiningarhugmyndum.“

Erla Björk, rektor Háskólans á Hólum, sagðist ekki getað tjáð sig um hugmyndir ráðherra að svo stöddu þar sem hún hefði engar upplýsingar fengið um í hverju sameiningin fælist. Að hennar mati þyrfti ráðherra menntamála að sýna á spilin til að hægt væri að ræða málið af yfirvegun.

Ekki náðist í Vilhjálm Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst, þar sem hann var staddur á ráðstefnu erlendis. sveinn@frettabladid.is




Ríkisendurskoðun kallar á bætta skráningu og utanumhald samninga ríkisins:

# Tengdur kostnaður 61 milljarður

**STJÓRNSÝSLA** Áætlaður kostnaður ríkisins vegna tæplega 500 virkra langtímasamninga við aðila utan ríkisins á síðasta ári nemur 61 milljarði króna, að því er fram kemur í nýju áliti Ríkisendurskoðunar. Er þá horft til samninga til lengri tíma en eins árs og þar sem greiðslur nema þremur milljónum króna eða meira á ári hverju.

Fram kemur í álitinu að Ríkisendurskoðun telji að bæta þurfi skráningu og utanumhald samninga sem ráðuneyti og stofnanir gera við aðila utan ríkisins. Yfirlit um slíka samninga sem birt sé í fjárlagafrumvarpi ár hvert sé ófullkomið. Þá þurfi að samræma betur upplýsingar milli ráðuneyta og tryggja að yfirlit sé tæmandi auk þess sem endurskoða þurfi reglurnar sem um samningana gilda og efla eftirlit með framkvæmd þeirra.



**HANDSAL** Ríkisendurskoðun segir mikinn misbrest á að ráðuneyti og stofnanir fari eftir leiðbeiningum um hvernig standa skuli að undirbúningi, gerð og eftirliti með samningum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Af þeim samningum sem undir eru tilheyrði 161 velferðarráðuneyti, 127 mennta- og menningarmálaráðuneyti, 52 utanríkisráðuneyti og 40 atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. „Samningar annarra ráðuneyta voru á bilinu 16 til 34,“ segir í umfjöllun Ríkisendurskoðunar. Bent er á að af þessum um 500 samningum hafi 36 verið útrunnir árið 2014 en engu að síður hafi verið starfað samkvæmt þeim. „Áætlaður kostnaður þeirra nam um 5,5 milljörðum króna.“ - óká

# Skil á upplýsingum vegna skattframtals 2015

Skilafrestur á eftirtöldum gögnum vegna framtalsgerðar 2015 er til **30. janúar** en þeir sem skila á rafrænu formi hafa þó frest til **10. febrúar** 2015

**Launamiðar og verktakamiðar**
Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, happdrættis- og talnavinninga (skattskylda sem óskattskylda), greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni og vinnu) eða aðrar greiðslur sem framtalsskyldar eru og/eða skattskyldar.

**Bifreiðahlunnindamiðar**
Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar.

**Hlutafjármiðar**
Skilaskyld eru öll hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög, samvinnuhlutafélög og sparisjóðir.

**Viðskipti með hlutabréf og önnur verðbréf**
Skilaskyldir eru bankar, verðbréfafyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf og önnur verðbréf.

**Bankainnstæður**
Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir og aðrir aðilar sem taka við fjármunum til ávöxtunar.

**Lánaupplýsingar**
Bankalán, fasteignaveðlán, bílalán og önnur lán. Skilaskyldar eru allar fjármálastofnanir (bankar, sparisjóðir, lífeyrissjóðir, tryggingafélög, fjármögnunarleigur o.s.frv.) sem hafa lánað fé til einstaklinga.

**Stofnsjóðsmiðar**
Skilaskyld eru öll samlagsfélög, sameignarfélög og samvinnufélög, þ.m.t. kaupfélög.

**Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi.

**Greiðslumiðar – leiga eða afnot**
Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum eða öðrum réttindum.

**Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi**
Skilaskyld eru öll hlutafélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun. Sama á við um söluréttarsamninga.

**Fjármagnstekjumiði**
Þeir aðilar sem innheimt hafa vexti skulu skila þessum miða og tilgreina þar sundurliðun á móttakendum og þá staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts sem haldið hefur verið eftir. Hér er einkum um að ræða smærri innheimtuaðila, t.d. lögfræðistofur. Þessum miða er eingöngu hægt að skila rafrænt.

Vakin er athygli á launamiðareit nr. 405, þar sem færa skal **íþrótta- og líkamsræktarstyrki**.

Einnig er vakin athygli á launamiðareit nr. 410, þar sem færa skal **samgöngustyrki**.

Minnt er á að upplýsingum um **húsnæðishlunnindi** skal skila á launamiða. Húsnæðishlunnindi eru allt að 5% af fasteignamati íbúðarhúsnæðis 31. des. 2013, sem látið er launþega í té endurgjaldslaust eða með óeðlilega lágu endurgjaldi. Sjá nánar í lið 2.8 í skattmati ríkisskattstjóra vegna tekjuársins 2014.

**Athugið að sameignarfélög og samlagsfélög eiga að skila stofnsjóðsmiða með upplýsingum um eignarhluti eigenda og úttekt af höfuðstól.**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30

Nánari upplýsingar á ***rsk.is***

## SVONA ERUM VIÐ



**1.197** karlar bjuggu í Fjallabyggð árið 2007 á móti 1.083 konum.

Í byrjun árs 2014 eru konur fleiri en karlar, eða 1.009 á móti 1.001 karli.

Obama kynnti þinginu óskalista sinn í stefnuræðu, og boðar einnig betri tíma á Kúbu:

# Viðræður Bandaríkjanna við Kúbu hafnar

**BANDARÍKIN, AP** Aðeins hálfum sólarhring eftir að Barack Obama Bandaríkjaforseti hafði flutt stefnuræðu sína hófust fyrstu formlegu viðræður bandarískra embættismanna við ráðamenn á Kúbu um bætt samskipti ríkjanna.

Í stefnuræðu sinni hvatti Obama þingið til þess að hefja strax á þessu ári undirbúning að því að afnema viðskiptabann á Kúbu, sem hefur verið í gildi í hálfa öld.

Hann sagði stefnubreytinguna gagnvart Kúbu verða til þess að Kúbustjórn hefði ekki lengur neinar „sýndarafsakanir fyrir höftum á Kúbu“, en um leið réttu Bandaríkin Kúbu vinarhönd og hvettu til þess að lýðræðisgildi yrðu í hávegum höfð.

Stefnuræðu sína notaði Obama annars einkum til þess að kynna þinginu eins konar óskalista sinn og taldi upp fjölmörg atriði sem ættu að bæta hag bandarískrar millistéttar. Hann hótaði því jafnframt að beita neitunarvaldi sínu ef þingið tæki upp á því að skerða einhver þeirra réttinda, sem hann hefði náð fram fyrir hönd millistéttarinnar.

Repúblikanar eru í meirihluta á þinginu, þannig að Obama gerir sér væntanlega litlar vonir um að þingið fari að vinna ötullega að því að hrinda í framkvæmd óskalistanum sem hann kynnti í ræðu sinni. **- gb**



**ÞRÍR FORSETAR** Joe Biden varaforseti stendur klappandi meðan þingdeildarforsetinn John Boehner hlustar sitjandi á Obama forseta flytja stefnuræðu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BAUJUR OG FLOTHOLT** Polyform AS er þekkt fyrir framleiðslu á netabaujum. MYND/ÍSFELL

Ísfell tekur við Polyform:

## Þakkar fólki hjá Promens

**VIÐSKIPTI** Ísfell í Hafnarfirði hefur tekið við sölu og dreifingu á vörum norska fyrirtækisins Polyform AS í Álasundi í Noregi.

Polyform er þekktast fyrir framleiðslu á netabaujum og fríholtum úr mjúku plasti, en Sæplast hf. á Dalvík (nú Promens) keypti fyrirtækið um aldamótin 2000.

„Nú þegar samstarfi fyrirtækjanna lýkur viljum við þakka starfsmönnum Sæplasts/Promens á Dalvík fyrir sérstaklega gott og árangursríkt samstarf á liðnum árum og óska þeim velgengni í framtíðinni,“ er í tilkynningu haft eftir Geir A. Gunnlaugssyni, stjórnarformanni Polyforms og öðrum eiganda fyrirtækisins. **- óká**

### ÁRÉTTING

Viðræður um fríverslun eru ekki hafnar milli Evrópusambandsins og Kína líkt og ranglega var haft eftir viðmælanda í Markaðnum í gær. Kínverjar hafa hins vegar sýnt því mikinn áhuga að hefja slíkar viðræður.

### LEIÐRÉTT

Rangt var farið með starfstitil Helgu Hlínar Hákonardóttur hdl. í aðsendri grein í Markaðnum í gær. Helga Hlín er meðeigandi hjá Strategíu ehf. og stjórnarmaður í atvinnulífinu.

# Nemum í byggingageiranum hefur fækkað um þriðjung

Meistara, sem farnir eru að eldast, vantar lærlinga í vinnu. Byrjað er að falast eftir útlendingum í störf á ný en ólíklegt að þeir snúi aftur frá Noregi, segir Guðmundur Hreinsson, skólastjóri Byggingatækniskólans.

**ATVINNA** Nemum í öllum greinum byggingageirans hefur fækkað um þriðjung frá árinu 2006. Þetta segir Guðmundur Hreinsson, skólastjóri Byggingatækniskólans. Meistara, sem margir eru farnir að eldast, vantar lærlinga í vinnu.

„Það fóru færri í handverksnám 2006 þótt það væri brjálað að gera á þessum tíma og fækkunin heldur áfram. Hún hófst nákvæmlega á þeim tíma þegar frjálst flæði vinnuafls milli landa byrjaði. Mitt mat er að það hljóti að vera samsvörun þarna á milli, það er að það hafi verið meiri tilhneiging til að ráða útlendinga í störf,“ tekur Guðmundur fram.

Hann kveðst vita til þess að byrjað sé að falast eftir útlendingum til vinnu í byggingageiranum nú þegar meira er orðið að gera. „Við vorum með frábæra útlenska handverksmenn hér á uppgangsárunum en þeir fóru til Noregs í kjölfar hrunsins. Þeir fara ekkert frekar að koma aftur hingað en íslensku handverksmennirnir sem fóru utan.“

Að sögn Guðmundar kom ábending frá yfirvöldum í kjölfar hrunsins um að veitt yrði sérstakt svigrúm í námi handverksnema. „Yfirleitt leyfðum við ekki nemum að fara á samning fyrr en þeir voru búnir með fyrstu grunnönnina hér en með auknu svigrúmi gátu þeir byrjað á samningi og komið svo til okkar. Þetta er enn óbreytt. Sumir ílengjast í vinnu og skila sér ekki aftur en nú er gríðarlegur fjöldi farinn að fara í gegnum raunfærnimat á vegum Iðunnar. Þetta er lýsandi fyrir ástandið sem verður þegar slitið er á milli skóla og vinnustaðanáms.“ Meiri tengsl milli skóla og atvinnulífs eru í burðarliðnum, að því er Guðmundur greinir frá. „Það eru tillögur nokkurra skóla að færa heildarnámið inn í skólana eins og gert er í Skandinavíu. Núna sjáum við bara um skólaþáttinn en ekki vinnustaðanámið. Stefnt er að því að vera með tilraunakennslu í öllum þáttum námsins næsta haust í til dæmis húsasmíði. Við vonumst til að námið verði þá markvissara og að þá verði mögulega hægt að stytta það.“

ibs@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**MEISTARINN OG LÆRLINGURINN** Sigurður Heimir Sigurðsson, formaður Múrarameistarafélags Reykjavíkur, ásamt lærlingnum Kristjáni Brynjarssyni. „Nú er mikið að gera sem betur fer og það vantar fleiri menn. Margir múrarameistarar eru farnir að nálgast sjötugt. Þetta er ekki vinna fyrir gamalmenni,“ segir Sigurður Heimir.



> Það fóru færri í handverksnám 2006 þótt það væri brjálað að gera á þessum tíma og fækkunin heldur áfram.
>
> *Guðmundur Hreinsson, skólastjóri Byggingatækniskólans*

### ➜ Gömlu karlarnir geta ekki hætt þegar lærlinga skortir

„Við erum farnir að eldast, alveg eins og læknarnir sem sögðu að ekki væri nóg endurnýjun í stéttinni. Þegar engir nýir byrja getum við gömlu karlarnir ekki hætt og slítum okkur út,“ segir Sigurður Heimir Sigurðsson, formaður Múrarameistarafélags Reykjavíkur. Hann segir aðeins fjóra sveina hafa útskrifast í múrverki í fyrra. Undanfarin ár hafi rúmlega 10 sveinar útskrifast á ári. Útskrifa þurfi 15 til 20 á ári til að endurnýjun verði í stéttinni en á þessari önn eru 22 við nám í múrverki á öllum stigum námsins.

„Nú er mikið að gera sem betur fer og það vantar fleiri menn. Margir múrarameistarar eru farnir að nálgast sjötugt. Þetta er ekki vinna fyrir gamalmenni. Ég er orðinn 65 ára og var að koma úr fjórðu axlaraðgerðinni. Þetta var mikill burður hér áður. Allt efni sem við vinnum með er þungt, eins og til dæmis steypan.“

Sem dæmi um hversu auðvelt er að fá vinnu í geiranum nú segir Sigurður að 28 ára gamall maður, sem langaði að byrja í faginu og komast á samning, hafi haft samband við hann. „Hálfri klukkustund eftir að ég sendi félögum mínum upplýsingar um hann var búið að ráða hann.“ **- ibs**

➜ Margir múrarameistarar eru farnir að nálgast sjötugt.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 13° | Friedrichshafen | 3° | New York | 3° |
| Aþena | 17° | Gautaborg | 1° | Orlando | 24° |
| Basel | 8° | Kaupmannahöfn | 1° | Ósló | -2° |
| Berlín | 0° | Las Palmas | 19° | París | 4° |
| Billund | 1° | London | 4° | San Francisco | 15° |
| Frankfurt | 2° | Mallorca | 13° | Stokkhólmur | -1° |




**Á MORGUN** 5-10 m/s, en 8-13 S-til.




**LAUGARDAGUR** Vaxandi SA-átt síðdegis.

**ÉLJAGANGUR** Suðvestanátt með éljum um sunnan og vestanvert landið næstu daga og kólnar heldur í veðri á ný. Lítur út fyrir fínt veður framan af laugardegi en síðdegis gengur í stífa suðaustanátt með úrkomu og hláku..



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# Gegn verkjum og hita
## - í tengslum við kvef og flensu




3í1

**Hitalækkandi** - virkar í allt að 8 klst.

**Verkjastillandi** - verkun hefst innan 30 mín.

**C-vítamín** (45 mg)

Therimin Honung&Citron 500 mg, mixtúruduft, lausn. Inniheldur parasetamól. Ábendingar: Er ætlað til skammtímameðferðar við verkjum og eða hita, t.d. vægum eða meðalmiklum verkjum og hita í tengslum við kvef og flensu, höfuðverk, vöðva- og liðverkjum, tannverk og tíðaverk. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir: Einn til tveir skammtapokar af dufti (500 til 1000 mg) leyst upp í heitu vatni á fjögurra til sex klst. fresti, eftir þörfum, allt að 4 sinnum á dag. Hámarksskammtur á sólarhring eru 6 skammtapokar á 24 klst. (3000 mg af parasetamóli á 24 klst.). Venjulega er nóg að nota einn skammtapoka í einum skammti. Heildarskammtur af parasetamóli má ekki fara yfir 60 mg/kg/sólarhring fyrir unglinga og fullorðna sem eru léttari en 50 kg. Börn: Skammtar eru háðir aldri og líkamsþyngd. Stakur skammtur getur verið frá 10 til 15 mg/kg líkamsþyngdar. Hámarksskammtur á sólarhring er 60 mg/kg/líkamsþyngdar. Börn yngri en 12 ára: Ekki er mælt með notkun lyfsins hjá börnum yngri en 12 ára. 12 til 15 ára unglingar sem vega frá 41 til 50 kg: Einn skammtapoki í hverjum skammti, á fjögurra til sex klst. fresti, eftir þörfum, allt að fjórum sinnum á sólarhring. Hámarksskammtur er 4 skammtapokar á 24 klst. (2000 mg af parasetamóli á 24 klst.). 16 til 18 ára unglingar sem eru þyngri en 50 kg: Sami skammtur og fyrir fullorðna. Stærri skammtar en mælt er með geta leitt til alvarlegar lifraskemmda. Ef verkur varir lengur en 5 daga eða hiti lengur en 3 daga, eða ef ástand versnar skal leita ráða hjá lækni. Skert lifrarstarfsemi: Hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi eða Gilberts heilkenni, verður að minnka skammta eða lengja tímabilið á milli skammta. Skert nýrnastarfsemi: Hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi á að minnka skammta. Gauklasíunarhraði 10-50 ml/mín, skammtur 500 mg á 6 klst. fresti. Gauklasíunarhraði < 10 ml/mín, skammtur 500 mg á 8 klst. fresti. Lyfjagjöf: Innihaldið úr 1-2 skammtapokum á að leysa upp í venjulegri drykkjarkönnu af heitu, en ekki sjóðandi, vatni (u.þ.b. 250 ml). Þegar 2 pokar eru notaðir má bæta við meira vatni eftir smekk. Drekka á vökvann þegar hann hefur kólnað, þannig að hitastigið sé mátulegt. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna. Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun: Gæta skal varúðar við gjöf parasetamóls hjá sjúklingum með miðlungsmikla eða verulega skerðingu á nýrnastarfsemi, væga til miðlungsmikla skerðingu á starfsemi lifrarfrumna (þ.m.t. Gilberts heilkenni), alvarlega skerðingu á lifrarstarfsemi (Child-Pugh >9), bráða lifrarbólgu, sem eru á samhliðameðferð með lyfjum sem hafa áhrif á lifrarstarfsemi, með glúkósa-6- fosfat dehýdrógenasa skort, blóðlýsublóðleysi, vökvaskort, sem misnota áfengi og eru með langvinna vannæringu. Ráðleggja skal sjúklingum að nota ekki samhliða önnur lyf, sem innihalda parasetamól, vegna hættu á alvarlegum lifrarskemmdum ef til ofskömmtunar kemur. Forðast skal áfenga drykki meðan á notkun lyfsins stendur, því notkun þess samhliða parasetamóli getur valdið lifrarskemmdum. Gæta skal varúðar þegar parasetamól er gefið sjúklingum sem eru háðir áfengi. Upplýsingar um hjálparefnin: Aspartam (E951), sem inniheldur fenýlalanín, sem getur verið skaðlegt fyrir sjúklinga með fenýlketónmigu. Natríum 38 mg í skammtapoka: Sjúklingar á natríumskertu matarræði þurfa að hafa þetta í huga. Súkrósi 5,3 g í skammtapoka: Sjúklingar með frúktósaóþol glúkósa-galaktósa vanfrásog eða eða súkrasa-ísómaltasaþurrð, sem eru sjaldgæfir argengir kvillar, skulu ekki taka lyfið. Einnig þarf að taka tillit til þess hjá sjúklingum með sykursýki. Allúra rautt AC (E129) 0,09 mg í skammtapoka: Er azo-litarefni sem getur valdið ofnæmisviðbrögðum. Sojalesitín (E322). Ef þú ert með ofnæmi fyrir jarðhnetum eða soja skaltu ekki nota þetta lyf. Meðganga: Engar aukaverkanir eru þekktar af notkun parasetamóls á meðgöngu eða heilsu fósturs/nýbura. Við notkun undir venjulegum kringumstæðum má gefa parasetamól á öllum stigum meðgöngu, eftir að hlutfall milli ávinnings og áhættu hefur verið metið. Á meðgöngu á ekki að taka parasetamól í langan tíma, í stórum skömmtum eða samhliða öðrum lyfjum þar sem ekki hefur verið sýnt fram á öryggi notkunar í slíkum tilfellum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Yfir hvaða fjörð var sæstrengur lagður sem nú hefur verið slitinn?
**2.** Hver er samanlögð árleg velta þriggja stærstu aðila á matvörumarkaði?
**3.** Hvaða íslenska leikkona fór í prufu fyrir nýjustu mynd Luc Besson?

**SVÖR:**
**1.** Arnarfjörð. **2.** 118 milljarðar króna. **3.** María Birta Bjarnadóttir.

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða segir lágmarkskröfu að Ísafjarðarbær tryggi öruggt frárennsli:

# Bærinn borgi kostnað vegna leka á spítala

**ÍSAFJÖRÐUR** „Það er ósk stofnunarinnar og reyndar lágmarkskrafa að Ísafjarðarbær sjái til þess að frárennsli bæjarins sé undir það búið að taka við asahláku, hárri sjávarstöðu eða úrhellisrigningu,“ segir Þröstur Óskarsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, í bréfi til bæjarráðs.

Með bréfi Þrastar fylgir reikningur upp á 280.754 krónur sem Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerði sjúkrahúsinu vegna aðstoðar þegar leki kom að kjallara spítalans milli jóla og nýárs.

„Er hann endursendur hér með,“ segir Þröstur um reikninginn sem hann telur bæinn eiga að bera kostnað af. Vatn komist ekki frá húsinu þrátt fyrir ræsi utanhúss og eigi því greiða leið inn í bygginguna. Þröstur segir ríkið hafa lagt í umfangsmiklar endurbætur á byggingu heilbrigðisstofnunarinnar fyrir fáum árum, helst vegna þess að jarðhæðin hafi legið undir skemmdum vegna flóða utan frá og upp úr ræsum. Menn hafi talið að búið væri að koma í veg fyrir slíkan vanda.

„Umsjónarmenn og eigendur fasteigna geta ekki búið við þetta ástand óbreytt því það kallar á gríðarlega vinnu, kostnað og hættu á að eignir verði fyrir stórtjóni,“ segir Þröstur í bréfi sínu.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri segir málið í skoðun. **- gar**



**ENDURBÆTUR Í GÓÐRI TRÚ** Gert var við hús Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða í þeirri trú að frárennsli væri komið í lag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**ODDVITI** Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir er oddviti Framsóknar og flugvallarvina í Reykjavík.

Framsókn berst fyrir jafnrétti:

## Segjast virða trúfrelsi fólks

**STJÓRNMÁL** „Að gefnu tilefni skal áréttað: Framsókn og flugvallarvinir virða trúfrelsi og eru ekki og hafa aldrei verið andstæðingar minnihlutahópa í landinu,“ segir í tilkynningu frá borgarstjórnarflokki Framsóknar og flugvallarvina. Jafnframt segir í tilkynningunni að vinna flokksins í borgarstjórn hafi helgast af baráttu fyrir bættum hag borgarbúa, skilvirkari þjónustu og jafnrétti allra hópa og því verði haldið áfram. **- ih**

Nýr áfangi við losun hafta:

## Breytt skipan starfshóps

**EFNAHAGSMÁL** Fjármálaráðuneytið hefur bætt við þremur sérfræðingum í starfshóp um afnám fjármagnshafta. Sérfræðingarnir þrír eru Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri MP banka, Ingibjörg Guðbjartsdóttir og Jón Þ. Sigurgeirsson en þau tvö síðastnefndu koma bæði frá Seðlabanka Íslands.

Fyrir í hópnum voru Benedikt Gíslason frá fjármálaráðuneytinu, Eiríkur S. Svavarsson hæstaréttarlögmaður og Glenn Kim, sem er formaður hópsins. **- ih**

# Neyðarlínan lagði sæstreng þvert yfir þekkt rækjumið

Stýrimaður á rækjuveiðiskipi segir sæstreng Neyðarlínunnar í Arnafirði vera „umhverfishryðjuverk“. Hann segir þá sem kærðir voru fyrir að slíta strenginn vísvitandi neita því enda myndi enginn viljandi fara í ellefu þúsund volta rafstreng. Einn hinna kærðu skipstjóra sakar forstjóra Neyðarlínunnar um meiðyrði.

**LÖGREGLUMÁL** „Fyrir okkur sjómenn er bara eitt orð að segja um þessar aðgerðir og það er umhverfishryðjuverk,“ segir Sigurður Þórðarson rækjusjómaður um sæstrengsmálið í Arnafirði. Neyðarlínan lagði í fyrrasumar sæstreng yfir Arnarfjörð til að flytja rafmagn fyrir fjarskiptabúnað á Laugabólsfjalli. Orkubú Vestfjarða tók við rekstri strengsins sem slitnaði síðan í fyrrahaust. Neyðarlínan og Orkubúið kærðu þrjá rækjuskipstjóra til lögreglu vegna málsins. Strengurinn kostaði 17 milljónir og er sagður ónýtur.

Sigurður er stýrimaður á einum þeirra báta sem talið er að hafi togað yfir sæstrenginn en er þó ekki einn þeirra sem voru kærðir.

„Þeir fara með kapal yfir þar sem eru gjöfulustu rækjumiðin í Arnafirði og gera það þrátt fyrir að öllum aðilum sé áður margbent á það. Hefði ekki verið einfalt að tala við þessa menn sem hafa hagsmuna að gæta og leyfa þeim að koma fram sínum sjónarmiðum eins og íslensk stjórnsýsla á að snúast um?“ spyr Sigurður. Sigurður segir þá þrjá sem kærðir voru neita því að hafa slitið strenginn viljandi. „Hver myndi fara í ellefu þúsund volta streng vísvitandi? Sjálfsagt hefur hann flækst í veiðarfærum án þess að ég geti fullyrt það,“ segir hann.

Sæstrengur Neyðarlínunnar var sá sjötti sem lagður var yfir fjörðinn. Sigurður segir hina fimm vera niðurgrafna og mun utar. „Þeir eru ekkert að trufla okkur og við vildum að þeir færu með strenginn þá leið. Það er örugglega mun hagkvæmara en að eyðileggja rækjumiðin.“

Jón Páll Jakobsson, einn skipstjóranna þriggja sem kærðir voru vegna sæstrengsins, segir ummæli Þórhalls Ólafssonar, framkvæmdastjóra Neyðarlínunnar, meiðandi. Fréttablaðið greindi frá því í gær að Þórhallur og Kristján Haraldsson orkubússtjóri teldu skipstjórana hafa tekið lögin í sínar hendur og vísvitandi slitið strenginn.

„Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar fer með rangt mál, að við rækjusjómenn höfum vísvitandi slitið þennan rafstreng. Að halda slíku fram er fráleitt og jaðrar við meiðyrði. Ég held að menn eins og hann ættu að fara varlega í slíkar yfirlýsingar. Mér vitandi togaði enginn bátur yfir þennan blessaða streng. Þó að bátur sigli yfir sæstreng þá er það ekki nóg – veiðarfæri hlýtur að þurfa að vera í botni,“ segir Jón Páll.

Lögreglunni á Vestfjörðum barst kæra vegna skemmdanna í nóvember. Fulltrúi lögreglustjóra segir málið talsvert flókið vegna tæknilegra gagna sem þurfi að yfirfara.

Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, segist hafa skrifað bæði Neyðarlínunni og Orkubúinu bréf í fyrrasumar um að strengurinn væri lagður í óleyfi. Sjálfur var Gísli formaður umhverfisnefndar bæjarins sem samþykkti erindi um strenginn og framkvæmdir Neyðarlínunnar. Neyðarlínan vísar meðal annars í þessa samþykkt en Gísli segir hana ekki hafa tekið til sæstrengsins því lagnir í sjó heyri ekki undir sveitarfélög. „Mistökin sem nefndin gerði var að átta sig ekki á eðli sæstrengsins og benda á að hann stangast á við nýtingaráætlun Arnarfjarðar,“ segir bæjarstjóri Ísafjarðar. **gar@frettabladid.is**



**RÆKJUVEIÐAR Í ARNARFIRÐI** Deilt er um heimild fyrir sæstreng í firðinum og lögregla rannsakar meint skemmdarverk á honum. MYND/JÓN PÁLL JAKOBSSON



**Þó að bátur sigli yfir sæstreng þá er það ekki nóg – veiðarfæri hlýtur að þurfa að vera í botni.**

*Jón Páll Jakobsson, skipstjóri.*





**Mikið úrval af dúkum, dúkarenningum, servéttum og kertum fyrir þorrablótið**

Allt úrvalið er að sjá á vefverslun okkar
https://vefverslun.olgerdin.is
Sími: 412-8000

ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON


Sjálfstæðisflokkur með tillögu vegna vímuefnavanda grunnskólanemenda:

# Úrræði fyrir nemendur í vanda

**SKÓLAMÁL** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði lögðu fram tillögu á fundi ráðsins í gær um sérúrræði vegna vímuefnavanda grunnskólanemenda.

„Við vitum að þetta er vandi víða í grunnskólum. Það vantar úrræði fyrir þessa nemendur sem eru komnir í vímuefnavanda. Skólastjórnendur veigra sér við að vísa þeim úr skólanum þar sem þeir vita að það tekur ekkert annað við en gatan. Þannig skapa þessir nemendur vandamál innan skólans,“ segir Kjartan Magnússon borgarfulltrúi. Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um ástand í Hagaskóla þar sem nemendur hafa orðið fyrir ofbeldi og ógnunum frá einstaklingum. Kjartan segir þetta eiga sér stað í fleiri grunnskólum og finna þurfi úrræði.

Sjálfstæðismenn vilja að ráðið verði upplýst nánar um þennan vanda. Í fyrirspurninni segir: „Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir því að skóla- og frístundaráð Reykjavíkur verði upplýst um alvarlegan og stigmagnandi vanda, sem við er að etja í ákveðnum skólum borgarinnar vegna ógnana, hótana og ofbeldis, sem nemendur þar verða fyrir af hálfu einstaklinga og jafnvel heilla hópa, sem eiga við vímuefnavanda að stríða.“

Tillagan felur í sér að komið verði á sérúrræði til að mæta þörfum nemenda, sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Nemendum verði boðin dagleg kennsla og ráðgjöf.

Verkefnið verði mótað í samstarfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Brúarskóla, frístundamiðstöðva og þjónustumiðstöðva. Þá verði jafnframt óskað eftir samstarfi við SÁÁ um verkefnið. Gert er ráð fyrir að úrræðið geti varað í allt að átta vikur fyrir hvern nemanda. Verði ekki bati eftir það þá taki við meðferðarúrræði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. **- vh**



**VILJA SÉRÚRRÆÐI** Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks vilja úrræði fyrir nemendur í vanda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BOSS
HUGO BOSS

# ILMDAGAR Í HAGKAUP







**20% AFSLÁTTUR** AF ÖLLUM HUGO BOSS VÖRUM DAGANA 22.-28. JANÚAR.

Finndu þinn Hugo Boss ilm og fáðu veglegan kaupauka frítt með*

*á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**MARGIR UTAN TRÚFÉLAGA** Alls eru 45 skráð trúfélög á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Veraldlegum lífsskoðunarfélögum gæti fjölgað:

# Aukinn áhugi fyrir lífsskoðunarfélögum

**SAMFÉLAG** Áhugi á því að stofna lífsskoðunarfélög hefur aukist, þó einungis eitt félag, Siðmennt, sé skráð sem slíkt hjá Hagstofunni.

Halldór Þormar Halldórsson, sem annast skráningu þessara félaga á starfsstöð sýslumanns Norðurlands eystra á Siglufirði, segir að tvö formleg erindi séu í vinnslu hjá embættinu. Áhugi almennings á stofnun slíkra félaga er þó mikill og fyrirspurnum um umsóknarferli og viðmið hafi fjölgað mjög hjá embættinu.

Lögum um trúar- og lífsskoðunarfélög var breytt árið 2013 og ákvæðum um viðurkenningu á lífsskoðunarfélögum bætt við.

Til þess að verða skráð lífsskoðunarfélag þarf félagið að byggja á veraldlegum lífsskoðunum, miða starfsemi sína við ákveðin siðferðisgildi og mannrækt auk þess sem félagið þarf að hafa náð fótfestu og meðlimir þess að vera fleiri en 25 lögráða einstaklingar.



**HALLDÓR Þ. HALLDÓRSSON**

Erindi væntanlegra lífsskoðunarfélaga fara fyrir sérstaka nefnd sem innanríkisráðherra skipar úr nokkrum deildum Háskóla Íslands. Hljóti félag skráningu er því skylt að sjá um tilteknar athafnir eins og útfarir, giftingar, skírnir og fermingar.

Samfara þessari þróun hefur þeim sem skrá sig utan trúfélaga fjölgað mikið milli ára, voru 10.336 árið 2010 en 17.218 árið 2014. Hópurinn sem gefur sig upp sem ótilgreindan eða í öðru trúfélagi en þeim sem eru á skrá Hagstofunnar hefur hins vegar verið nokkuð stór lengi, í honum voru 19.647 árið 2010 en 20.959 árið 2014.

Þannig standa í dag um 40 þúsund Íslendingar utan trú- eða lífsskoðunarfélaga eða þá að það sem þeir aðhyllast hefur ekki hlotið skráningu. Þá hefur trúfélögum fjölgað mikið frá árinu 2010 þegar 27 slík félög voru á skrá en í dag eru þau 45.

- hkh

# Ekkert virðist stöðva sigurgöngu SYRIZA

Vinstri flokknum SYRIZA er spáð stórsigri í grísku þingkosningunum á sunnudag. SYRIZA hefur staðið hart á móti aðhaldsaðgerðum, en leiðtogi flokksins dró eitthvað í land í gær og lofar að standa við skuldbindingar gagnvart evrusvæðinu.

**GRIKKLAND** Alexis Tsipras, leiðtogi vinstriflokksins SYRIZA, segir að flokkurinn muni bæði virða reglur evrusvæðisins í ríkisfjármálum og standa við markmið um lækkun ríkisskulda.

„Stjórn SYRIZA mun virða skuldbindingar Grikklands, sem aðildarríkis evrusvæðisins, um að halda jafnvægi í ríkisfjármálum, og mun standa við skuldalækkunarmarkmið,“ sagði Tsipras í grein sem birtist í Financial Times í gær.

Tsipras hefur talað hart gegn aðhaldsaðgerðum núverandi stjórnvalda í Grikklandi, sem staðið hafa í ströngu við að minnka skuldasúpu ríkissjóðs síðustu misserin.

Bæði Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn komu Grikkjum til bjargar með stórfelldum lánum, en kröfðust þess í staðinn að Grikkir ynnu hörðum höndum að því að koma lagi á efnahagsmál sín.

SYRIZA er spáð stórsigri í þingkosningum um helgina, og er velgengni flokksins ekki síst talin skýrast af andstöðu hans við aðhaldsaðgerðirnar, sem bitnað hafa hart á almenningi í landinu.

Eitt helsta kosningaloforð SYRIZA hefur snúist um að ná fram stórfelldri skuldaniðurfellingu fyrir hönd gríska ríkisins.

Tsipras segist hreint ekki hafa horfið frá þessu loforði, þvert á móti sé hann bjartsýnn á að vel muni ganga að semja um skuldaniðurfellingar.




**KOSNINGAR Í NÁND** Kosningaveggspjald, með mynd af Alexis Tsipras, fest upp á staur í Aþenu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Okkur ber skylda til þess að ganga til samninga með opinskáum og heiðarlegum hætti sem jafningjar félaga okkar í Evrópusambandinu,“ skrifar hann. „Það er ekki nokkur ástæða til þess að báðar fylkingar fari að sveifla vopnum.“

Skuldir Grikklands nema nú 175 prósentum af þjóðarframleiðslunni, en stefnt hefur verið að því að ná þeim niður fyrir 130 prósent fyrir lok þessa áratugar.

Andtonis Samaras, leiðtogi hægriflokksins Nýs lýðræðis, hefur verið forsætisráðherra undanfarin þrjú ár.

Nýju lýðræði er spáð 30 prósentum atkvæða í kosningunum á sunnudag, en SYRIZA getur reiknað með að fá 35 prósent, standist skoðanakannanir. Öðrum flokkum er spáð vel innan við tíu prósentum atkvæða hverjum, og þar á meðal er nýnasistaflokkurinn Gullin dögun sem gæti reiknað með að fá rétt rúmlega fimm prósent.

gudsteinn@frettabladid.is

www.volkswagen.is

Vinsælasti atvinnubíll á Íslandi síðastliðin ár!









Caddy með nýju sniði

Caddy City er enn einfaldari og hagkvæmari útfærsla af Volkswagen Caddy, sniðin að þörfum þeirra sem vilja traustan vinnufélaga til að létta sér lífið við dagleg störf. City er viðbót í sendibílalínu Volkswagen Caddy.

Það er engin tilviljun að Volkswagen Caddy hefur árum saman verið mest seldi atvinnubíllinn á Íslandi. Með tilkomu City er enn auðveldara að bætast í hóp hæstánægðra Volkswagen-eigenda.

Caddy City kostar aðeins frá
2.630.000 kr.
(2.120.968 kr. án vsk)

Atvinnubílar

Söluaðilar: HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

markhönnun ehf

# nettó
Kræsingar & kostakjör

# heilsu & lífsstílsdagar

Blaðið í heild sinni er aðgengilegt á netto.is

**GUNNAR MÁR** veitir ráðgjöf og kynnir **HABS** (hættu að borða sykur) átakið í **NETTÓ MJÓDD** fimmtudaginn **22. JANÚAR FRÁ KL. 16 - 18.**

Lærðu að búa til og elska græna heilsudrykki

Skráðu þig strax á netto.is/graenaskorun




## GRÆN ÁSKORUN HILDAR & nettó




Hildur Halldórs gefur smakk, veitir ráðgjöf og kynnir bók sína Heilsudrykki Hildar í Nettó Mjódd fimmtudaginn 22. janúar frá kl. 18 – 20.




**Tilboðin gilda 15. janúar –01. febrúar 2015**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**KULDAR Í BRETLANDI** Hjartardýr þrauka kuldana í norðanverðu Bretlandi rétt hjá Raby kastalanum í Durham-sýslu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÓLGA Í JEMEN** Uppreisnarmenn af Houthi-ættbálknum í Jemen standa vörð fyrir utan forsetahöllina í höfuðborginni Sanaa eftir að hafa tekið völd í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# ÁSTAND HEIMSINS



**AL GORE Í SVISS** Fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna fjallar um hlýnun jarðar á efnahagsráðstefnunni í Davos. NORDICPHOTOS/AFP


## Rafrænt eftirlit - Hvað má og hvað ekki?

*Persónuvernd í samvinnu við Mannréttindastofnun Háskóla Íslands efnir til málþings á evrópska persónuverndardaginn, miðvikudaginn 28. janúar 2015*

Dagskrá:

Kl. 13:30 **Rafrænt eftirlit og friðhelgi einkalífs – hvar liggja mörkin?**
Alma Tryggvadóttir, lögfræðingur hjá Persónuvernd

Kl. 13:45 **Umkvörtunarefni starfsmanna sem sæta rafrænni vöktun í störfum sínum**
Bryndís Guðnadóttir, sérfræðingur á kjaramálasviði VR

Kl. 14:00 **Rafræn vöktun með augum verslunarinnar**
Lárus M.K. Ólafsson, lögfræðingur hjá Samtökum verslunar og þjónustu

Kl. 14:15 **Nýir skilmálar Facebook - persónuverndarsjónarmið**
Ævar Einarsson, liðsstjóri UT-ráðgjafar hjá Deloitte

Kl. 14:30 Fyrirspurnir og umræður

Kl. 15:00 Kaffihlé

Kl. 15:15 **Myndavélaeftirlit lögreglu á almannafæri – hver er ávinningurinn með eftirlitinu og hvers má vænta í þágu almennings?**
Hjálmar Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn Ríkislögreglustjóra

Kl. 15:30 **Reynsla og framkvæmd sveitarfélags af rafrænu eftirliti**
Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri Seltjarnarnesbæjar

Kl. 15:45 **„Drónar“ – tækifæri og ógnir**
Richard Yeo, hópstjóri fjarkönnunar hjá Veðurstofu Íslands

Kl. 16:00 Fyrirspurnir og umræður



Málþingið verður haldið í sal Þjóðminjasafns Íslands, Suðurgötu 41, 101 Reykjavík og er opið öllum.
Fundarstjóri verður Björg Thorarensen, formaður stjórnar Persónuverndar og prófessor við Lagadeild Háskóla Íslands.

Persónuvernd

MANNRÉTTINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS




**ÓEIRÐIR Í TYRKLANDI** Tyrkneska lögreglan í átökum við fólk, sem safnaðist saman fyrir utan dómhús í borginni Kayseri eftir að tveir tyrkneskir lögreglumenn höfðu verið dæmdir til að minnsta kosti tíu ára fangelsis. Hinir dæmdu höfðu orðið mótmælanda að bana árið 2013.



**ÚTFÖR Í ÚKRAÍNU** Kona krýpur á kné fyrir framan úkraínska hermenn í Kænugarði við útför sjálfboðaliða sem lést í baráttu við aðskilnaðarsinna í austurhluta landsins.

OPIÐ ALLA DAGA

# DORMA

# ÚTSALAN

# Í FULLUM GANGI

## NATURES COMFORT – heilsurúm



Nature's Bedding

Stærð: 120x200 cm / 140x200
160x200 cm / 180x200 cm.
Dýna, botn og lappir.

Comfort 120x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ **77.935**
VERÐ ÁÐUR ~~119.900~~

Comfort 140x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ **90.285**
VERÐ ÁÐUR ~~138.900~~

Comfort 160x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ **97.435**
VERÐ ÁÐUR ~~149.900~~

AFSLÁTTUR **35%** AF NATURES COMFORT

## STILLANLEG C&J RÚM
## með Shape þrýstijöfununar heilsudýnum

Charlotte & Julien – Dream your world™

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



Stillanlegt C&J m/Shape 2x90x200 cm
ÚTSÖLUVERÐ **354.768**
VERÐ ÁÐUR ~~466.800~~

Fáanleg í stærðunum:
2x80x200 cm.
2x90xx200 cm.
2x90x210 cm.
2x100x200 cm.
120x200 cm.
140x200 cm.

AFSLÁTTUR **24%** AF STILLANLEGUM C&J

## JACKPOT fjölskyldusófinn



JACKPOT SÓFI
ÚTSÖLUVERÐ **139.900**
VERÐ ÁÐUR ~~189.900~~

Stærð: 276x203 H: 82 cm.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.

## RUBEN svefnsófi m/tungu



RUBEN SVEFNSÓFI
ÚTSÖLUVERÐ **109.900**
VERÐ ÁÐUR ~~139.900~~

Slitsterkt grátt áklæði.
Stærð: 240 x 160 x 90 cm H: 85 cm.
Rúmfatageymsla í tungu.
Svefnsvæði: 140x195 cm.

## FLORIDA tungsófi



FLORIDA TUNGUSÓFI
ÚTSÖLUVERÐ **139.900**
VERÐ ÁÐUR ~~179.900~~

Stærð: 250 x 200 x 90 cm
H: 70 cm. Slitsterkt dökk- og ljósgrátt áklæði.



EASY hægindastóll
ÚTSÖLUVERÐ **54.900**
VERÐ ÁÐUR ~~89.900~~

EASY
hægindastóll
með skemli



AFSLÁTTUR **20-50%** AF ÖLLUM VÖRUM

DORMA
– býður góða nótt

QOD DÚNSÆNG

QUILTS OF DENMARK®



QOD dúnsæng
ÚTSÖLUVERÐ **14.900**
VERÐ ÁÐUR ~~19.900~~

60%, 600 gr. Stærð: 135x200 cm.

DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800 Opið: Virka daga 10[00]-18[00], laugardaga 11[00]-16[00] og sunnudaga 13[00]-16[00]
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 og Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100

# Róttækar breytingar gerðar hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins

**Alda Hrönn Jóhannsdóttir er nýr aðstoðarlögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins og hægri hönd nýskipaðs lögreglustjóra. Verkefni hennar verður að hafa yfirumsjón með innleiðingu á nýju verklagi vegna heimilisofbeldis, mansals og útlendingamála en ekki síður að innleiða nýja hugsun í störf lögreglunnar. Hún segir mikilvægt að bæta þekkingu innan lögreglunnar og læra af reynslu annarra þjóða í mikilvægum málaflokkum.**

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjanabjorg@frettabladid.is
**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is



Alda Hrönn Jóhannsdóttir er nýr aðstoðarlögreglustjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hún hefur fengið mikið lof fyrir störf sín hjá lögregluembætti Suðurnesja þar sem vel tókst til í rannsókn mansalsmála og framkvæmd nýs verklags vegna heimilisofbeldis.

Það hafa orðið miklar og róttækar breytingar á yfirstjórn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH). Alda er og hefur verið náinn samstarfsmaður Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur, nýskipaðs lögreglustjóra og fyrstu konunnar til að gegna embætti lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu.

Töluverð umræða hefur verið um lítinn hlut kvenna í æðstu stöðum innan lögreglunnar og Alda segir að tíma taki að breyta menningu lögreglunnar.

„Að breyta menningu tekur tíma. lögreglan er íhaldssöm, með gamalgróið kerfi og skipulag. Við erum til dæmis á mörgum stöðum í borginni, starfsemin er svo dreifð, en ég tel að við gætum náð betri árangri með því að þjappa henni betur saman," segir Alda frá og nefnir að húsnæðið á Hverfisgötu sé úr sér gengið og henti illa starfseminni. Hún segir að reynt hafi verið að gera það besta úr fyrirkomulaginu.

„Eins og þetta var þá voru allir stjórnendur á fimmtu hæðinni. Almennt fór starfsfólk ekkert inn á þann gang nema það ætti þangað erindi. Það breyttist þegar Sigríður kom. Nú er yfirstjórnin dreifðari um húsið og stjórnendur nær starfseminni."

Alda þekkir vel til löggæslumála, en hún hefur starfað innan lögreglunnar frá árinu 1999 og hefur víðtæka reynslu sem hún nýtir í starfi sínu sem stjórnandi. Löggæslustörf áttu hug hennar frá því að hún byrjaði sem afleysingamaður í lögreglunni í Hafnarfirði meðan hún var enn í laganámi við Háskóla Íslands. „Ég byrjaði fyrst sem afleysingamaður í lögreglunni 1999, þá var ég þriðja árs nemi í lögfræði og leysti af á lögreglustöðinni í Hafnarfirði í tvö sumur. Ég útskrifaðist í febrúar en byrjaði að vinna mánuði áður og þá í lögreglumálum hjá Sýslumanninum í Hafnarfirði. Þá voru þetta aðskilin embætti. Að vera lögreglumaður fannst mér vera eitt skemmtilegasta starf sem ég hef unnið, það höfðaði strax sterkt til mín. Refsirétturinn og réttarfarið fannst mér spennandi og ég valdi lögreglustörfin fram yfir lögmannsstörfin."

### Ekki í fílabeinsturni

Alda hefur undanfarin ár verið yfirlögfræðingur hjá lögreglunni á Suðurnesjum og þá var hún saksóknari efnahagsbrota um eins árs skeið. Alda, sem lauk lögfræðiprófi frá HÍ 2001, vann líka hjá LRH um tíma og þekkir því nokkuð til embættisins.

„Við sameininguna árið 2007 fluttist ég hingað. Í lok árs 2007 byrjaði ég á Suðurnesjum og var þar alveg þangað til ég kom hingað aftur að undanskildu einu ári þegar ég var saksóknari efnahagsbrota. Það kemur sér vel fyrir mig núna að hafa sinnt mörgum störfum innan lögreglu. Ég hef starfað sem lögreglumaður, unnið að rannsóknum og gengið í mörg ólík störf innan lögreglunnar. Það hjálpar mér mjög í því starfi sem ég nú gegni," segir Alda ákveðin en með bros á vör.

Að stuðla að liðsheild er eftirsóttur eiginleiki lögreglumanna. „Það hefur alltaf skipt mig máli og komið sér vel, að geta unnið með fólki. Ég er mjög hlynnt stjórnunarstíl Sigríðar Bjarkar sem er í anda þjónandi forystu þar sem allir sameinast um markmið og vinna sameiginlega að bættum hag í þágu borgaranna. Hugmyndafræðin sem við höfum unnið að á Suðurnesjum síðustu ár er í þeim anda. Það hefur margt breyst á þeim 15 árum sem ég hef starfað í lögreglunni og stærstu breytingarnar fela í sér breytingar á stjórnunarháttum til góðs. Mér líkar þessi hugmyndafræði, að byrja í rótinni, finna rót vandans og vinna að henni í staðinn fyrir að vera alltaf að vinna úr afleiðingum. Við sem erum stjórnendur megum ekki vera í einhverjum fílabeinsturni. Við erum líka borgarbúar. Þetta er bara vinnan okkar."



**VILL BÆTA SAMFÉLAGIÐ** Alda Hrönn valdi lögreglustörfin fram yfir lögmannsstörfin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Við sem erum stjórnendur megum ekki vera í einhverjum fílabeinsturni. Við erum líka borgarbúar. Þetta er bara vinnan okkar.**

> **Við spurðum okkur að því hvort fólk myndi hætta að tilkynna um ofbeldi ef við færum að auka afskipti okkar.**

> **Þá fékk ég viðbrögð frá þolendum. Þeirra viðbrögð voru okkur mikil hvatning því sumir sögðu: Loksins. Loksins gerir einhver eitthvað.**

### Mikil reynsla af mansalsmálum

Á meðal verkefna Öldu hjá LRH verður að hafa yfirumsjón með innleiðingu á nýju verklagi vegna heimilisofbeldismála, mansals og útlendingamála. Reynsla hennar frá Suðurnesjum af rannsóknum á mansali er allnokkur.

„Sigríður sendi mig strax á ráðstefnu um mansal eftir að hún tók við starfi sínu á Suðurnesjum. Ég var nýkomin heim þaðan þegar mansalsmálið byrjaði árið 2009 og sú þekking nýttist vel við rannsókn málsins. Það voru allir stjórnendur komnir í sama bátinn. Þess vegna gekk vel. Strákarnir sem unnu þetta með okkur unnu eftir sömu hugmyndafræði og eiga jafn mikið í árangrinum sem varð af starfinu þar og við," segir hún og segir alla hafa fagnað nýjum vinnubrögðum.

Alda segir sér hafa verið vel tekið og að eðlilega hafi fólk væntingar til nýrra stjórnenda. Lögð hefur verið áhersla á að læra af reynslu nágrannaþjóða. „Okkur hefur verið mjög vel tekið. Við sem störfum innan lögreglu erum lítið samfélag og við þekkjumst töluvert mikið. Margir þekkja okkur sem betur fer af góðu. Það eru ekki allir alltaf sammála en almennt hefur okkur verið tekið vel. Auðvitað hefur fólk væntingar til okkar. Það vill að við innleiðum þessa hugmyndafræði sem okkur tókst vel með á Suðurnesjum. Þetta eru engin geimvísindi, það eru allar nágrannaþjóðir að taka upp þessi vinnubrögð," segir hún og nefnir að stjórnendur hjá lögreglunni hafi töluvert nýtt sér reynslu erlendra lögreglumanna. Þá sérstaklega breskra og norrænna kollega. „Við höfum kynnt okkur töluvert bresku hugmyndafræðina í heimilisofbeldi og yfirheyrslutækni. Þeir hafa verið mjög framarlega í þessum efnum og fengnir voru til landsins breskir sérfræðingar síðastliðinn vetur sem kenndu rannsóknarlögreglumönnum betri yfirheyrslutækni, sérstaklega í kynferðisafbrotum gegn börnum. Þeir kenndu ekki bara rannsókurum, heldur líka ákæruvaldinu og lögfræðingum sem vinna í þeim deildum sem rannsaka kynferðisbrot. Bretar eru að fá mál af annarri stærðargráðu en við og fjöldinn er miklu meiri. Þeir eru miklir sérfræðingar og hafa lent í því sem við erum að lenda í. Við viljum bæta þekkingu og læra af reynslu annarra þjóða."

### Vilja bæta samfélagið

Árangur vegna átaks gegn heimilisofbeldi hefur vakið mikla athygli erlendis. Hún segir að nú hafi tekið gildi nýjar verklagsreglur um slík mál í öllum lögregluembættum í landinu. „Við förum til Madrid að kynna tilraunaverkefnið á Suðurnesjum að beiðni velferðarráðuneytisins á Spáni og á fleiri staði. Þetta er tiltölulega einfalt verkefni sem er byggt á starfsaðferðum sem við höfum fyrir og byggjum á. Það eru engar nýjar lagabreytingar, við erum bara að gera það sem við getum til að bæta samfélagið. Það er ekkert annað sem vakir fyrir okkur.

Á grundvelli verklagsins sem byrjaði á Suðurnesjum voru settar nýjar verklagsreglur hjá ríkislögreglustjóra sem eiga við öll lögregluembætti í landinu. Þær tóku gildi 2. desember. "

Alda nefnir að frá árinu 2005 hafi tekið gildi verklagsreglur um heimilisofbeldi en lögreglan hafi ekki unnið eftir þeim að öllu leyti. Nú sé það breytt. Viðhorfsbreyting hafi orðið í samfélaginu vegna heimilisofbeldis. Feluleikurinn er á enda. „Það voru settar verklagsreglur árið 2005 en við vorum ekki að vinna að öllu leyti eftir þeim. Ég held að það sé ekki ein skýring á því. Ég held að þær séu margar. Viðhorf lögreglunnar og samfélagsins var stundum að þetta væru einkamálefni fólks. Það varð líka viðhorfsbreyting í samfélaginu. Þetta hefur allt haft einhver ruðningsáhrif og það er ekki þessi feluleikur í dag. Það er meiri meðvitund um heimilisofbeldi."

### Loksins gerir einhver eitthvað

Minni ásókn í Kvennaathvarfið og aukin nýting á úrræðinu Karlar til ábyrgðar eru meðal þess sem Alda telur upp sem góðan árangur. Í upphafi var rætt um hvort aukin afskipti lögreglunnar myndu hafa fælingaráhrif á þolendur. Það hefur ekki orðið raunin og þolendur þökkuðu lögreglu fyrir að gera loksins eitthvað sem breytti gangi mála.

„Karlar til ábyrgðar var til dæmis of lítið nýtt úrræði en það varð töluverð mikil aukning í því eftir að átakið á Suðurnesjum hófst. Bæði vegna tilvísana frá barnaverndarnefnd þar sem börn voru og svo komu karlar líka sjálfir. Við höfum líka fengið upplýsingar frá Kvennaathvarfinu um að það sé mun minni ásókn kvenna í Kvennaathvarfið vegna þess að það var meira verið að beita úrræðum. Þetta er að virka. Þegar við byrjuðum á þessu verklagi árið 2013, þá held ég að ekkert okkar sem unnum að þessu höfum gert okkur grein fyrir því að þetta hefði svona mikil áhrif. Við vissum ekki alveg hvers við ættum að vænta. Við spurðum okkur að því hvort fólk myndi hætta að tilkynna um ofbeldi ef við færum að auka afskipti okkar. Af því við viljum ekki að verklagið hafi fælingaráhrif. En það varð ekki raunin. Það var töluverð aukning á milli ára. Tilkynningum fjölgaði úr 41 máli 2012 í 56 mál árið 2013. Þannig að það hafði öfug áhrif. Á Suðurnesjum er nálægðin meiri og ég kom að mörgum þáttum verklagsins. Kom bæði að rannsóknum málanna og sótti þau. Þá fékk ég viðbrögð frá þolendum. Þeirra viðbrögð voru okkur mikil hvatning því sumir sögðu: Loksins. Loksins gerir einhver eitthvað."

LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju




Nicorette lyfjatyggigúmmí
Allar pakkningastærðir, 2 og 4 mg
20% afsláttur
Gildir til 31. janúar 2015


RISA-
ÚTSALA
ELLINGSEN
20-70% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
DIDRIKSONS 25% AFSLÁTTUR
COLUMBIA NEWTON GÖNGUSKÓR
Stærðir 37–50
11.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.690 KR.
47% AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS KEBNATS KULDAGALL
Stærðir 80–140
9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 16.790 KR.
BERGANS BIRKEBEINER BAKPOKI 50
Blár og rauður
24.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 44.490 KR.
44% AFSLÁTTUR
COLUMBIA GO TO ÚLPA
KVK stærði S–XL
KK stærðir M–2XL
Ýmsir litir
12.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.690 KR.
SKOTVEIÐI-FATNAÐUR 30% AFSLÁTTUR
BROWNING DIRTY BIRD VEIÐIJAKKI
Stærðir M–3XL
29.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 49.390 KR.
MUCKBOOT ARCTIC SPORT KIDS 30 STÍGVÉL
Stærðir 30–37
5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.
COLUMBIA 25% AFSLÁTTUR
FERÐAVÖRUR 30% AFSLÁTTUR
55% AFSLÁTTUR
COLUMBIA PASSO ALTO GÖNGUBUXUR
Stærðir 32–40
8.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.790 KR.
DIDRIKSONS RONJA ÚLPA
Stærðir 36–48
14.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.
EASTON GÖNGUSTAFIR TRAIL AL3
6.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 12.890 KR.
49% AFSLÁTTUR
BROWNING DIRTY BIRD VEIÐIBUXUR
Stærðir M–3XL
24.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.490 KR.
CAMPINGAZ HELLUBORÐ 400 SG
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.690 KR.
MERIDA MERIDA BIG SEVEN 40
64.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 128.990 KR.
50% AFSLÁTTUR
COLUMBIA POWDERBUG KULDASKÓR
Stærðir 25–31
5.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 11.990 KR.
DEVOLD* 40% AFSLÁTTUR
*ELDRI GERÐ
AÐRAR DEVOLD VÖRUR 20% AFSLÁTTUR
SOREL CHEYANNE KULDASKÓR
Stærðir 40–48
17.295 KR.
VERÐ ÁÐUR 34.590 KR.
ALLIR GRILL-AUKAHLUTIR 30% AFSLÁTTUR
CHAR-BROIL GASGRILL
2 brennarar
63.192 KR.
VERÐ ÁÐUR 78.990 KR.
COLUMBIA ALPINE BARNAÚLPA
Stærðir XS–XXL
Nokkrir litir
9.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 15.790 KR.
KÆLIBOX 40% AFSLÁTTUR
MUCKBOOT STÍGVÉL WOODY MAX CAMO 43
Stærðir 39–47
11.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 23.990 KR.
SJÓNAUKI PANORAMA 3-9X40
Fyrir veiðiriffla
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 32.590 KR.
PIPAR\TBWA • SÍA • 150073
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# TÍMAMÓTA ÚTSAL

## Síðustu dagar

**Flísar**
80 tegundir
**20-50%**
AFSLÁTTUR

Töfrasproti – Blandari
~~1.867~~
**1.400**

Djús/ávaxtablandari
með glerkönnu
40w 1,3l.
~~3.942~~
**2.957**

**30%** afsláttur

**Lavor háþrýstidæla STM 160**
Made by Lavor
- 160 bar Max
- 8,5 lítrar/mín.
- 2500W
- Pallabursti
- 8 metra slanga
- Turbo stútur
- Slanga fyrir stíflulosun
- Þvottabursti

~~28.642~~
**20.050**

Rafmagnshita-
blásari 2Kw
~~2.164~~
**1.623**

Lokað slönguhjól 20m 1/2"
~~9.780~~
**7.335**

**Strekkibönd og Casters hjól**
**30%**
AFSLÁTTUR

Drive 12V Li Ion
rafhlöðuborvél
~~5.918~~
**4.734**

Drive Delta Sander 180W
~~3.390~~
**2.712**

Asaki AM18DWE Asaki
borvél 18V Ni-CD 2,0ah
~~16.990~~
**12.743**

GMC 14,4V 1,2Ah með
aukarafhlöðu, stiglaus hraði,
BMC taska
~~5.990~~
**3.894**

Smergel 350W
~~6.490~~
**5.192**

LFD105TA
Stáltrappa 2 þrep
~~4.690~~
**3.752**

5005 3,5 lítra ~~489~~ **391**
5006 7,5 lítra ~~785~~ **628**
5007 15 lítra ~~995~~ **746**

**4 litir**
**3 stærðir**

Drive toppasett 17 stk 1/4"
~~990~~
**743**

**25%** afsláttur

San-SM-RLB01
stubbastækkari
~~2.270~~
**1.703**
einnig 2 þrepa 3.590,-

ALM18DD 18V höggborvél Li-Ion
2,8Ah 38Nm 2 hraðar
~~38.990~~
**29.243**

Drive útdraganlegt
rafmagnskefli
20 metra
~~12.834~~
**9.626**

Ryk/blautsuga Drive ZD10-50L
1000W, 50 lítrar
~~26.677~~
**21.340**

Hitabyssa 200W
~~3.195~~
**2.398**

Bílabúkkar 2
~~4.590~~
**2.7**

Límbyssa í tösku
~~1.571~~ **1.178**

Ryco LDL-MD418A lampi
m. grind 4x18W T8 62x60x8 cm
**með perum**
~~7.894~~
**4.736**

Rafhlöðuborvél með höggi,
HDA2544 18V
~~17.685~~
**14.148**

T38 Vinnuljós
~~5.590~~
**4.193**

Drive hornalaser 90 gráður
~~12.450~~
**9.960**

Drive gíraffi gips- og spartl slípivél
620w 0-980sn/min
~~36.900~~
**27.675**

Drive160 L steypuhrærivél
~~39.510~~
**31.608**

Búkki – Vinnuborð
stillanlegt (E)
~~3.942~~
**2.957**

Kapalkefli 25 metrar
~~5.790~~
**4.632**

Járnbúkkar sett=2 stykki
~~4.930~~ **2.958**

**25%** afsláttur

**40%** afsláttur

**Drive LG3-70A**
1800W flísasög
86x57cm borð
~~128.341~~ **96.256**

**Drive DIY** 500mm flísaskeri
~~8.990~~ **6.743**

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágma

# A Í MÚRBÚÐINNI!

r – enn meiri afsláttur – það er gott verð



Protool fjölnota verkfæri 220W með 37 fylgihluti í tösku

~~11.990~~ 8.993



- Handlaugar **20-50%**
- Handlaugartæki **25%** Vitra **15-40%**
- Sturtuklefar og sturtuhorn **15-40%**
- Hitastýrð blöndunartæki **25%**
- Sturtusett m/hitastýrðu tæki **25%**
- Baðherbergisflísar **20-50%**
- Náttúrusteinsvaskar **30-50%**
- Stálvaskar **20-30%**
- Skolvaskar **20%**



Drive Juðari

~~2.490~~ 1.992



Protool kúttari GW8012, 1900W 254mm blað

~~29.990~~ 22.493

Protool veltisög 250mm, 1800W, borð 47x51 cm

~~51.990~~ 38.993



Flísaþvottasett á hjólum

~~5.790~~ 4.343





Fylgihlutasett f/fjölnota verkfæri 37 stk.

~~6.995~~ 5.246

Protool Mini fjölnota sög 600 W 85mm m/6 fylgihlutum

~~13.990~~ 10.493





30% afsláttur

Bol-834 80x48x18cm þykkt 0,8mm

~~11.990~~ 8.393



40% afsláttur

2tonn 2stk

54



20% afsláttur

Gua-543-1 vegghengdur, 1mm stál ~~18.673~~ 14.938



30% afsláttur

S805-4L 170CM ál snjóskafa

~~1.990~~ 1.393



30% afsláttur

W&M PF209D sturtuhorn 90 cm

~~54.990~~ 38.493

4cm SMC botn



25% afsláttur

6 mm Hert öryggisgler

FC 504 Sturtuhorn 80x80 cm

~~34.690~~ 26.018

30% afsláttur

Snagar og krókar – fjöldi lita og gerða





Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun

~~2.660~~ 1.995



Vörutrilla 80kg

~~5.820~~ 4.365

Gúmmímottur



25% afsláttur

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10 -16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8 -18 |

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

r k s v e r ð i f y r i r a l l a , a l l t a f . G e r i ð v e r ð - o g g æ ð a s a m a n b u r ð !

Umboðsmaður upplýsir:

## Réttindi og skyldur barna

Á vef umboðsmanns barna er að finna fjölmargar upplýsingar um réttindi og skyldur barna. Hægt er að spyrja umboðsmann um hvað má og hvað má ekki. Einnig er hægt að biðja um leiðbeiningar um hvert er best að leita eftir meiri upplýsingum.

Hægt er að skoða spurningar sem aðrir hafa sent og svör umboðsmanns við þeim. Þeir sem ekki vilja að erindi þeirra sé birt á vefnum geta fengið persónuleg svör ef þeir senda tölvupóstfang með.



**VIÐ NÁM** Ráðgjöfin sem innflytjendum er boðin er án endurgjalds.

Mannréttindaskrifstofa í Borgarbókasafninu:

## Innflytjendaráðgjöf

Ráðgjafar Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar bjóða upp á ráðgjöf fyrir innflytjendur í Reykjavík í aðalsafni Borgarbókasafns, Tryggvagötu 15, á fimmtudögum kl. 14 til 16.

Ráðgjafarnir veita upplýsingar um þjónustu borgarinnar, almenna upplýsingagjöf um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi, málefni fjölskyldunnar, vinnutengd mál, dvalarleyfi og ríkisborgararéttindi og fleira, að því er segir á vef bókasafnsins.

Ráðgjafarnir sem veita þessa þjónustu tala íslensku, ensku, pólsku, filippseysku, litháísku og rússnesku. Boðið er upp á þjónustu túlks ef viðkomandi talar önnur tungumál. Ráðgjöfin er ókeypis og starfsmenn eru bundnir trúnaði.

Bent er á að tilvalið sé að skoða það sem bókasafnið hefur upp á að bjóða í leiðinni, s.s. bækur á fjölmörgum tungumálum, fjölbreytt úrval tímarita, tónlist, kvikmyndir, nýta sér aðgang að netinu og margt fleira.

# Börnin hraðlæs en skilja ekki textann

Skortur á lesskilningi hjá hraðlæsum börnum kemur seint í ljós. Eiga í erfiðleikum með tungumálið.

Það uppgötvast sjaldan fyrr en í fjórða bekk að hraðlæs börn skilja ekki það sem þau eru að lesa. Þetta eru niðurstöður doktorsrannsóknar Åsu Elwér við Háskólann í Linköping í Svíþjóð sem sænskir fjölmiðlar greina frá. Stuðst var við gögn úr rannsóknum á þúsund börnum frá fimm til tíu ára í Bandaríkjunum auk þess sem sænsk og norsk börn á sama aldri voru rannsökuð.

Rannsóknin leiddi í ljós að börn með lélegan lesskilning ættu almennt í miklum erfiðleikum með tungumálið. Þau eru með lítinn orðaforða, þau eiga í erfiðleikum með málfræði og þau eiga erfitt með að segja frá og muna það sem þau hafa lesið. Börnin eiga jafnframt í erfiðleikum með að þekkja hljóð einstakra stafa í orðum.

Åsa Elwér bendir á að fyrstu skólaárin sé aðaláherslan lögð á að kenna börnunum að lesa og að textarnir séu miðaðir við það. Í fjórða bekk séu allt í einu gerðar nýjar og meiri kröfur. Þá eigi börnin að lesa til þess að læra, þau eigi að afla sér upplýsinga. Textinn verði erfiðari og kröfur til kunnáttu í tungumálinu meiri. Eigi börn í erfiðleikum með tungumálið fyrir lendi þau í erfiðleikum með að skilja textann. Haft er eftir doktornum að fyrri rannsóknir hafi leitt í ljós að þessi börn skynji ekki að þau skilji ekki textann. Þau velti þess vegna ekki innihaldi hans mikið fyrir sér.

Sérstakt átak til að auka lesskilning, eins og víða hefur verið hrundið af stað, er af hinu góða, að því er Åsa Elwér greinir frá. Hún segir þó nauðsynlegt að byggja upp orðaforða barnanna samtímis. Það gagnist öllum börnum.

Það er skoðun hennar að kanna þurfi lesskilning barna á mismunandi vegu, bæði með stöðluðum prófum og óformlegra mati í sjálfri kennslunni.

ibs@frettabladid.is



**VIÐ LESTUR** Sænskur sérfræðingur segir nauðsynlegt að byggja upp orðaforða barna samtímis því sem gert er átak til að auka lesskilning. NORDICPHOTOS/GETTY




Rannsókn á áhrifum skilnaðar við kærasta:

## Umræða um skilnað dregur úr ástarsorg

Þeir sem skrifa og tala mikið um skilnað sinn og hvað þeir ætli að gera þegar þeir eru orðnir einhleypir eru fljótari að jafna sig en hinir sem ekki gera það. Bandaríski sálfræðingurinn Grace Larson, sem starfar við Northwestern-háskólann í Bandaríkjunum og hefur rannsakað skilnað og sambúðarslit í mörg ár, segir flesta fullorðna hafa upplifað skilnað við ástvin að minnsta kosti einu sinni á ævinni og slíkt sé venjulega afar erfitt.

Rannsóknir hafa sýnt að ástarsorg getur leitt til dauða og sumir fá sams konar einkenni og þegar um hjartaáfall er að ræða. Larson og samstarfsmaður hennar ákváðu að rannsaka hvort þeir sem lýsa skilnaði sínum aftur og aftur væru lengur að jafna sig. Áhrifin urðu hins vegar þveröfug.

Þátttakendur í rannsókninni höfðu allir nýlega slitið sambandi við kærasta eða kærustu. Þátttakendum var skipt í tvo hópa og fékk annar hópurinn bæði munnleg og skrifleg verkefni fjórum sinnum á níu vikna tímabili. Hinn hópurinn svaraði einföldum spurningalista í upphafi rannsóknarinnar og aftur eftir níu vikur. Þeir sem fengu munnlegu og skriflegu verkefnin kváðust hafa jafnað sig betur en hinir. Að þurfa að hugleiða samband sitt hafði hjálpað þeim að skilgreina betur hvernig einstaklingar þeir voru sjálfir.



**ÁSTARSORG** Að ræða og skrifa um skilnað við ástvin hefur jákvæð áhrif. NORDICPHOTOS/GETTY

➜ Til þess að jafna sig á ástarsorg leggur Larson til að fólk skrifi um hugsanir sínar sem tengjast skilnaðinum.

Larson telur að niðurstöður rannsóknarinnar staðfesti niðurstöður fyrri rannsókna sem sýna hversu mikil áhrif alvarleg ástarsambönd hafi á sjálfsmynd einstaklinga. Til þess að jafna sig á ástarsorg leggur Larson til að fólk skrifi um hugsanir sínar sem tengjast skilnaðinum eins og það væri að ræða við ókunnugan um hann.

- ibs




ford.is

20 ára afmæli Ford
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Viltu vita meira um Ford Focus?
Nýja kynslóð Ford Focus státar af fjölmörgum tækninýjungum. Þar má nefna Torque Vectoring Control sem tryggir akstursánægju þína. Eins má nefna endurbætta Bílastæðaaðstoð (aukabúnaður) sem nú leggur bæði í stæði sem eru samhliða og þvert á akstursstefnu. Að auki er nú fáanlegt GPS leiðsögukerfi með Íslandskorti. Ford Focus er jafnframt eini bíllinn sem hefur hlotið fjögur öryggisverðlaun frá Euro NCAP. Nýi Ford Focus hlaut einnig titilinn „Besti bíllinn“ í flokki meðalstórra fjölskyldubíla eftir að hafa fengið fullt hús stiga í öryggis- og árekstraprófunum Euro NCAP. Focus er fáanlegur með Ford EcoBoost vélinni sem hefur hlotið titilinn vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,7/4,8 l/100 km. CO2 losun 108/110 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Búast má við að öll vara frá Sviss hækki í verði

Gengi svissneska frankans hækkaði um 20 prósent í síðustu viku. Það hefur áhrif á fasteignalán á meginlandi Evrópu. Sum íslensk fyrirtæki eru með lán í franka. Verð á ýmsum varningi, svo sem gæðaúrum, gæti hækkað.

Svissneskur franki er 25 krónum dýrari en hann var á miðvikudag í síðustu viku. Ástæðan er sú að svissneski seðlabankinn ákvað að hætta að halda gjaldmiðlinum stöðugum gagnvart evru og rauk gengi frankans upp í kjölfarið. Seðlabanki Íslands hefur hins vegar reynt að halda íslensku krónunni stöðugri gagnvart evru.

Víða í Evrópu hefur hækkun frankans mikil áhrif á efnahagslíf. BBC greindi frá því í fyrradag að um 566 þúsund Pólverjar hefðu tekið lán í svissneskum frönkum. Það væri um 37 prósent allra húsnæðislána þar. Íbúar margra fleiri ríkja hafa tekið lán í svissneskum franka, þar á meðal Ungverjar, Króatar og Austurríkismenn.

Áhrifin kunna að hafa einhver áhrif á íslenskt efnahagslíf. Í svari frá Seðlabankanum kemur fram að þrjú prósent af heildarlánum frá erlendum aðilum, þar með talin bein lán og skuldabréfaútgáfur, eru í svissneskum frönkum. Þá segir jafnframt að hræringar á erlendum mörkuðum vegna svissneska frankans hafi ekki teljandi bein áhrif á efnahag Seðlabanka Íslands.


FRANK ÚLFAR MICHELSEN

„Sá órói sem verið hefur nú í upphafi árs á erlendum mörkuðum gæti hins vegar haft áhrif á þau kjör sem innlendum aðilum bjóðast á erlendum mörkuðum,“ segir í svari Seðlabankans.

Það kann að vera að gengisbreytingin hafi bein áhrif á efnahagsreikning einhverra fjármálastofnana. Til að mynda nemur skuld fjármálafyrirtækisins Lýsingar umfram eign í svissneskum frönkum um 1.133 milljónum króna. Þór Jónsson, upplýsingafulltrúi Lýsingar, bendir þó á að eigið fé Lýsingar sé rúmir tíu milljarðar króna.

Í svari Landsbankans við fyrirspurn Fréttablaðsins er vísað í níu mánaða uppgjör bankans á árinu 2014 þar sem fram kemur að eignir bankans umfram skuldir í svissneskum frönkum samsvara 354 milljónum króna.

„Þetta er sumsé lág upphæð og hefur óveruleg áhrif þótt hún breytist eitthvað,“ segir Kristján Kristjánsson upplýsingafulltrúi í svarinu. Eign Íslandsbanka í frönkum umfram skuld nam 485 milljónum í lok september í fyrra og hjá Arion banka voru það 97 milljónir.



**ROLEX** Búast má við því að verð á svissneskum lúxusvarningi á Íslandi og annars staðar í Evrópu hækki í kjölfar styrkingar frankans. NORDICPHOTOS/AFP

Þrjú prósent af heildarutanríkisviðskiptum Íslendinga eru í frönkum og gengisbreytingin kann að hafa einhver áhrif á innflutning ýmissa vara frá Sviss. Nærtækast er að nefna innflutning á lúxusvarningi eins og vönduðum úrum.

„Í hverjum mánuði er ég að kaupa eitthvað inn,“ segir Frank Ú. Michelsen hjá Michelsen úrsmiðum á Laugavegi. Hann segir að hugsanlega muni því verð á varahlutum hækka eitthvað. Hann bíði þó með hækkanir í lengstu lög.

Frank segir að núna sé aðalmálið að bíða eftir viðbrögðum Seðlabanka Evrópu og hvernig málin þróist.

jonhakon@frettabladid.is


**KAUPHÖLLIN** Fleiri mál tengdust brotum á reglum um upplýsingagjöf en verðbréfaviðskiptum.

Afgreiddu 80 eftirlitsmál:

## Kauphöll sendi 15 mál til FME

Kauphöll Íslands afgreiddi samtals 89 eftirlitsmál á síðasta ári.

Þar af var 15 málum vísað til Fjármálaeftirlitsins (FME) til frekari skoðunar. Tveimur málum var vísað til viðurlaganefndar Kauphallarinnar til frekari meðferðar. Öðru málinu var lokið án aðgerða en hitt málið verður tekið fyrir núna í ársbyrjun.

Af málunum 89 afgreiddi Kauphöllin 66 mál vegna gruns um brot á reglum um upplýsingagjöf félaga á markaði en 23 mál sem lutu að viðskiptum með verðbréf.

- jhh

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.





**NEMENDUR Í HR** Rektor segir að verkefnin sem lögð eru fyrir nemendur í keppninni séu mjög raunhæf. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nemar læra að selja sjávarafurðir til annarra ríkja:

## HR með Hnakkaþon

Háskólinn í Reykjavík og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi standa saman að keppni sem þeir hafa ákveðið að kalla Hnakkaþon og fer fram um helgina.


ARI KRISTINN JÓNSSON

„Hugmyndin sprettur upp úr svipuðum keppnum sem oft eru haldnar í upplýsingatækni og öðrum greinum. Þar er þetta kallað Hakkaþon, þar sem hópar nemenda vinna að því að leysa mjög krefjandi viðfangsefni sem eru raunveruleg viðfangsefni í samfélaginu og atvinnulífinu. Þetta er sama hugmyndin nema þarna erum við að taka fyrir viðfangsefni sjávarútvegsins,“ segir Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, í samtali við Fréttablaðið.

Keppnin felst í því að hópar nemenda vinna þverfaglega að því að koma að öllum þáttum sem þarf til að selja ferskt sjávarfang frá Íslandi til austurstrandar Bandaríkjanna. Ari Kristinn segir að það þurfi að horfa til markaðssetningar og sölu og allra þátta í viðskiptunum. Einnig þurfi að horfa til aðferða og tækni við hvernig afurðin er meðhöndluð, pökkuð, kæld og fleira. Þá þurfi líka að hugsa til þess hvernig varan sé flutt.

„Markmiðið er annars vegar að fá nýjar hugmyndir upp á yfirborðið og hitt er síðan að vekja athygli nemenda á hver viðfangsefnin í sjávarútvegi eru,“ segir Ari Kristinn. Þá snúist ferlið um tækni, viðskipti og flutninga.

Nemendur á öllum brautum HR taka þátt í keppninni. „Við höfum gert það alveg skýrt að hóparnir munu þurfa á þverfaglegri þekkingu að halda. Þeir munu þurfa að þekkja viðskipta-, markaðs- og virðisútreikninga. Þeir munu þurfa lagaþekkingu og síðan tæknihlutann, kælitækni, flutningana og fleira,“ segir Ari Kristinn.

- jhh

SAMSUNG

# Betri upplifun,
## þegar það raunverulega skiptir máli




**Bognu sjónvörpin eru komin til að vera.**
Bíómyndir og þættir eru betri en nokkru sinni. Íþróttir og tónleikar hafa aldrei orðið svona áhrifamiklir. Bognu sjónvörpin gera bestu skemmtun að unun. Fjölskylda og vinir hittast og gleðjast í frábærri upplifun.

*Viðurkenningar, bestu meðmæli og prófanir fagtímarita og sérfræðinga streyma inn, svo ekki verður deilt um hvaða tæki eru bestu kaupin.*

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **65" HU8505** | **65" H8005** | **65" HU8505** | **55" HU8505** | **55" H8005** | **55" H8005** | **65" HU8505** |
| Bästa köp | Rekommenderar | Anbefalt | Bedst i test | 5 av 6 stjerner | Anbefalt | Anbefalt |
| M3, Nr 7, 2014 | Digital Life, Nr 3, 2014 | Watt, Nr 6, 2014 | Tænk, 2014-06-12 | Lyd og Bilde, nr. 12/2014 | Tek.no, 2014-04-29 | Dinside.no, 2014-05-30 |

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 · SR · BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 · ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 · ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 · ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 · GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

# SKOÐUN

Í Framsókn eru jarðálfar íslenskra stjórnmála:

## Sumir hafa unun af því að gera ljótt

Láki jarðálfur átti foreldrana Snjáka og Snjáku. Þau höfu alla sína daga á því að lýsa því yfir að þann daginn ætluðu þau bara að gera það sem teldist reglulega ljótt. Hvöttu þau son sinn til að gera slíkt hið sama svo að hann gæti orðið reglulega stór og ljótur jarðálfur, eins og pabbi hans.

Einhverra hluta vegna koma þessar persónur barnabókmenntanna upp í hugann þegar fregnir berast af framferði borgarstjórnarflokks Framsóknarflokksins og flugvallarvina í Reykjavík. Nýjasta afrek borgarfulltrúa flokksins, Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur og Sveinbjargar Birnu Björnsdóttur (sem vel að merkja komust til áhrifa með fordómahjali í garð múslima á Íslandi í tengslum við byggingu mosku í Reykjavík) er að skipa Gústaf Níelsson, alræmdan fordómapúka úr röðum sjálfstæðismanna, varamann í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar.



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Þeirri kenningu hefur heyrst fleygt að um hannaða atburðarás sé að ræða til þess að forystumenn í flokknum geti stokkið fram og fordæmt skipanina, með svipuðum hætti og forysta Sjálfstæðisflokksins brást við í síðustu viku þegar Ásmundi Friðrikssyni, þingmanni flokksins, varð á að opinbera eigin fordóma. Mannorð flokksins í borginni sé þegar svo laskað að ekki skipti máli þótt þar bætist við ein syndin enn.

Þessi kenning er hins vegar líklega röng og ástæða til að hrósa því forystufólki Framsóknar sem í gær steig fram og lét í sér heyra, þar á meðal Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra og Eygló Harðardóttur félagsmálaráðherra, sem sögðu skipan Gústafs í þessa stöðu varamanns óásættanlega og hana bæri að afturkalla. Og svo Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni flokksins, sem greindi frá því að hann hefði tekið málið upp við fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina í gær.

Í kjölfarið var skipan Gústafs dregin til baka og sneypuförin öll líklega frekar til marks um einangrun og dómgreindarleysi fulltrúa framboðsins í Reykjavík. Að þar á bæ telji jaðarsettir fulltrúarnir sig í stöðu til þess að gera bara hvaða vitleysu sem er til þess eins að vekja umtal og flagga sínum furðuskoðunum og fordómum. Að forystan Framsóknar og flugvallarvina í borginni vakni upp með þá hugsun í kollinum á hverjum morgni að í dag ætli þær að gera eitthvað reglulega ljótt.

Það er hins vegar raunverulegt áhyggjuefni hversu margir virtust tilbúnir til þess að verja þennan heimskugjörning Framsóknar og flugvallarvina, því á samfélagsmiðlum mátti í gær víða sjá enduróm fordóma og hræðslu við útlendinga. Uppgangur mannhaturs og fordóma hér á landi, líkt og víðar í Evrópu, virðist staðreynd og það vekur ugg.

En hver veit, kannski á eitthvað gott eftir að koma út úr þessu öllu saman. Þeir sem þekkja söguna um Láka muna að þótt hann hafi byrjað sem jarðálfur sem unun hafði af því að hrekkja aðra, þá komst hann til nokkurs þroska og breyttist á endanum í dreng sem vissi að betra væri að reyna að láta gott af sér leiða.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Íslenski kúrinn í skammdeginu

Nú eru góðar horfur fyrir það fólk sem hallast að íslenska kúrnum, en fremst í þeim flokki fer forsætisráðherrann Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Hvers vegna er þetta nefnt núna? Jú, vegna þess að bændur hafa nú undan með framleiðslu á beikoni og annarri kjötvöru sem flytja þarf annars inn frá útlöndum, til að hægt sé að borða íslenskt í öll mál. Þegar sól hefur hækkað verulega á lofti og fleiri munna þarf að metta, með öllu því ferðafólki sem hingað kemur, fer svo aftur í fyrra horf og erlent kjöt verður meðal þess íslenska og hættur kunna að skapast og þá verður torsótt að vera á íslenska kúrnum.



### Methafi í Framsókn?

Gústaf Adolf Níelsson var ekki lengi kjörinn varanefndarmaður í nafni Framsóknarflokks. Hörð viðbrögð voru við skipan hans. Gústaf náði ekki að láta til sín taka áður en hann var gerður brottrækur úr varamennskunni. Fá dæmi eru um jafn stutt stopp í þágu hins opinbera. Helst að vera kunni að viðkoma annars framsóknarmanns, Auðuns Georgs Ólafssonar, í stóli fréttastjóra Ríkisútvarpsins fyrir réttum tíu árum, kunni að vera styttri en seta varamannsins Gústafs Adolfs Níelssonar. Það voru viðbrögð framsóknarmanna sjálfra sem bundu enda á feril Gústafs í mannréttindaráði.



### Samhengislaust rugl

Varaformaður Vinstri grænna, Björn Valur Gíslason, lætur til sín taka á Alþingi, þar sem hann hefur sæti nú sem varaþingmaður. Framgöngu hans á þingi var getið hér í gær. Við upphaf þingfundar í gær gerði hann að umtalsefni yfirlýsingar beggja oddvita ríkisstjórnarflokkanna, um afnám fjármagnshaftanna. „Niðurstaðan er í stuttu máli sú að yfirlýsingar formanna stjórnarflokkanna um afnám gjaldeyrishaftanna eru meira og minna samhengilaust rugl. Þeir virðast hvorki hafa skilning á viðfangsefninu né getu til að takast á við það. Þeir hafa með misvísandi yfirlýsingum sínum skaðað íslenska hagsmuni og veikt samningsstöðu landsins gagnvart erlendum aðilum,“ sagði Björn Valur.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Endurkoma hysteríunnar

HEILBRIGÐISMÁL



Guðrún Ebba Ólafsdóttir



Kristín I. Pálsdóttir



Gunný Ísis Magnúsdóttir

í ráði Rótarinnar, félags um málefni kvenna með áfengis- og fíkniefnavanda

Rótin var stofnuð sem vettvangur fyrir konur til að þrýsta á um bætta þekkingu á fíknivanda og meðferð við honum. Ástæðan var ekki síst sú staðreynd að mjög hátt hlutfall kvenna, sem glíma við þennan vanda, hefur verið beitt ofbeldi, orðið fyrir áföllum eða á við geðrænan vanda að stríða samhliða fíkninni. Við teljum nauðsynlegt að komið verði á fót greiningarmiðstöð þar sem vandi einstaklinga er greindur á heildstæðan hátt svo hægt sé að haga meðferðinni í samræmi við þarfir hvers og eins. Hluti af því er að bjóða upp á sérstaka kynjaskipta meðferð.

Þó að Rótin hafi ekki náð tveggja ára starfsafmæli eru hátt í 300 konur í félaginu. Meðal þeirra er fjöldi kvenna sem þekkir vandann af eigin raun og hefur farið hefðbundna leið í íslenska meðferðarkerfinu, þ.e.a.s. í afvötnun á Vogi og eftirmeðferð á Vík. Þar fyrir utan þekkjum við sem stöndum að Rótinni ótal konur í batasamfélaginu sem hafa sagt okkur sögu sína í þeim tilgangi að hún leiði til góðs. Lykilhugtakið í okkar starfi er valdefling og ekki að ástæðulausu.

Meðferð þarf að taka mið af fjölþættum vanda og sögu kvenna. Það þarf að hlusta á þær og taka mark á orðum þeirra. Hefðbundin meðferð sem ekki tekur þetta til greina getur aukið á vanda þeirra (e.: re-

**➜ Meðferð þarf að taka mið af fjölþættum vanda og sögu kvenna. Það þarf að hlusta á þær og taka mark á orðum þeirra.**

traumatisation). Það er þyngra en tárum taki hve margar konur hafa ekki fundið leið til bata með þeim aðferðum sem nú eru í boði og allt of margar ekki séð aðra leið en að svipta sig lífi.

Meðferð sem gerir ráð fyrir því að sjúklingurinn horfi þröngum augum á fíknina án þess að skoða heildarmyndina, þar sem ætlast er til að hann gefi frá sér allt persónulegt vald og setji allt sitt traust á æðri mátt, hvort sem það er guð, hópurinn eða læknirinn, er ekki í samræmi við ferskustu strauma innan heilbrigðisvísindanna þar sem valdeflingu sjúklinga er gert hátt undir höfði.

Það að halda því fram að áföll flækist fyrir, að konur viti ekki hvað er þeim fyrir bestu, að þær beri fyrir sig þunglyndi eða aðra erfiðleika er forræðishyggja og vanvirðing við þær konur sem leita sér hjálpar vegna áfengis- og vímuefnavanda.

Slíkar áherslur mátti því miður lesa í nýlegu fréttablaði SÁÁ en blaðið er hvatinn að greinarskrifum okkar um valdeflingu kvenna.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Rússland á hálfvirði

Í DAG
Þorvaldur Gylfason
hagfræðiprófessor



Gengi rúblunnar hefur að undanförnu fallið um helming. Aðalorsökin er helmingslækkun heimsmarkaðsverðs á olíu, aðalútflutningsafurð Rússa. Meðalverkalaun Rússa hafa af þessum völdum lækkað úr 1000 Bandaríkjadölum á mánuði í 500 dali. Greinar í blöðum, t.d. Moscow Times, birta þann boðskap, að Rússar eigi nú tveggja kosta völ: að stofna nýjan stjórnmálaflokk til höfuðs Pútín forseta og hans mönnum í stjórnarflokknum, Sameinað Rússland, eða flýja land, helzt vestur á bóginn til Evrópu. Hvorugt er auðvelt. Skoðanakannanir benda til, að meiri hluti kjósenda á landsvísu kunni að vilja fylgja Pútín gegnum þykkt og þunnt og hann muni ekki stíga til hliðar fyrr en í fulla hnefana. Loftið er lævi blandið.

### Öll eggin í einni körfu

Forsætisráðherra Rússlands og fv. forseti, Dmitry Medvedev, hefur viðurkennt opinberlega, að efnahagsþvinganir Bandaríkjanna og ESB vegna innlimunar Krímskagans í Rússland og annarrar íhlutunar Rússa í Úkraínu eigi ásamt lækkun olíuverðs umtalsverðan þátt í gengisfalli rúblunnar. Óvíst er, hvort Rússum tekst að bæta þann hluta skaðans, sem orðinn er, með auknum viðskiptum við Asíulönd eða í gegnum nýstofnað Evrasíusamband, sem er efnahagsbandalag Rússlands, Hvíta-Rússlands, Kasakstans og Armeníu (og bráðum Kirgisistans). Reynslan lofar ekki góðu. Viðskiptasamningar Rússa reynast yfirleitt orðin tóm vegna þess, að Rússar búa ekki að þeim innviðum, sem þarf til að leysa erlend viðskipti úr gömlum viðjum.

Ég heyrði ræðu forsætisráðherrans í Moskvu í fyrri viku, þar eð ég var þar að flytja erindi um auðlindastjórn á sjötta fundinum til minningar um Yegor Gaidar, fyrsta forsætisráðherra frjáls Rússlands 1991. Ræða Medvedevs var brýning til Rússa um að bretta upp ermarnar og hvika hvergi frá nauðsynlegum umbótum. Aðrir rússneskir áhrifamenn tóku í sama streng, t.d. Alexei Kudrei, fv. fjármálaráðherra, og German Gref, fv. efnahags- og viðskiptaráðherra. Þeir eru báðir í hópi þeirra, sem mestan þátt eiga í upprisu Rússlands úr rústum kommúnismans. Allir þrír leggja ásamt mörgum öðrum ríka áherzlu á nauðsyn þess, að Rússar leysi sig úr viðjum olíunnar og skjóti fleiri og fjölbreyttari stoðum undir efnahagslífið. Hvaða vit er í að eiga allt sitt undir einni auðlind, sem getur þá og þegar hrapað í verði eins og dæmin sanna? Spurningin svarar sér sjálf. Það myndi bæta ásjónu og orðstír Rússlands heima og erlendis, ef Pútín forseti talaði skýrt við umheiminn og heimamenn eins og þessir fyrrverandi og núverandi samstarfsmenn hans. Það gerir Pútín þó ekki.

### Orð og athafnir

Síðast þegar ég var í Moskvu fyrir fáeinum árum, það var á vígslufundinum til minningar um Yegor Gaidar, sem þá var nýlátinn langt fyrir aldur fram, heyrði ég einnig traustvekjandi ræður. Ég heyrði ekki aðeins Alexei Kudrei og German Gref, sem voru þá áhrifamiklir ráðherrar, tala skynsamlega um nauðsynlegar efnahagsumbætur, heldur heyrði ég einnig dómsmálaráðherrann í sjónvarpsviðtali um kvöldið tala tæpitungulaust um nauðsyn þess að ráðast gegn landlægri spillingu. Málflutningur ráðherranna var, eins og heimsóknin til Moskvu aftur nú, óþyrmileg áminning um Ísland.

Hefur nokkur íslenzkur dómsmálaráðherra talað um nauðsyn þess að hamla spillingu á Íslandi? – hamla því, sem ekkert er?! Hefur nokkur forsætisráðherra eða fjármálaráðherra sagt eitt aukatekið orð um nauðsyn þess að draga úr veldi sérhagsmunahópa t.d. í landbúnaði og sjávarútvegi til að rýma fyrir nýsköpun í atvinnulífinu? Þarna standa rússneskir stjórnmálamenn þrátt fyrir þessa daga mörgum fetum framar íslenzkum stjórnmálamönnum. Það má Rússinn eiga. Aðrir segja: Orð rússneskra stjórnmálamanna skipta engu. Þau vega a.m.k. misþungt.

### Nýjar vaxtarvonir

Eins og ég lýsti í grein í DV á föstudaginn var, virðist trúlegt, að verðfallið á olíu að undanförnu sé varanlegt og þá um leið gengisfall rúblunnar alveg eins og helmingsfall á gengi íslenzku krónunnar 2007-2008 reyndist varanlegt. Bæði löndin hafa af þeim sökum mátt reyna mikla skerðingu kaupmáttar. Verðlækkun á olíu virðist varanleg vegna þess, að hún á öðrum þræði upptök sín í auknu olíuframboði af völdum nýrrar tækni við olíuboranir, sem Bandaríkjamenn hafa beitt síðan 2008.

Á móti þessu kemur, að gengisfall rúblunnar rennir stoðum undir ýmsa starfsemi, sem átti sér enga umtalsverða vaxtarvon við gamla gengingu. Stóraukinn straumur ferðamanna til Íslands frá hruni vitnar um þetta. Rússar mega með líku lagi eiga von á miklu fleiri ferðamönnum en áður, enda er þar margt að sjá og heyra, einkum í Sankti Pétursborg og Moskvu, söguffrægar og frábærlega fallegar borgir báðar tvær. Þar er að sönnu margt að sjá og heyra.

> Hvaða vit er í að eiga allt sitt undir einni auðlind, sem getur þá og þegar hrapað í verði eins og dæmin sanna? Spurningin svarar sér sjálf. Það myndi bæta ásjónu og orðstír Rússlands heima og erlendis, ef Pútín forseti talaði skýrt við umheiminn.




3ja rétta seðill
5.900.-

HUMARSÚPA
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

FISKUR DAGSINS
ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

eða

NAUTALUND
með laukkremi, gulrót, sveppum, kartöfluflani, svínasíðu og Bourguinon sósu

SÚKKULAÐI MÚS
með kókos, skyri og hvítu súkkulaði, hafra mulningi, möndlukexi og bláberjasorbet

4ra rétta á 7.390.-

Vissir þú?
Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistaranum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslubók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!









BAKKUS FRONTERA Globus LINDSAY GuðjónÓ Icepack Danól Kjötsmiðjan SS PERLUKAUP Ekrand SJÓFISKUR Kaffitár Garri Lambhagi Ísfugl Humarsalan Fastus Gull Innnes Sólarfilma

PERLAN
Veitingahúsið Perlan
S:5620200
perlan@perlan.is
www.perlan.is

# Skammhlaup í Orkustofnun, II

ORKUMÁL



Steingrímur J. Sigfússon
alþingismaður

Fyrir tæpu ári síðan, í marsmánuði 2014, sendi Orkustofnun tillögur til verkefnisstjórnar um rammaáætlun um 27 nýja virkjunarkosti til umfjöllunar í viðbót við þá sem virkjunaraðilar sjálfir höfðu óskað eftir. Fjölmargir þessara virkjunarkosta tóku til svæða sem þegar höfðu verið flokkaðir í verndarflokk í vinnu við rammaáætlun og þá flokkun hafði Alþingi samþykkt. Í vörn sinni greip Orkustofnun til þeirra langsóttu lögskýringa að svo fremi sem viðkomandi svæði hefðu ekki verið endanlega friðlýst þá breytti staða þeirra í verndarflokki rammaáætlunar engu um að Orkustofnun gæti óskað eftir þeim til mats eða endurmats. Mátti jafnvel skilja á talsmönnum stofnunarinnar að þeim væri beinlínis skylt að standa svona að málum.

Þessari nálgun Orkustofnunar er undirritaður algerlega ósammála og byggi ég það einkum á tvennu. Í fyrsta lagi að með þessu horfir Orkustofnun fram hjá því að flokkun í verndarflokk samkvæmt lögbundnu ferli rammaáætlunar felur í sér skyldu til að setja viðkomandi svæði í friðlýsingarferli. Þetta hafa að vísu núverandi stjórnvöld algerlega hundsað að framkvæma en það breytir engu um að lögum samkvæmt er þetta staðan. Hið síðara er að jafnvel þó Orkustofnun teldi sér heimilt að gera í einhverjum tilvikum tillögur um að virkjunarkostur í verndarflokki færi aftur til mats, t.d. vegna þess að komnar væru fram hugmyndir um verulega breytta útfærslu, þá hef ég hvergi fundið því stað að henni sé það skylt.

### Ófriðarefni

Óþarfi er að fara mörgum orðum um hvílíkt ófriðarefni þessi framganga Orkustofnunar er. Það að opinber stofnun gefi með þessum hætti afrakstri vinnu við rammaáætlun undangengin ár langt nef sem og staðfestingu Alþingis á þeirri vinnu og lögum um rammaáætlun er með ólíkindum.

Og hvað hyggst Orkustofnun vinna með þessari framgöngu? Er það vænlegt til árangurs, er það framlag til sátta að draga áform um virkjun Jökulsár á Fjöllum, Kerlingafjalla, Hveravalla, Hafralónsár og Hofsár upp á skurðborðið?

Þegar listar Orkustofnunar urðu opinberir í fyrra gat ég mér þess helst til að orðið hefði einhvers konar skammhlaup í kerfi stofnunarinnar, svo óskiljanleg fannst mér og finnst enn þessi framganga. En, því miður. Eins og fréttir nú bera með sér er stofnunin enn við sama heygarðshornið en við svo búið má ekki standa. Ef Orkustofnun skilur ekki annað þá verður löggjafinn, Alþingi sjálft, að gera það fortakslaust að svæði í verndarflokki rammaáætlunar skuli látin í friði og það eins þó þau bíði friðlýsingar fyrir trassaskap framkvæmdavaldsins. Annars er allur friður úti í þessum málaflokki og var hann nú svo sem nógu brothættur fyrir.

**➜ Þegar listar Orkustofnunar urðu opinberir í fyrra gat ég mér þess helst til að orðið hefði einhvers konar skammhlaup í kerfi stofnunarinnar, svo óskiljanleg fannst mér og finnst enn þessi framganga.**

# Af hverju að gera við það sem er ekki bilað?

SAMGÖNGUR



Loftur Atli Eiríksson
faðir fatlaðs barns

Sonur minn 14 ára hefur notast við Ferðaþjónustu fatlaðra um árabil. Gæði þjónustunnar hafa verið til fyrirmyndar þar til henni var breytt 1. nóvember sl. og hafa þau fyrst og fremst grundvallast á góðu starfsfólki. Þjónustan hefur verið persónuleg og bílstjórarnir margir hverjir orðið eins og fjölskylduvinir. Fyrirkomulagið hefur verið með þeim hætti að sömu bílstjórarnir hafa jafnan sótt hann á morgnana og þekkja þeir fullkomlega inn á hjálpartækin, sem drengurinn notar og hvernig best er að umgangast þau þannig að ekki verði slys á gangleiðinni til og frá ferðaþjónustubílnum. Með tímanum hafa bílstjórarnir jafnframt lært inn á fötlun sonar míns og hvernig best er að aðstoða hann á sem þægilegastan og markvissastan hátt fyrir báða aðila. Það fylgir óhjákvæmilega öryggisleysi því að vera fatlaður því fatlað fólk býr ekki yfir sömu viðbragðshæfni og aðrir. Þess vegna er sérstaklega mikilvægt að skjólstæðingar ferðaþjónustunnar geti treyst þeim sem framkvæma þjónustuna. Það tekur tíma að byggja upp það traust og það verður ekki til öðruvísi en að þjónustan sé persónuleg.

Ekki er að sjá að þessu hafi verið gefinn gaumur við innleiðingu á nýju tölvukerfi Ferðaþjónustu fatlaðra, sem er sorglegt því persónuleg þjónusta byggð á margra ára reynslu er mikilvægustu og dýrmætustu gæði þessa fyrirtækis. Líkt og aðrir notendur þjónustunnar hefur sonur minn lent í ýmsum miðurgóðum og erfiðum uppákomum eftir breytinguna sem ekki er ástæða til að tíunda hér en ef eitthvað bar útaf áður fyrr við þjónustuna var einfalt að lagfæra það með einu símtali. Ég hef áhyggjur af að sú þekking og reynsla sem var til staðar á öllum þjónustustigum Ferðaþjónustu fatlaðra sé að fara forgörðum vegna nýinnleiddra breytinga.

**➜ Fórnarkostnaðurinn er hins vegar allt of mikill.**

### Hlusta ber á notendur

Þær hafa jafnframt haft í för með sér aukið álag á bílstjórana sem eru núna alltaf að flýta sér og verða óþolinmóðir og stressaðir í viðleitni sinni við að þjóna tölvukerfinu frekar en notendum þjónustunnar. Óþolinmæði og stress á ekki við þegar verið er að þjónusta fatlað fólk.

Því vil ég hvetja þá sem eru að vinna við að endurskoða breytingar á þjónustunni að hlusta vel á notendur hennar því þeir vita best hvað skiptir þá máli. Vegna aðstæðna sinna þarf fatlað fólk jafnan að temja sér þolinmæði og umburðarlyndi í dagsins önn og er flest seinþreytt til vandræða. Vissulega hljómaði sá ávinningur, sem kynntur var með nýja tölvukerfinu margur hver ágætlega, eins og að hægt er að panta ferðir með styttri fyrirvara. Fórnarkostnaðurinn er hins vegar allt of mikill. Það sem við óskum frekar eftir af Ferðaþjónustu fatlaðra er áreiðanleiki, öryggi og sú persónulega þjónusta sem við vorum vön að njóta. Það þarf ekki að finna upp hjólið aftur. Af hverju að gera við það sem er ekki bilað?




# Gerum Barnasáttmálann að lögum

BARNASÁTTMÁLI



Elín Hirst
alþingismaður



Annicka Engblom
þingmaður í sænska þjóðþinginu



Annette Lind
þingmaður í danska þjóðþinginu

Nýverið var því fagnað á Norðurlöndum og víðar um heim að 25 ár eru liðin frá því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, eða Barnasáttmálinn eins og hann er oftast nefndur í daglegu tali, var undirritaður 20. nóvember árið 1989. Vegna þessara merku tímamóta gefst kjörið tækifæri til að ígrunda hvernig við tryggjum sem best að börn og ungmenni í nútíma samfélagi geti látið til sín taka og haft áhrif á það umhverfi sem þau búa við. Liður í því er að tryggja að Barnasáttmálanum verði veitt formlegt lagagildi í öllum Norðurlandaríkjunum en Danmörk og Svíþjóð eru einar Norðurlandaþjóða sem eiga enn eftir að lögfesta sáttmálann.

### Velferð barna baráttumál

Norðurlönd eru af mörgum talin fyrirmynd innan alþjóðasamfélagsins í mörgum skilningi, þar á meðal á sviði málefna barna og ungmenna. Samt sem áður sýna rannsóknir að tvö af hverjum tíu börnum á Norðurlöndum finna til vanlíðanar. Við viljum því gera enn betur í að hlúa að börnum og ungmennum.

Eitt það mikilvægasta við að tryggja velferð og vernd barna og ungmenna er að hlusta á raddir þeirra og fræða þau um réttindi sín. Skýrslur Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna sýna glögglega að börn sem þekkja rétt sinn eru mun atorkumeiri en ella og geta sett hnefann í borðið ef þau eru beitt ofbeldi, misþyrmingum eða alvarlegri vanrækslu. Þau bregðast betur við aðstæðum sínum og leita ásjár fullorðinna ef þau verða fyrir yfirgangi, misnotkun eða öðrum alvarlegum vanda.

Ráðamenn, ríkisstjórnir og þjóðþing á Norðurlöndum verða einnig að íhuga alvarlega hvaða aðgerðir eru vænlegar til að virkja betur lýðræðishefðir okkar gagnvart ungu fólki og hvetja það til þátttöku. Það er mikið áhyggjuefni að kosningaþátttaka ungs fólks á Norðurlöndunum hefur dregist saman á síðustu árum og jafnframt skrá færri ungmenni sig í stjórnmálaflokka en áður. Það er okkar skoðun að ef ungmennum gefst kostur á að hafa áhrif á eigið samfélag, ef á þau er hlustað og þau fá að njóta hæfileika sinna næst miklu betri árangur en ella.

### Lögfesti sáttmálann sem fyrst

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, sem nýverið fagnaði aldarfjórðungsafmæli sínu, markaði mikil tímamót í baráttunni fyrir réttindum barna. Sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Hann hefur að geyma ýmis grundvallarréttindi og tryggir öllum börnum upp að 18 ára aldri sérstaka vernd og umönnun. Sömuleiðis endurspeglar sáttmálinn nýja sýn á hlutverk og stöðu barna og þar er tekið fram að öll börn eigi rétt á því að vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu.

Finnar voru fyrstir til að lögfesta Barnasáttmálann, hann hefur einnig verið lögfestur í Noregi og á Íslandi. Danir og Svíar eiga eftir að lögfesta sáttmálann, eins og áður segir, og við viljum beita okkur fyrir því sem þingmenn og fulltrúar í Norðurlandaráði að þessi lönd geri það sem fyrst til þess að hægt sé að beita ákvæðum Barnasáttmálans fyrir dómstólum og settum lögum og réttindum barna þannig gefið aukið vægi.

**➜ Eitt það mikilvægasta við að tryggja velferð og vernd barna og ungmenna er að hlusta á raddir þeirra og fræða þau um réttindi sín.**

# Öldruðum refsað fyrir hjónaband og sambúð!

KJÖR ALDRAÐRA



Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara

Mikil viðbrögð voru við grein minni um skammarlega lágan lífeyri eldri borgara, sem birtist í Fréttablaðinu 8. þ.m. Ég fékk margar upphringingar út af greininni. Tekið var undir það að hækka þyrfti lífeyrinn ríflega svo unnt væri að lifa mannsæmandi lífi af honum en það væri ekki unnt í dag. Nokkrir bentu á, að þó lífeyrir einhleypinga frá TR væri lágur væri hann enn lægri hjá þeim, sem væru í hjónabandi eða í sambúð. (Í báðum tilvikum miðað við þá, sem einungis hafa tekjur frá TR.) Það er rétt. Þeir eldri borgarar sem eru í hjónabandi eða í sambúð fá lægri lífeyri en hinir, sem búa einir. Spurningin er sú, hvort það sé réttlátt. Ég tel svo ekki vera. Það er búið að afnema það, að tekjur maka skerði lífeyri aldraðra frá almannatryggingum. Það var mannréttindabrot, að svo skyldi gert. En er það ekki líka mannréttindabrot að skerða lífeyri þeirra eldri borgara, sem búa með öðrum? Ég tel svo vera. Það á að afnema þessar skerðingar bæði hjá öldruðum og öryrkjum. Þessi lífeyrir er svo lágur, að það er út í hött að skerða hann vegna hjónabands eða sambúðar.

### Afnám skerðingar tímabært

Ef litið er á þær fjárhæðir, sem lífeyrisþegar fá frá TR í janúar 2015 kemur eftirfarandi í ljós: Lífeyrir aldraðra sem búa einir er 192 þús. kr. á mánuði eftir skatt. Lífeyrir þeirra sem búa með öðrum er 172 þús. kr. á mánuði eftir skatt (hefur hækkað í janúar). Þetta er skerðing, sem nemur 20 þús. kr. á mánuði. Það er óeðlileg skerðing. Það á ekki að refsa öldruðum fyrir að vera í hjónabandi eða í sambúð. Það eru mannréttindi, að eldri borgarar haldi sömu upphæð lífeyris frá TR hvort sem þeir búa einir eða með öðrum. Árum saman var það mannréttindabrot framið á eldri borgurum, að lífeyrir þeirra frá almannatryggingum var skertur vegna tekna maka. Það var afnumið 2008. Það er tími til kominn að afnema skerðingu lífeyris vegna búsetu með öðrum. Það er alltaf verið að fremja mannréttindabrot á öldruðum og öryrkjum. Þegar kjör lífeyrisþega voru skert 1. júlí 2009 vegna efnahagsáfalls þjóðarinnar tel ég, að mannréttindabrot hafi verið framið. Það er kveðið svo á í mannréttindasáttmálum, sem Ísland hefur samþykkt, að áður en kjör lífeyrisþega eru færð til baka vegna efnahagsáfalla skuli leitað annarra leiða. Það var ekki gert 2009.

**➜ Nokkrir bentu á, að þó lífeyrir einhleypinga frá TR væri lágur væri hann enn lægri hjá þeim, sem væru í hjónabandi eða í sambúð.**

### Ríkið skuldar lífeyrisþegum

Ríkið skuldar lífeyrisþegum 12,6 milljarða kr. vegna kjaraskerðingarinnar frá 2009. Og ríkið skuldar öldruðum og öryrkjum 17 milljarða vegna kjaragliðnunar krepputímans. Lífeyrisþegar hafa ekki efni á því að lána ríkinu þessar upphæðir lengur. Þeir þurfa að fá þær greiddar strax.









# • Offita og fullorðinssykursýki

**OPINN FRÆÐSLUFUNDUR**

mánudaginn 26. janúar kl. 17:00 - 18:30

í fyrirlestrasal *Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE)*, Sturlugötu 8

kaffiveitingar frá 16:30

*Erindi flytja:*



Ragnar Bjarnason
barnalæknir, Landspítala



Rafn Benediktsson
lyflæknir, Landspítala



Hilma Hólm
hjartalæknir, Landspítala og ÍE



Kári Stefánsson
læknir og erfðafræðingur, ÍE

Þetta er þriðji fræðslufundurinn sem Íslensk erfðagreining heldur í vetur um sjúkdóma og rannsóknir.

Á vef okkar getur þú fengið nánari upplýsingar um rannsóknir okkar, skoðað upptökur frá fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista til að fá tilkynningar um fundi.

decode.is/fundir

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

Til fundarins er boðað í samráði við Samtök sykursjúkra

SAMTÖK SYKURSJÚKRA

✝



Ástkær sonur minn og bróðir okkar,

**STEFÁN ÞÓR JÓNSSON**
**Hamraborg 34, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum við Fossvog mánudaginn 19. janúar.
Útförin verður auglýst síðar.

**Inge Löwner Valentínusson**
**og systkini.**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGÓLFUR JÓNSSON**
**frá Hólmi í Landeyjum,**
**Trönuhólum 16,**

lést 13. janúar á Sóltúni 2. Útför hans fer fram frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 28. janúar kl. 13.00.

**Ingibjörg Björgvinsdóttir**
**Óli Baldur Ingólfsson** **Vigdís Ástríður Jónsdóttir**
**Anna Ragnhildur Ingólfsdóttir** **Bragi Halldórsson**
**Bjargey Þrúður Ingólfsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**FRÍÐA PÉTURSDÓTTIR**
**Sólbergi, Bolungarvík,**

lést á Sjúkraskýlinu í Bolungarvík þriðjudaginn 13. janúar. Útförin fer fram frá Hólskirkju laugardaginn 24. janúar kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hólskirkju, reikn. 1176-18-660264, kt. 630169-5269.

**Björg Guðmundsdóttir** **Bjarni Ingólfsson**
**Elísabet Guðmundsdóttir** **Björgvin Bjarnason**
**Ása Guðmundsdóttir**
**Jón Guðni Guðmundsson** **Guðríður Guðmundsdóttir**
**Ragna Guðmundsdóttir** **Sveinbjörn Sveinbjörnsson**
**Ingibjörg Guðmundsdóttir** **Magnús Birgisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓHANN INGIMAR HANNESSON**
**bílstjóri,**
**Garðatorgi 17,**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold laugardaginn 17. janúar. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Ísafoldar, kt: 580699-2519/reikn: 318-13-405034.

**Elsa Björnsdóttir**
**Sigrún Jóhannsdóttir** **Þorsteinn Gunnarsson**
**Hannes Jóhannsson** **Jóhanna Björgvinsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, fósturmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ELÍN SIGURÐARDÓTTIR**
**Dalbraut 27, Reykjavík,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 16. janúar. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 23. janúar kl. 11. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Blindrafélagið.

**Sóldís Björnsdóttir** **Svavar Tjörfason**
**Sigurður Björnsson** **Halldóra Guðmundsdóttir**
**Björn Björnsson** **Heiðrún Jóhannsdóttir**
**Rúnar Ágústsson** **Ingibjörg Karlsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

Útfararþjónusta í 20 ár
FYLGD


Hinrik Valsson


Svanhildur Eiríksdóttir


Gísli G. Guðmundsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og duftker
Þjónusta allan sólarhringinn
Hinrik: Sími 892 0748 / Gísli: Sími 482 4300
www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

---

# Hér er mikið sungið

**Hjúkrunarheimilið Roðasalir í Kópavogi hélt upp á tíu ára afmæli í vikunni og slegið var upp veislu. Þar eru reyndar haldin kaffiboð öðru hvoru og dansað í hverri viku.**

„Við reynum að hafa Roðasali sem líkasta venjulegu heimili, meðal annars með því að elda heimilismat og hafa allt yfirbragð aðlaðandi,“ segir Ída Atladóttir, forstöðumaður hjúkrunarheimilisins Roðasala í Kópavogi. Heimilið var opnað 19. janúar 2005 og tíu ára afmælinu var fagnað í vikunni. Ída kveðst hafa verið þar í átta ár, hún er hjúkrunarfræðingur með meistaragráðu í öldrunarhjúkrun.

Í Roðasölum búa tíu einstaklingar sem glíma við minnistap á fyrri stigum, auk þess sem tuttugu eru þar í dagþjálfun og eitt hvíldarinnlagnarpláss er fyrir hendi.

Ída segir áherslu lagða á tómstundastarf og líkamsþjálfun ásamt því að virkja fólk eins og hægt er til þátttöku í daglegum verkum á heimilinu. Lykilatriði sé að skapa umhverfi sem uppfylli mannlegar þarfir, tryggi góðan svefn, næringu og gott atlæti á allan hátt auk þess að viðhalda félagslífi. „Hér er til dæmis mikið sungið og hingað kemur harmóníkuleikari einu sinni í viku til að spila fyrir dansi. Stundum koma leikskólabörn í heimsóknir og prestar og starfsmenn Rauða krossins koma reglulega og halda uppi dagskrá. Svo styttist í þorrablótið og öðru hvoru höfum við kaffiboð fyrir aðstandendur.“ Um 30 starfsmenn eru í Roðasölum, fimm þeirra hafa starfað þar frá upphafi.




**REYNSLUBOLTAR** Sjúkraliðarnir Ingibjörg Lóa Ármannsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Guðrún Lóa Jónsdóttir, ásamt Guðrúnu Viggósdóttur, deildarstjóra sambýlis, og Ídu Atladóttur forstöðumanni. Allar hafa starfað í Roðasölum í tíu ár nema Ída.

gun@frettabladid.is

---

✝



Elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn og frændi,

**ÞÓRÓLFUR SVERRISSON**
**ÞÓRÓ**

verður jarðsunginn frá Lindakirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13.00.

**Þóra Jónasdóttir** **Sverrir Karlsson**
**Hrund Sverrisdóttir** **Burkni Jóhannesson**
**Sigurgarður Sverrisson** **Tuktar Insorn**
**Sigrún Daníelsdóttir** **Guðbjarni Traustason**
**Þorbjörg Ingibergsdóttir** **Sverrir Traustason**
**Jónas Kr. Jónsson** **Bjarmar Ernir Waage**
**og systkinabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**STURLA EIRÍKSSON**

lést mánudaginn 19. janúar síðastliðinn.
Útför verður auglýst síðar.

**Solveig Thorarensen**
**Ingunn Ósk Sturludóttir** **Björn Baldursson**
**Rósa Sturludóttir**
**Óskar Sturluson** **Þorgerður Jörundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

✝



Föðurbróðir minn og frændi,

**MAGNÚS SIGURJÓNSSON**

lést 7. janúar. Útför fór fram í kyrrþey.

**Ingibjörg Viggósdóttir** **Jón Bergvinsson**
**Viggó Arnar Jónsson**
**Bergvin Jónsson** **Ásgerður Þorsteinsdóttir**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR**
**frá Hrauni, Grindavík,**
**Melgerði 21, Kópavogi,**

sem lést þann 13. janúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 23. janúar kl. 13.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Sigurliði Guðmundsson** **Ríkey Guðmundsdóttir**
**Katrín Guðmundsdóttir**
**Anna Þórdís Guðmundsdóttir** **Jón Steinar Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**GUNNAR SUMARLIÐASON**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudagskvöldið 19. janúar. Útför verður auglýst síðar.

**Brynhildur Jónsdóttir**
**Guðný Jóna Gunnarsdóttir**
**Hulda Maggý Gunnarsdóttir**

---

✝



Okkar ástríki faðir,

**GUNNHALLUR SIGFREÐ ANTONSSON**

lést á heimili sínu 9. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram fimmtudaginn 29. febrúar í Svíþjóð.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**

**Arngrímur Þór Gunnhallsson, Jónas Gunnhallsson og Júlíana Guðrún Gunnhallsdóttir**

---

✝



Okkar ástkæri

**SIGTRYGGUR JÓNSSON**
**Austurbyggð 17, Akureyri,**
**frá Samkomugerði í Eyjafjarðarsveit,**

lést föstudaginn 16. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. janúar kl. 13.30.

**Halldóra J. Jónsdóttir**
**Halla Lilja Jónsdóttir**
**Sigfús Jónsson**
**Ólafur Jóhann Borgþórsson**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn,

**BENEDIKT E. RUTHERFORD**
**(BENNÓ)**
**Gunnarssundi 7, Hafnarfirði,**

andaðist 18. janúar sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 26. janúar kl. 11.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar og systkina hins látna,**
**Sigríður Sigurðardóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**



**Í FÓTSPOR SJÓNVARPSSTJÖRNU** Michelle Obama, forsetafrú Bandaríkjanna, klæddist dragt eftir Michael Kors nýverið. Athygli hefur vakið að leikkonan Julianna Margulies klæddist sams konar dragt í hlutverki sínu í þáttunum The Good Wife. Þar leikur hún eiginkonu valdamikils stjórnmálaleiðtoga.

TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

# HLAÐBORÐ Á VIÐRÁÐANLEGU VERÐI

**MÍNIR MENN KYNNA** *Löng og farsæl reynsla og sérstaklega hagstætt verð er lykillinn að vinsældum veisluhlaðborðanna hjá Mínum mönnum.*

Mínir menn, alhliða veisluþjónusta sem byggir á meira en 30 ára reynslu Magnúsar Inga Magnússonar veitingamanns, býður upp á heit og köld hlaðborð, smáréttaborð, þorraveislur, pottrétti, súpur og fleira fyrir hin ýmsu tilefni. „Við leggjum áherslu á klassísk hlaðborð með gæðin í fyrirrúmi en á eins hagstæðu verði og mögulegt er, eða 1.990 kr. á mann," segir Magnús Ingi. „Við vitum hvað er vinsælast og veljum réttina eftir því, en höldum verðinu niðri með því að hafa þá heldur færri en fleiri. Ef viðskiptavinirnir vilja meira úrval er það sjálfsagt mál, en þá hækkar verðið aðeins. Ég legg áherslu á að veita viðskiptavinunum faglega ráðgjöf, enda eru langflestir ánægðir. Jólahlaðborðin voru til dæmis gríðarlega vinsæl hjá okkur."

Nú er rétti tíminn til að huga að veitingunum í fermingarveisluna og þar er Magnús Ingi og hans fólk á heimavelli. „Ég veit ekki til þess að nokkur bjóði betur en við, 1.990 kr. fyrir heitt og kalt fermingarhlaðborð. Ánægðir viðskiptavinir hafa bent mér á að dýrara hefði verið fyrir þá að sjá sjálfir um veisluna, fyrir utan álagið sem því fylgir." Svo er þorrinn að hefjast og margir búnir að panta þorraveislu hjá Mínum mönnum, sem kostar líka aðeins 1.990 kr.

Veisluhlaðborðin henta fyrir alls konar veislur og mannfagnað í heimahúsum, veislusölum og á vinnustöðum. Lágmarksfjöldi er tíu manns og Mínir menn mæta á staðinn með veisluföngin ef fjöldinn nær fimmtíu eða fleirum.

Nánari upplýsingar eru á vef Minna manna, minirmenn.is, og á Facebook.



MYNDIR/K.MAACK

**VEISLUHLAÐBORÐ**
Djúpsteiktar rækjur – reykt svínakjöt – lamba- og grísasteik – kjúklingur – brún sósa – brúnaðar kartöflur – súrsæt sósa – fjölbreytt grænmeti – ferskt salat.

**1.990 kr. á mann**

**ÞORRAHLAÐBORÐ**
Hrútspungar – lundabaggar – bringukollar – hákarl – harðfiskur – tvær útgáfur af síld – sviðasulta – lifrarpylsa – blóðmör – hangikjöt – heitt saltkjöt á beini – rófustappa – kartöflur í uppstúf – rúgbrauð og smjör.

**1.990 kr. á mann**



ÚTSALA
Allir skór á 40% afslætti
Spariskór í úrvali

hjá Hrafnhildi
• Sími 581 2141

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU


Valhöll
Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.

20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.
KORTER.IS
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Gerðu gæða- og verðsamanburð
Fimm stjörnu verslun
Verðdæmi:
Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

| Stærð | Verð |
| --- | --- |
| 100x200 | 74.900 kr. |
| 120x200 | 79.900 kr. |
| 140x200 | 89.900 kr. |
| 160x200 | 104.900 kr. |
| 180x200 | 114.900 kr. |

*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Svefn & heilsa ★★★★★
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Enn meiri verðlækkun
50-80% afsláttur

| | Verð áður: | Verð nú: |
|---|---|---|
| Pleðurjakki | 14.900 kr. | 4.900 kr. |
| Kjóll | 9.900 kr. | 3.900 kr. |
| Peysa | 9.900 kr. | 2.900 kr. |
| Ermatoppur | 8.900 kr. | 2.900 kr. |
| Síð peysa | 9.500 kr. | 4.500 kr. |
| Opin peysa | 6.900 kr. | 1.900 kr. |
| Kvarterma bolur | 4.900 kr. | 990 kr. |
| Buxur | 15.900 kr. | 5.900 kr. |

Opið virka daga kl. 11–18
Opið laugardaga kl. 11-16
black pepper
FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

Plokkfiskur
hollur kostur á 5 mín.



# FLEIRI VILJA VERA FÍNIR Í TAUINU

**ARMANI Í UPPÁHALDI** *Heimir Hákonarson starfar í Herragarðinum og hefur eðli málsins samkvæmt nokkurn áhuga á fötum og tísku. Hann eltir þó ekki endilega tískustrauma heldur leggur meira upp úr vönduðum og fallegum fötum. Hann segir æ fleiri unga stráka vilja vera fína í tauinu. Að hans mati er herramennska í tísku. Yfirhöfn frá Armani er í uppáhaldi.*

**Hvernig myndir þú lýsa eigin stíl?**
Ég myndi segja að ég vilji yfirleitt vera fínn í tauinu en hins vegar ekki yfirdressaður. Afslappað og stílhreint væru orð sem ég myndi nota.

**Áttu þér einhverja tískufyrirmynd?**
Það er auðvelt að finna fyrirmyndir bæði í viðskiptavinum mínum og eins í samstarfsfélögum. En annars er ég voða lítið að skoða eitthvað frægt fólk þegar kemur að vali á fötum.

**Hvert sækir þú innblástur?**
Ég vafra stundum á netinu og skoða myndir hér og þar, en yfirleitt er nægan innblástur að sækja í vinnunni. Það fylgir jafnframt starfinu að fylgjast með því sem gengur og gerist í fatabransanum.

**Hvar kaupir þú helst föt?**
Þar sem ég vinn í Herragarðinum liggur auðvitað beint við að ég kunni vel við úrvalið þar. En svo kíki ég líka í Hugo Boss. Þetta eru mínir áfangastaðir í fatakaupum.

**Er einhver hönnuður í uppáhaldi?**
Klárlega Giorgio Armani. Ég held að fáir hafi haft eins mikil áhrif og hann. Hann notar einfalda liti og línur sem eru tímalausar og afslappaðar. Hann sveiflast lítið með tískunni en er samt alltaf inn.

**Einlitt eða munstrað?**
Oftast einlitt en ég á það til að poppa upp lúkkið með munstruðum skyrtum svo dæmi séu nefnd. Þá leita ég oft í paisleymunstrið. Svo er ég mikið fyrir vandaða og litríka sokka. En þetta er vandmeðfarið. Maður má ekki verða eins og jólatré.

**Slaufa eða bindi?**
Langoftast nota ég bindi en það kemur fyrir að ég hendi á mig slaufu. Ég gerði nú einu sinni slaufu úr sokkapari. Það vakti mikla kátínu félaganna.

**Hver eru bestu kaupin?**
Það er erfitt að gera upp á milli, en ég held  ég verði að segja grá Armani-yfirhöfn sem ég keypti 2012. Svo læt ég sauma á mig Stenströms-skyrtur og ég er alltaf ánægður með þær. Þá eru svörtu Hugo-gallabuxurnar mínar alltaf í uppáhaldi.

**En verstu?**
Peysa og skyrta sem ég keypti mér einhvern tímann í H&M. Þetta entist mér í sirka þrjú skipti og var svo ónýtt. Síðan þá hef ég haft þá reglu að kaupa aðeins dýrara og sjaldnar.

**Er einhver flík skápnum í uppáhaldi?**
Armani-leðurhanskarnir mínir. Ef ég fer út á morgnana í íslensku vetrarveðri án þeirra er lúkkið ónýtt og mér verður kalt.

**Hvað hefur þú unnið lengi í Herragarðinum?**
Í tvö og hálft ár. Var áður verslunarstjóri í Dressmann.

**Ertu mikill áhugamaður um tísku?**
Ég er meiri áhugamaður um vönduð og falleg föt en einhverja sérstaka tískustrauma.

**Getur þú nefnt einhverja tískustrauma sem eru ríkjandi um þessar mundir?**


**STÍLHREINT OG AFSLAPPAÐ** Armani-yfirhöfn, Armani-hanskar og Hugo-gallabuxur eru í mestu uppáhaldi hjá Heimi. Þá lætur hann sauma á sig Stenströms-skyrtur sem hann er alltaf ánægður með. MYND/ERNIR

Ég myndi segja að karlmenn væru farnir að huga meira að því að kaupa vandaða vöru. Aragrúi af vefsíðum og aðgengi að upplýsingum um fatnað er nú miklu meira en áður. „Street"-lúkkið er svolítið að detta út. Ég sé það á ungu strákunum sem versla hjá mér að þeir vilja vera fínir og hugsa vel um fötin sín. Það má segja að herramennskan sé í tísku.




Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook 1. hæð Kringlunnar Hægt er að panta í síma: 551-1314















**GAMALT HANDVERK Í NÝJUM KJÓL** Berglind notaði efnisbúta úr ýmsum áttum til að sauma hina fallegu kjóla. MYND/GVA

# FJÖLSKYLDUSAGAN SÖGÐ Í SKÍRNARKJÓL

**SÝNING** *Hvað á barnið að heita? er sýning sem stendur yfir í Gerðubergi. Þar eru sýndir skírnar- og nafnakjólar sem Berglind Birgisdóttir hefur saumað úr gömlum sængurverum, dúkum, munnþurrkum, milliverki og gardínum.*

Fyrsti skírnarkjóllinn var hluti af lokaverkefni mínu í Kennaraháskóla Íslands árið 2009. Ég var að skrifa ritgerð um óhefðbundinn efnivið í textílkennslu og ákvað að sauma skírnarkjól upp úr gardínum frá ömmu,“ segir Berglind um upphafið að þessu skemmtilega verkefni. Berglind hafði eignast mikið af fallegum blúndum, gardínum og öðrum efnum frá ömmu sinni sem lést um það leyti sem hún vann að lokaverkefni sínu. „Ég fékk allt sem var orðið slitið, götótt og átti að henda. Mér fannst einhverjar minningar og tilfinningar tengdar þessum efnisbútum og langaði því að gera eitthvað með þá.“

Berglind hefur ekki tölu á þeim skírnarkjólum sem hún hefur saumað í gegnum tíðina en á sýningunni í Gerðubergi eru vel yfir tuttugu kjólar, bæði síðir og stuttir, jafnt skírnar- og nafnakjólar auk kjóla sem hægt er að klæða börnin í eftir skírn. Kjólarnir njóta sín vel svífandi neðan úr lofti sýningarrýmisins sem kallað er Hornið og er á neðri hæð Gerðubergs. Veggina þekja nöfn drengja og stúlkna, nafnabók er á staðnum og nafn dagsins er birt daglega.

**SAGA Í HVERJUM KJÓL**

„Með því að sauma kjól upp úr gömlum efnivið getur maður tengt hann við ættarsöguna. Þannig veit fólk hvaðan efniviðurinn kemur, hver saumaði kjólinn og fyrir hvern. Þannig er hægt að skrifa söguna til framtíðar í gegnum handverkið,“ lýsir Berglind, sem hefur einnig saumað skírnarkjóla eftir pöntunum. „Stundum kemur fólk með efniviðinn til mín, sína sögu eins og ég kalla það. Kannski dúk sem langamma heklaði, og ég færi hann í þennan nýja búning.“

Enginn kjólanna á sýningunni hefur enn verið notaður. Berglind hefur fengið mikil viðbrögð við sýningunni, sumir hafa hringt og falast eftir einstökum kjólum auk þess sem verslanir hafa haft samband. „Ég held svolítið fast í þessa kjóla og er ekki sama hvert þeir fara,“ segir Berglind brosandi.

Skírnarkjólasaumurinn hefur verið gæluverkefni Berglindar. „Ég sauma aðallega fatnað fyrir samkvæmisdans sem er gjörólíkt þessu enda miklu meiri glys og glamúr,“ segir hún glettin en þykir líklegt að nokkrir skírnarkjólar fæðist til viðbótar næstu árin. „Ég hef svo gaman af að tengja kjólasauminn við gamalt handverk og íslenska menningu.“

■ solveig@365.is

## SÝNINGIN

Sýning Berglindar hefur verið framlengd til 12. apríl 2015 og er opin virka daga kl. 9-18 og kl. 13-16 um helgar.



**SVÍFANDI** Berglind við nokkra af kjólunum á sýningunni Hvað á barnið að heita? sem stendur yfir í Gerðubergi. MYND/GVA


TRI Suðurlandsbraut 32
ParkTool
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
CUBE
Tacx
CRAFT
GARNEAU
BROOKS
*Cube reiðhjólið á myndinni er 2015 árgerð og ekki á útsölu -
GARNEAU
-30%
LG hjálmar frá 8.990kr
ÚTSALA 6.300kr
AIM 26 (2014)
Verð fyrir afslátt -
89.990kr
Verð miðað við 35% afslátt
58.990kr
*meðan birgðir endast
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!
ÚTSÖLULOK
24.JANÚAR, 2015
Park Tool 10.500kr
Park Tool 10.500kr
-30%
CUBE bakpokar frá 9.990kr
ÚTSALA 6990kr
-30%
GARNEAU
LG vetrarskór 33.990kr
ÚTSALA 23.990kr
-30%
GARNEAU
LG hanskar 8.990kr
ÚTSALA 6.300kr
-20%
TACX
TRAINER
Verð frá: 31.990kr
NAGLADEKK
Á GÓÐU VERÐI!
-30%
SCHWALBE
Nagladekk frá 8.990kr
ÚTSALA 6.300kr
-30%
CUBE
RFR ljós 3.990kr
ÚTSALA 2.799kr
-30%
BROOKS
Brooks skór frá 23.990kr
ÚTSALA 16.799kr
-30%
CRAFT
CRAFT jakkar frá 18.990kr
ÚTSALA 13.300kr
BORGUN
TRI VERSLUN býður viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum í allt að 36 mánuði í samstarfi við Borgun
-30%
WWW.TRI.IS
-30%
Opnunartími: 11:00 til 18:00 alla virka daga
Opið á laugardögum 11:00 til 16:00

# KATIE KLÆDD EINS OG SÚPERMÓDEL

**TÍSKUVIKAN** *Katie Holmes mætti á tískuvikuna í Berlín í alklæðnaði eftir Marc Cain sem sýndur var á pöllunum sama kvöld.*






**Á FREMSTA BEKK** Leikkonurnar Katie Holmes og Elizabeth Hurley fylgdust með Marc Cain kynna haust- og vetrarlínuna 2015 á tískuvikunni í Berlín. Katie klæddist flíkum sem voru til sýnis á pallinum. Á eftir skelltu þær sér í kvöldverðarboð hönnuðarins. NORDIC PHOTOS GETTY




Leikkonan og Íslandsvinkonan Katie Holmes skellti sér á tískuvikuna í Berlín sem nú stendur sem hæst. Leikkonan vakti athygli fyrir klæðaburð á haust- og vetrarsýningu Marcs Cain á þriðjudagskvöldið en hún var í grárri, skósíðri ullarkápu eftir hönnuðinn og stuttum kjól, en flíkurnar voru einmitt sýndar á tískusýningunni. Þær koma ekki á markað fyrr en síðsumars.

Við hlið Katie sat breska leikkonan Elizabeth Hurley. Eftir sýninguna mættu þær báðar í kvöldverðarboð Marc Cain ásamt hópi leikkvenna, fyrirsæta og tískubloggara.

AUKAKÍLÓIN BURT
Fagfólk mælir með Aptiless
Vertu örugg - Veldu efni sem virkar
Vísindarannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð




Hungurtilfinning minnkar strax
Thylakoids: Dregur úr hungri - Eykur mettun
Minnkar sykurlöngun - Minnkar ummál - Fækkar aukakílóum
Stútfullt af hollustu 1 skammtur = 5 bollar af fersku spínati
Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir flest apótek og heilsubúðir.

Mígreni.is
MigreLief fyrirbyggjandi fæðubótarefni fyrir fullorðna og börn

# GWYNETH HNEYKSLAR TWITTER-NOTENDUR

*Nýjasta tíska eftir vinsælan tískuhönnuð þarf ekki endilega að fara glæsilegri konu vel. Því fékk Gwyneth Paltrow að finna fyrir á dögunum.*

Hollywood-leikkonan Gwyneth Paltrow fer ekki alltaf hefðbundnar leiðir í fatavali. Hún var kosin verst klædda konan þegar hún hlaut Óskarsverðlaun 1999 fyrir leik sinn í kvikmyndinni Shakespeare in Love. Nú er allt vitlaust vegna samfestings sem hún klæddist í spjallþætti Jimmy Fallon, The Tonight Show, á dögunum. Samfestingurinn er eftir hinn þekkta tískuhönnuð Elie Saab og tilheyrir vortískunni 2015.

Samfestingurinn er fölbleikur eða húðlitur eins og gagnrýnendur vildu meina. Twitter logaði á meðan á þættinum stóð. Sumir sögðust vera hræddir við að líta á skjáinn og sjá leikkonuna í þessari ömurlega múnderingu. Ein sagði að leikkonan væri hryllilega klædd, „Ég er farin í rúmið“. Önnur sagði að hún væri með verstu „kameltá“ sem sést hefur. Margir notendur voru sammála því.

Gwyneth, sem er 42 ára, ber vel þröngan samfesting en þó tæpast þennan fölbleika lit, að minnsta kosti miðað við viðbrögðin sem hún fékk. Fólki fannst eins og hún væri nakin. Flestir höfðu skoðanir á þessum klæðnaði sem yfirskyggði það sem hún hafði fram að færa en Gwyneth söng lag í þættinum.

Samfestingar hafa verið að ryðja sér til rúms í tískuheiminum og leitar hún þar til áttunda áratugarins og byrjunar þess níunda. Búast má við að samfestingar verði algengir þegar vorar.




**UMTALAÐUR** Netið logaði þegar Gwyneth Paltrow mætti í kvöldþátt Jimmy Fallon. Það var samfestingurinn sem rætt var um. E-online gerði könnun á því hvor samfestingurinn væri betri, sá sem Ellen Pompeo klæddist eða samfestingur Gwyneth Paltrow. MYND/GETTY

Vegna harkalegra viðbragða á netinu tók e-online sig til og gerði könnun á hvor væri fallegri, samfestingur sem Ellen Pompeo klæddist á verðlaunahátíðinni People's Choice Awards þann 7. janúar eða sá sem Gwyneth Paltrow klæddist í kvöldþættinum. Samfestingarnir eru báðir eftir Elie Saab og í svipuðum lit. Sú fyrrnefnda hafði vinninginn, 84,8% töldu hennar samfesting fallegri.

ENDURSKOÐUN &BÓKHALD

Kynningarblað Inkasso, dk hugbúnaður, PwC og KPMG

# Rétt nálgun ber góðan árangur

**Á skömmum tíma hefur Inkasso vaxið úr litlu innheimtufyrirtæki í eitt af þeim stærri hérlendis. Fyrirtækið þjónustar mörg af stærri fyrirtækjum landsins auk fjölda stofnana og einstaklinga. Inkasso hefur alla tíð lagt meginaherslu á að bjóða framúrskarandi þjónustu.**

Inkasso er framsækið innheimtufyrirtæki sem sinnir innheimtu fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins, stofnanir og einstaklinga. Fyrirtækið var stofnað árið 2010 og hefur á skömmum tíma þróast úr litlu og lítt þekktu innheimtufyrirtæki yfir í eitt af stærri innheimtufyrirtækjum landsins. Inkasso skipti um eigendur í lok árs 2012 og féll í kjölfarið undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins (FME).

Georg Andersen tók við sem framkvæmdastjóri um áramótin eftir að hafa gegnt stöðu framkvæmdastjóra móðurfélags Inkasso allt síðasta ár. Hann segir að frá því Inkasso tók til starfa vorið 2010 hafi áherslan alltaf verið á að bjóða upp á framúrskarandi þjónustu sem væri gjaldfrjáls fyrir viðskiptavini en um leið sveigjanleg fyrir greiðendur krafnanna.

„Innheimtukostnaður fyrirtækja getur verið hár og er oft umdeilanlegur. Nálgun Inkasso í innheimtu hefur verið önnur en hjá öðrum í sambærilegri starfsemi. Bæði er gjaldskrá okkar lægri en almennt gerist auk þess sem fyrirtækið hefur haft það að leiðarljósi að reyna að skilja aðstæður ólíkra skuldara og að koma til móts við þá eins og hægt er þegar við á.“

- *Að skapa áhugaverð tengsl starfseminnar á skipulagssvæðinu við nærumhverfið og aðlaðandi útisvæði.*

Deiliskipulagstillagan ásamt greinargerð verður til sýnis í ráðhúsi Hafnarbraut 27 á venjulegum opnunartíma frá og með 22. janúar til og með 6. mars 2015. einnig á heimasíðu sveitarfélagsins http://www.hornafjordur.is/stjornsysla skipulag í kynningu. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 6. mars. 2015 og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is.
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson skipulagsfulltrúi



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is


APPELSÍN
Íslandsbanki
Síminn
2
ÍSLAND GOT
TALENT
HEFST Á SUNNUDAGINN
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA!
365.IS




3 | KL. 20:00
**American Idol**
Fjórtánda þáttaröð af þessum sívinsælu þáttum þar sem allir sigurvegarar fyrri þátta hafa slegið í gegn á heimsvísu.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

2 | KL. 20:15
**Restaurant Startup**
Skemmtilegur raunveruleikaþáttur þar sem valið er á milli tveggja hópa þátttakenda sem þurfa að móta hugmynd að nýju veitingahúsi.



2 | KL. 21:00
**NCIS**
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



2 | KL. 22:30
**Crimes That Shook Britain**
Heimildarþáttaröð um glæpi sem skóku Bretland. Í hverjum þætti verður farið yfir eitt mál og það skoðað frá öllum hliðum.



| KL. 22:00
**The Book Thief**
Áhrifamikil mynd frá 2013 sem gerist á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar með Geoffrey Russ og Emily Watson í aðalhlutverki.



| KL. 21:45
**Vice**
Glænýir og áhrifamiklir fréttaskýringaþættir þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar um heim allan.




Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 8 | 3 | 5 | 9 | | 6 |
| 3 | | 5 | | | 6 | | | |
| 6 | | | | 1 | | | | |
| 5 | | 1 | 2 | | | | 7 | |
| | | | | 6 | | 3 | | 8 |
| 8 | | | | | | 1 | 2 | |
| | 6 | | 5 | 8 | | 7 | 1 | 3 |
| 1 | | 8 | 9 | 7 | | | | |
| | | | | 2 | | 8 | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 1 | | | | 5 | |
| 5 | | | 7 | | | | | |
| 6 | | 9 | | 3 | | 1 | 2 | |
| 3 | 9 | | | | | | 6 | 1 |
| 1 | | | | | | 2 | | |
| 4 | | | | 6 | | | | |
| | 6 | 2 | | | 9 | 5 | | |
| | 1 | | | | 2 | 7 | 9 | |
| | 4 | | | | 8 | | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | | | 3 | 5 | 7 |
| 8 | 7 | | | | 4 | 6 | | |
| | | | | 6 | | 8 | | 4 |
| 6 | | 4 | 7 | | | | | 1 |
| | | | | 1 | | 2 | 7 | 3 |
| | | | | | | | | 5 |
| | 1 | 8 | 6 | 3 | 9 | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | 9 | | | 2 | | | 6 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 3 | 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 5 | 8 | 4 |
| 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 3 | 8 | 7 | 5 | 4 | 2 | 6 | 1 |
| 1 | 5 | 7 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 3 |
| 4 | 6 | 2 | 1 | 8 | 3 | 7 | 5 | 9 |
| 8 | 4 | 3 | 2 | 1 | 9 | 6 | 7 | 5 |
| 2 | 9 | 5 | 4 | 6 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 7 | 1 | 5 | 3 | 8 | 4 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 2 | 7 | 4 | 9 |
| 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 7 | 4 | 5 | 3 | 6 | 8 |
| 3 | 1 | 2 | 4 | 7 | 8 | 6 | 9 | 5 |
| 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 8 | 6 | 7 | 9 | 5 | 3 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 7 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 2 | 5 | 6 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 8 | 7 | 5 | 1 | 3 | 9 | 2 |
| 5 | 3 | 9 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 9 | 3 | 4 | 5 | 6 | 8 |
| 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 |
| 2 | 9 | 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 4 | 5 |
| 9 | 6 | 4 | 3 | 1 | 8 | 2 | 5 | 7 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 9 | 7 | 4 | 8 | 3 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli




**GELGJAN**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Gærdaginn getum við ekki endurheimt en á morgun getum við sigrað eða tapað."

*Lyndon B. Johnson.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** fíkniefni, **6.** mannþvaga, **8.** húðsepi milli táa, **9.** rangl, **11.** tveir eins, **12.** víðátta, **14.** einkennis, **16.** skst., **17.** skammstöfun, **18.** hress, **20.** tveir eins, **21.** fyllibytta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** nauðsyn, **3.** frá, **4.** eyja í Miðjarðarhafi, **5.** stykki, **7.** hugarró, **10.** óvild, **13.** sjór, **15.** þekking, **16.** fjór, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** hass, **6.** ös, **8.** fit, **9.** ráf, **11.** kk, **12.** flæmi, **14.** aðals, **16.** fr, **17.** rek, **18.** ern, **20.** yy, **21.** róni. **LÓÐRÉTT: 1.** þörf, **3.** af, **4.** sikiley, **5.** stk, **7.** sálarró, **10.** fæð, **13.** mar, **15.** skyn, **16.** fer, **19.** nn.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Jón Þór Bergþórsson (2.164), Taflfélagi Garðabæjar, hafði hvítt gegn Héðni Briem (1.464), Víkingaklúbbnum, á Íslandsmóti skákfélaga. Hvítur á leik**



**22. Be7!** og svartur gafst upp enda liðstap óumflýjanlegt. Carlsen gerði stutt jafntefli við Ivanchuk í níundu umferð Tata Steel-mótsins í gær eftir sex sigurskákir í röð.
**www.skak.is** Úrslit frá sjöttu umferð Skákþings Reykjavíkur.

# VINSÆLAR FARTÖLVUR

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS

8555GTK

NÝ KYNSLÓÐ – ÖRÞUNN AÐEINS 18mm OG FISLÉTT

### V5-552G

**NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA**

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með 4ra kjarna örgjörva, öflugu Radeon HD 8750 Dual leikjaskjákorti og Dolby 4.0 hljóðkerfi.

- AMD A8-5557M Quad Core 3.1GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 2GB Radeon HD8750M DUAL leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 720p CrystalEye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

4 SPEAKERS

acer

**119.900**

VINSÆLASTA FARTÖLVAN OKKAR;)

678L

acer

### E5-521

- AMD A6-6310 Quad Core 2.4GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 2GB AMD R4 128GCN DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Glænýj rafhlöðutækni allt að 8 tímar
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**89.900**

FÆST Í 2 LITUM

EX2509

NÝ SENDING VAR AÐ LENDA

acer

### EXTENSA

- Intel Dual Core N2840 2.58GHz Burst
- 4GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 512MB Intel HD Graphics skjákjarni
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Glænýj rafhlöðutækni allt að 7 tímar
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**49.900**

Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

571-58TQ

FULL HD IPS 1920x1080 SKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ

acer

### NITRO

- Intel Core i5-4210U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 12GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SSHD og 8GB SSD Hybrid diskur
- 15.6" FULL HD 1920x1080 IPS skjár
- 4GB GeForce GTX850M leikjaskjákort
- 4.0 Dolby Digital Plus Surround hljóðkerfi
- 300Mbps WiFi 2x2 MIMO, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

**176.900**

ÓTRÚLEG DRAUMAFARTÖLVA:)

2014

ÞÚ FÆRÐ MACBOOK – EINI BETRA VERÐI

### MacBookPro

**13" RETINA 256GB**

- Intel Core i5-4288U 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD PCIe Flash - 60% hraðari
- 13.3" IPS Retina 2560x1600 skjár
- Intel Iris Graphics og HDMI tengi
- AC WiFi, BT4.0, USB 3.0, Thunderbolt 2
- Apple OS X Mavericks stýrikerfi

**249.900**

ALGENGT VERÐ 289.990

59427848

QHD+ IPS FJÖLSNERTISKJÁR MEÐ 178° SJÓNARHORNI

3 DAGA TILBOÐ – VERÐ ÁÐUR 209.900

360° SNÚNINGUR – FARTÖLVA, STANDUR OG SPJALDTÖLVA

BAKLÝST LYKLABORÐ Í FULLRI STÆRÐ

### YOGA2PRO

**AFLMIKIL ULTRABOOK**

Ótrúlega glæsileg og örþunn fartölva með Quad HD+ IPS fjölsnertiskjá sem hægt er að snúa 360°, Dolby hljóðkerfi og 9 tíma rafhlöðu.

- Intel Core i7-4510U 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SATA3 SSD ofur hraður diskur
- 13.3" QHD+ IPS fjölsnertiskjár 3200x1800
- 1GB Intel HD 4400 DX11 skjákjarni
- AccuType lyklaborð með baklýsingu
- 300Mbps Dual Band WiFi, BT 4.0, USB 3.0
- Glænýj rafhlöðutækni allt að 9 tímar
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

lenovo

**199.900**

FÆST Í 2 LITUM

ENGIN VÖRUGJÖLD 2015 – ENGIN VÖRUGJÖLD OG ENN LÆGRA VERÐ – LÆKKUN Á ÖLLUM HÁTÖLURUM, HEYRNARTÓLUM, SKJÁVÖRPUM OG FLEIRI VÖRUM – AF ÖLLUM VÖRUM SEM ÁÐUR VORU MEÐ VÖRUGJÖLD

AIRPUMP **4.990** VERÐ ÁÐUR 6.990

2 LITIR – SONICEAR

**ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL**

VERÐ FRÁ: **4.990**

WENGER

**HÁGÆÐA TÖSKUR**

ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ!

Wi-Fi ÞRÁÐLAUS

J132W **14.900**

brother at your side

**WiFi FJÖLNOTATÆKI**

BACKUP PLUS **19.900**

2 LITIR – SEAGATE

**2TB FERÐAFLAKKARI**

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer Apple hp lenovo Microsoft packard bell SAMSUNG TOSHIBA

# Ljóð á hinum ólíklegustu stöðum í Kópavogi næstu daga

Enginn hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör á Ljóðahátíð Kópavogs þetta ár því innsend ljóð uppfylltu ekki gæðakröfur dómnefndar.

Dagar ljóðsins hófust í gær í Kópavogi og standa til 25. janúar. Við setningu þeirra í Salnum var tilkynnt að enginn hlyti Ljóðstaf Jóns úr Vör að þessu sinni, þar sem ekkert 180 innsendra ljóða uppfyllti gæðakröfur. Þetta er í annað sinn í fjórtán ára sögu ljóðasamkeppninnar sem dómnefnd ákveður að ekkert innsendra ljóða hljóti fyrstu verðlaun. Hins vegar var úthlutað verðlaunum í ljóðasamkeppni grunnskóla Kópavogs og var Unnur Hlíf Reynisdóttir, nemandi Vatnsendaskóla, þar hlutskörpust fyrir tvö ljóð.

Vegfarendur mega eiga von á að rekast á ljóð á hinum ólíklegustu stöðum í Kópavogi næstu daga, í sundi og strætó, á vefsíðum og við verslunarkjarna. Ljóð fást gefins í Bókasafni Kópavogs og víða um bæ poppar ljóðalestur upp.

Höfundur vikunnar á Bókasafni Kópavogs er Gerður Kristný skáld. Gestum safnsins býðst að spreyta sig á að blanda saman þekktum ljóðlínum á ljóðavegg og mynda þar með sitt eigið ljóð.

- gun

➜ Gestum Bókasafns Kópavogs býðst að spreyta sig á að safna saman þekktum ljóðlínum á ljóðavegg.



**KÓPAVOGSSKÁLDIÐ** Jón úr Vör prýðir Hamraborgina.

# Þakklæti og hvatning efst í huga

Fjöruverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Höfða í gær og þau eru verðlaunahöfunum hvatning til þess að halda ótrauðir áfram.



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, voru veitt í níunda skipti við hátíðlega athöfn í Höfða síðdegis í gær. Tilgangur Fjöruverðlaunanna er að stuðla að aukinni kynningu á ritverkum kvenna og hvetja konur í rithöfundastétt til dáða. Venju samkvæmt fengu verðlaunahafar keramikegg eftir listakonuna Koggu en að þessu sinni steig frú Vigdís Finnbogadóttir á svið og afhenti verðlaunahöfum gjafabréf fyrir dvöl á Kolkuósi í Skagafirði. Veitt eru verðlaun í þremur flokkum; fagurbókmenntum, barna- og unglingabókmenntum og fræðibóka og rita almenns eðlis.

Sigurvegari í flokki fagurbókmennta að þessu sinni er Elísabet Jökulsdóttir fyrir ljóðabókina Ástin ein taugahrúga. Enginn dans við Ufsaklett. Ljóð Elísabetar lýsa á óvenju opinskáan og einlægan hátt ástarsambandi ljóðmælanda við ofbeldismann og hvernig hún festist í þráhyggju og ástarfíkn.

„Það ríkir bara rosaleg gleði og hamingja með þessi verðlaun enda voru þetta allt góðar bækur sem voru tilnefndar í ár,“ segir Elísabet, sem vann reyndar einnig til Fjöruverðlauna árið 2007. „Þessi viðurkenning skiptir máli og þá ekki síst upp á umræðuna um það sem ég er að takast á við í mínum ljóðum. Margir upplifa þessi mál sem hafa verið svo mikið tabú í samfélaginu svo lengi og ef þetta hjálpar í þeirri umræðu þá gleður það mig. Ég gæti reyndar gefið út annað bindi af Ufsakletti og á líka til efni í sambúðina. Mig langar til þess að vinna með þessa innilokun og ofbeldið. Ég vaknaði reyndar á jóladag með hugmynd að bók um mennskuna og hún á að vera svona doðrantur eins og strákarnir eru alltaf að senda frá sér. Málið er að ég ætla að láta þetta vinna með mér og ég er mjög stolt af þessum verðlaunum.

Það er athyglisvert að í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis fara verðlaunin til bókar þar sem tekist er á við mál sem skyld eru Ufsakletti Elísabetar. Ofbeldi á heimili – með augum barna, ritstjóri Guðrún Kristinsdóttir. Guðrún segir Fjöruverðlaunin vera myndarlegt framtak og þar sem hér sé fjallað um efni sem snerti ekki síst konur hafi þessi verðlaun sérstaka þýðingu. „Við höfum verið að fá ágætis viðbrögð og vonum að bókin verði notuð í háskólakennslu innan skamms auk þess sem við erum að senda mikilvæg skilaboð inn í menntakerfið í heild. Að skoða heimilisofbeldi út frá sjónarhorni barna er frumkvöðlastarf á Íslandi og við teljum mikilvægt að koma því á framfæri við fagstéttir á borð við félagsþjónustu og lögreglu að tala við börnin á vettvangi og huga að þeim sérstaklega.“

Hafnfirðingabrandarinn eftir Bryndísi Björgvinsdóttur hlýtur Fjöruverðlaunin í ár í flokki barna- og unglingabókmennta. Þar er einnig m.a. annars unnið með sjónarhorn barnsins, fjallað um samskipti kynslóða og heimur eldri borgara gerður áhugaverður og spennandi fyrir ungt fólk. Bryndís segir verðlaun sem þessi fyrst og fremst hvetjandi ekki síst með tilliti til þess að hún hafi verið mjög stressuð fyrir viðtökum bókarinnar.

„Málið er að ég tileinka þessa bók frænda mínum og frænku sem ég hitti aldrei. Hann var Hafnfirðingur sem þótti sérlundaður á sínum tíma en var þó að mörgu leyti á undan sinni samtíð. Hann var uppfinningamaður, pældi í sjálfbærni og lífrænni ræktun og var mikill friðarsinni. Fyrir vikið þótti karlinn vera hálfgerður brandari og þangað sæki ég titil bókarinnar. Frænka mín fór ung af landi brott eftir að hafa kynnst dáta og lifði það sem eftir var ævinnar í Bandaríkjunum og reyndar sem vottur Jehóva. Þetta fólk sem ég þekkti aldrei er mikilvægt í þessari bók og því er hún tileinkuð þeim. Minningar þeirra vegna hafa þessar góðu viðtökur skipt mig miklu máli. Það sem Fjöruverðlaunin gera fyrir mig er fyrst og fremst að veita mér ákveðna ró og kyrrð til þess að halda áfram að skrifa og fyrir það er ég ákaflega þakklát.“



**VERÐLAUNAHAFAR** Þær Elísabet Jökulsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Bryndís Björgvinsdóttir tóku við Fjöruverðlaununum í gær og eru hér kampakátar með Degi Eggertssyni borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ÚR RÖKSTUÐNINGI DÓMNEFNDA

### ➜ Ástin ein taugahrúga. Enginn dans við Ufsaklett

Eftir Elísabetu Jökulsdóttur

Lífið er enginn dans á rósum í ljóðabók Elísabetar Kristínar Jökulsdóttur, Ástin ein taugahrúga. Enginn dans við Ufsaklett. Ljóðin lýsa á óvenju opinskáan og einlægan hátt ástarsambandi ljóðmælanda við ofbeldismann og hvernig hún festist í þráhyggju og ástarfíkn.

Ljóðmælandi þráir ástina og er haldinn ástarfíkn. Hún fær stöðugt viðvörunarmerki um að maðurinn sem hún hefur ákveðið að fá með sína „sambúð hvað sem það kostaði“ sé ofbeldismaður. Hún ber kennsl á viðvörunarmerkin en hunsar þau og tapar sér í ástarfíkn.

Ljóðmælandi skoðar ferlið úr fjarlægð með írónískum augum, hissa á því að hafa ekki losað sig úr þessum ástarfjötrum fyrr og spyr „kannski vissi ég ekki hvar dyrnar voru?“

### ➜ Ofbeldi á heimili – með augum barna

Ritstjóri Guðrún Kristinsdóttir

Bókin Ofbeldi á heimili – með augum barna er yfirgripsmikil rannsókn á upplifun barna á heimilisofbeldi. Höfundar nálgast efnið frá mörgum sjónarhornum og sýna fræðilegan metnað með því að byggja rannsóknina á breiðum grunni megindlegrar og eigindlegrar aðferðafræði.

Bókin samþættir niðurstöður víðtækrar könnunar á þekkingu barna á heimilisofbeldi, viðtöl við börn og mæður þeirra sem búið hafa við ofbeldi á heimilum, ásamt greiningu á orðræðu fjölmiðla um heimilisofbeldi.

Áhersla er lögð á börn sem áhrifavalda í eigin lífi, frekar en óvirka þolendur, og upplifanir þeirra settar í brennidepil. Þannig er rofin sú þögn sem hefur ríkt um tilfinningar barna sem verða fórnarlömb ofbeldis á heimilum.

### ➜ Hafnfirðingabrandarinn

Eftir Bryndísi Björgvinsdóttur

Bókin er vel skrifuð og skemmtileg, söguþráður frumlegur og listilega fléttaður. Frásagnarstíllinn er ærslafullur og myndrænn og lestrarupplifunin á stundum eins og horft sé á kvikmynd. Frásögnin er margradda og þær segja grípandi sögu sem vekur sterka samlíðan með persónunum.

Helsti styrkur sögunnar er hvernig hún fjallar um samskipti kynslóða og dregur upp flóknar sögupersónur af eldri kynslóðinni, persónur sem eru margbrotið og áhugavert fólk. Heimur eldri borgara er gerður merkingarbær og spennandi fyrir ungt fólk og veitt er óvenjuleg innsýn í líf þeirra.

Sagan fjallar um það að taka ábyrgð á eigin lífi og sínum nánustu og horfast í augu við sjálfan sig.

Dómnefnd telur að Hafnfirðingabrandarinn hafi alla burði til að verða sígild unglingabók.

# LAGER HREINSUN & ÚTSALA



# LÝKUR UM HELGINA

## OKKAR MESTA ÚRVAL FRÁ UPPHAFI!

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



**ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70% • HANDVERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 20-40%
MASCOT VINNUFATNAÐUR 25% • RAFMAGNSVERKFÆRI BLACK & DECKER OG WORX 20-30%
VINNUFATNAÐUR MASCOT 25% • MÁLNING 20-30% FLÍSAR 25%
POTTAPLÖNTUR 20-50% • VALDAR GJAFAVÖRUR 20-50% • HREINLÆTISTÆKI OG
BAÐFYLGIHLUTIR 20-70% • PARKET 20-25% • SMÁRAFTÆKI 20-30% • INNIHURÐIR 20% •
LOFTA- OG VEGGÞILJUR 25% • MOTTUR OG DREGLAR 25-35% • BÚSÁHÖLD 25%
og margt fleira...**

LOKA ÚTKALL!

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
*Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**898** kr. 700g
**Bónus súkkulaðikaka** (Mömmudraumur) m/sultu 700g




**2998** kr. kg
Íslandsnaut **Piparsteik**




**79** kr. 500ml
**Thule léttöl** 500 ml




**998** kr. 200g
**Gullfiskur rifinn hrarðfiskur 200g**




**459** kr. 575g
10 meðalstór egg frá hænum í lausagöngu.
Vistvæn Bónus egg




**129** kr. 2 ltr.
**Bónus vatn 2 ltr.**




**2498** kr. 1.35 kg
Sláturfélagið **Blandaður súrmatur í fötu 1,35 kg**




**1598** kr. kg
Íslandsgrís **Beikon/Bacon**




**2998** kr. kg
**Súr hvalur** - Langreyður



**98** kr. 500ml
**Egils kristall sítrónu** 500 ml




**2959** kr. kg
Sláturfélagið: **Súrir hrútspungar**



**2198** kr. kg
Kosta **Lambasviðasulta**




**598** kr. 100g
Norðanfiskur **Hákarl** 100g




**498** kr. 500g
**Weetos 500 gr** (350+150)






**698** kr. 2 ltr.
**Emmess Skafís 2 litrar / 3 þrjár teg.**

Verðtilboðin í þessari augl.
**Gilda til 25.jan 2015**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl.
**Gilda til 25.jan 2015**

**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •




**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# Sekkjapípuleikari kemur fram á skoskri menningarhátíð

Skosk menningarhátíð hefst í dag og stendur til sunnudags, með hátíðinni er afmæli skoska skáldsins Roberts Burns fagnað.

Í dag hefst hin árlega skoska menningarhátíð á Kexi Hosteli, en hátíðin er nú haldin í fjórða sinn í samstarfi við Edinborgarfélagið á Íslandi og Icelandair. Í Skotlandi er árlega haldið upp á afmælisdag skáldsins Roberts Burns og afmæli hans fagnað með skoskum mat, drykk, tónlist og ljóðlist Burns. Skáldjöfurinn var fæddur þann 25. janúar árið 1759 og er víða litið á hann sem þjóðarskáld Skota. Skoski sekkjapípuleikarinn Mr. Russell Mechan kemur fram og sér til þess að hátíðarhöldin fari fram í samræmi við hefðir og reglur, en einnig munu hljómsveitirnar Two Wings, Ben Reynolds & Guests og tónlistarkonan Hanna Tuulikki koma fram. Veitingastaður Kex Hostels, Sæmundur í sparifötunum, mun bjóða upp á sérstakan matseðil vegna hátíðarinnar.

Boðið verður upp á haggis með stöppuðum kartöflum, rófum, næpum og viskísósu. Haggis, sem lýsa má sem skoskri útgáfu sláturs, er nátengt Burns en hann samdi ljóðið Address to a Haggis árið 1786 og er skoska slátrið órjúfanlegur hluti hátíðarhalda í tengslum við afmæli skáldsins.

Skoska menningarhátíðin hefst í kvöld klukkan sjö á Kexi Hosteli við Skúlagötu og stendur til 24. janúar næstkomandi. Dagskrána er hægt að nálgast á vefsíðunni Kexland.is - gló

➜ Hin árlega skoska menningarhátíð er nú haldin í fjórða sinn.



**HANNA TUULIKKI** Tónlistarkonan kemur fram á skosku menningarhátíðinni.

# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**22. JANÚAR 2015**

### Tónleikar

**19.30** Karlakórinn Fóstbræður og Karlakór Reykjavíkur sameina krafta sína í tónaljóði Jeans Sibeliusar í Eldborgarsal Hörpu. Miðaverð frá 2.400 krónum.

**21.00** Tónskáldið, hljóðfæraleikarinn og raftónlistarmaðurinn Úlfur Eldjárn flytur röð spunatónverk í Mengi í kvöld.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8.

### Opnanir

**16.00** Sýningin Myndbreyting verður opnuð í Norræna húsinu í dag. Sýningin er hluti af vídeólistahátíðinni 700IS Hreindýraland.

### Upplestur

**20.00** Meðgönguljóð standa fyrir tökuljóðakvöldi á Lofti Hosteli í Bankastræti. Átta skáld lesa ljóð og búast má við fjölbreyttum upplestri.

### Kvikmyndir



**20.00** Ungliðahreyfing Amnesty International sýnir myndina No Fire Zone í Bíói Paradís í kvöld. Myndin fjallar um stríðsglæpina á Sri Lanka. Ókeypis inn.



### Uppákomur

**17.15** Jón Björnsson flytur fyrsta erindið af þremur um mynd og sögu í Bókasafni Kópavogs. Hann talar í dag um Harem, kvennabúr soldánsins í Istanbúl. Aðgangur ókeypis.

**19.00** Skosk menningarhátíð á Kexi Hosteli hefst í dag og stendur til 24. janúar.

### Fyrirlestrar

**12.05** Félag fornleifafræðinga, Þjóðminjasafn Íslands og Háskóli Íslands standa fyrir röð fyrirlestra um fornleifafræði. Megan Hicks, doktorsnemi í fornleifafræði við Hunter College í New York, flytur erindi á ensku í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands.

### Tónlist

**20.00** DJ Davíð Berndsen þeytir skífum á BarAnanas.

**21.00** Krystal Carma DJ sett í kjallaranum á kaffihúsinu Stofunni.

**21.00** Tónlistarkvöldið Blæti á Prikinu í kvöld. Kvöldinu er ætlað að kynna unga og upprennandi hiphop-pródúsera og taktsmiði.

**21.00** DJ Atli Bollason þeytir skífum á Bravó í kvöld.

**21.00** DJ Margeir þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

**22.00** Trúbadorarnir Hjálmar og Dagur halda uppi stuðinu á English Pub í kvöld.

### Markaðir

**16.00** Skiptimarkaður á Lofti Hosteli í Bankastræti í dag.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Hugmyndavinna fyrir opnum tjöldum

Úlfur Eldjárn tónlistarmaður flytur spunatónverk í Mengi í kvöld. Tónleikarnir verða teknir upp og stefnir hann á að endurvinna efnið með tíð og tíma.

„Það er svolítið svona konseptið að vera ekki með of mikið af hljóðfærum og ekki neitt undirbúið, það er enginn grunnur eða neitt svoleiðis sem ég byrja á,“ segir Úlfur Eldjárn, tónskáld, hljóðfæraleikari og raftónlistarmaður, sem kemur fram á tónleikum í Mengi í kvöld. „Ég mæti bara með frekar takmarkað úrval af hljóðfærum og tölvu og svo bara set ég í gang og byrja bara að gera eitthvað og sé hvert það leiðir mig,“ segir Úlfur og bætir við: „Þetta er svona millistig á milli þess að vera að spinna eitthvað og semja.“

Tónleikarnir eru teknir upp og er hugmyndin að endurvinna efnið síðar meir. „Ég hef gert þetta áður og það hefur komið skemmtilega út. Stundum kemur eitthvað alveg frábært og stundum eitthvað ekki alveg jafn frábært,“ segir Úlfur en hann hefur haldið viðlíka tónleika á ýmsum stöðum.

„Þetta er sería hjá mér, ég er búinn að gera þetta nokkrum sinnum við mismunandi aðstæður; tónleika, kokteilboð, góðgerðarsamkomur og á ýmsum stöðum. Síðan, af því ég tek þetta allaf upp á margar rásir, þá ætla ég einhvern tímann með tíð og tíma að vinna eitthvað úr þessu.“

Hann segir ákveðna áskorun fólgna í því að standa uppi á sviði án þess að vera með tilbúið efni.

„Þetta er námskeið í því að vera ekki að hugsa of mikið um hvað fólkinu sjálfu finnst, maður er bæði meðvitaður um það en um leið þarf maður svolítið að hundsa það því annars kemur ekki neitt. En það getur alveg gerst að ég verði alveg andlaus líka,“ segir Úlfur hress og bætir við: „En það sem er svo skemmtilegt við þennan tónleikastað, Mengi, er að hann býður upp á svona tilraunakenndari viðburði. Þá leyfist manni ýmislegt.“

Úlfur er meðlimur í Apparat Organ Quartet auk þess að hafa samið töluvert af tónlist fyrir kvikmyndir, sjónvarp, leikhús og aðra miðla og gefið út eigið efni. Í mars er væntanlegt frá honum gagnvirka tónverkið Strengjakvartett nr.∞.

„Það er svolítið sérstakt dæmi, gagnvirkt tónverk sem verður á netinu. Það virkar þannig að fólk fer inn á ákveðna síðu og hlustar á verkið þar og stjórnar því í rauninni hvernig verkið er.“

Verkið verður frumflutt á Hönnunarmars 2015 en Sigurður Oddsson hönnuður og Halldór Eldjárn, forritari og tónlistarmaður, koma einnig að verkinu. Tónleikarnir hefjast klukkan níu í Mengi og er miðaverð 2.000 krónur.

gydaloa@frettabladid.is



**ÚLFUR** Kemur fram á tónleikum í Mengi í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**„Ég hef gert þetta áður og það hefur komið skemmtilega út. Stundum kemur eitthvað alveg frábært og stundum eitthvað ekki alveg jafn frábært.**




# Fagna fæðingarafmæli tónskálda

Sinfónísk ljóð eftir Richard Strauss og Jean Sibelius verða flutt í Eldborg í kvöld.

Hljómsveitir víða um heim halda á þessu starfsári upp á hundrað og fimmtíu ára fæðingarafmæli tónskáldanna Richards Strauss og Jeans Sibeliusar, og er Sinfóníuhljómsveit Íslands þar ekki undanskilin.

Í kvöld munu Karlakór Fóstbræðra og Karlakór Reykjavíkur sameina krafta sína og raddir í flutningi á tónaljóði Sibeliusar. Með þeim syngja Jorma Hynninen, einn ástsælasti söngvari Finna, og Þóra Einarsdóttir sópransöngkona sem túlkaði Ragnheiði í samnefndri óperu Gunnars Þórðarsonar. Stjórnandi hljómsveitarinnar er Petri Sakari, en hann hefur í gegnum árin stjórnað öllum helstu hljómsveitarverkum Sibeliusar og er þeim því vel kunnugur.

Fjölmargir þekkja Strauss vegna ópera hans en hann er einnig kunnur fyrir tónaljóð sín. Á tónleikunum í kvöld verður flutt sinfónískt ljóð eftir Strauss, Macbeth, sem byggt er á vel þekktu leikriti Shakespeares.

Á eftir verki Strauss verður Kullervos, sinfónískt ljóð eftir Sibelius, flutt. Í verki hans eru dregnar upp myndir úr lífi hins hvatvísa Kullervos en verkið er hið fyrsta í röð tólf tónaljóða sem byggð eru á finnska sagnabálkinum Kalevala. Tónleikarnir fara fram í Eldborgarsal Hörpu og er miðverð frá 2.400 krónum.

- gló



**TAKK!** Fóstbræður Karlakórinn Fóstbræður eru meðal þeirra sem koma fram í Eldborgarsal Hörpu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EDDI



Umhverfisvæn framleiðsla
Einstök mýkt
Bakteríudrepandi
Frábær öndun
Eirberg
HEILSA
Eirberg
LÍFSTÍLL
Útsala
20-60%
30%
Tufte Bambull ullarnærbuxur
fullorðins og barna
Verð frá 4.865 kr.
Tufte Bambull ullarnærbolur
fullorðins og barna
Verð frá 5.565 kr.
TÆKNI SEM FAGMENN NOTA
IPL
30%
DUO IPL Háreyðing
HOM-IPLHH150EU
Verð áður: 39,750 kr. 27,825 kr.
40%
Töskuvog
SOE-661722
Verð áður: 3,750 kr. 2,250 kr.
20%
Withings Home Öryggismyndavél
WIT-WBP02
Verð áður: 44,750 kr. 35,800 kr.
30%
Brethe lofthreinsitæki 85 m²
HOM-ARNC02EU
Verð áður: 39,750 kr. 27,825 kr.
30%
Cellulite nuddtæki
HOM-ELMCELL100
Verð áður 9.750 kr. 6.825 kr.
20%
Fótavermir
SOE-68022
Verð áður: 6,950 kr. 5,560 kr.
20%
Withings Aura Gagnvirk vekjaraklukka og svefnmælir
WIT-WAS01
Verð áður: 59,750 kr. 47,800 kr.
20%
Skrifstofulampi með dagljósi
LUM-NLDLU
Verð áður: 29,750 kr. 23,800 kr.
20%
Beauty Butter lífræn húðolía
SHA-BUTTEROIL
Allar Shakti olíur og krem - 20%
Verð áður: 3,950 kr. 3,160 kr.
40%
Rakatæki 60 m2
AOS-7145H
Verð áður: 24,950 kr. 14,970 kr.
30%
Nuddsæti Shiatsu MAX
HOM-CBS1000
Öll HoMedics nuddtæki - 30%
Verð áður: 55,980 kr. 39,186 kr.
Eirberg Lífstíll, Kringlunni 1. Hæð • Eirberg Heilsa, Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**50 ára Diane Lane leikkona**
**Þekktust fyrir:** Unfaithful

## BÍÓFRÉTTIR

### Vill prófa hasar

**Kristen Stewart** getur ekki beðið eftir því að hrista upp í ferli sínum og segist vera tilbúin að leika í ofurhetjumynd á borð við Captain America. „Ég elska að horfa á þessar myndir. Það væri gaman að sýna fólki að ég get gert meira en að vera bara Kristen Stewart í annarri mynd í öðrum kringumstæðum,“ sagði hún. „Ég er viss um að gæti komist um borð hjá Captain America, vitið þið hvað ég meina? Það yrði að vera rétta verkefnið.“ Nýjasta mynd Stewart er Still Alice þar sem hún leikur á móti hinni Óskarstilnefndu Julianne Moore.



## FRUMSÝNINGAR



**Mortdecai**
**Gamanmynd**
**Helstu hlutverk:** Johnny Depp og Gwyneth Paltrow.
IMDb 7,1/10



**Search Party**
**Gamanmynd**
**Helstu hlutverk:** T.J. Miller, Alison Brie og Krysten Ritter.
IMDb 6,9/10



**The Imitation Game**
**Drama**
**Helstu hlutverk:** Benedict Cumberbatch, Keira Knightley og Matthew Goode.
IMDb 8,2/10 Rotten Tomatoes 90%



**GEORGE LUCAS** Öllum hugmyndum hans varðandi nýju Star Wars-myndina var ýtt út af borðinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vildu ekki hugmyndir Lucas um Star Wars

Disney hafði ekki áhuga á pælingum George Lucas.

Leikstjórinn George Lucas, höfundur Star Wars, segir að öllum hugmyndum sínum fyrir nýju Star Wars-myndina hafi verið ýtt út af borðinu af fyrirtækinu Disney.

Um hugmyndir sínar fyrir Star Wars VII. sagði hann í viðtali við vefsíðuna Cinemablend: „Varðandi þær sem ég seldi Disney-mönnum komust þeir að þeirri niðurstöðu að þeir vildu þær eiginlega ekki. Í staðinn fengu þeir sínar eigin hugmyndir. Þannig að þetta eru ekki hugmyndirnar sem ég skrifaði upphaflega [fyrir Star Wars: The Force Awakens],“ sagði Lucas, sem vildi leikstýra myndinni áður en Disney eignaðist fyrirtæki hans Lucasfilms árið 2012.

Leikstjórinn vildi ekki fara út í smáatriði varðandi hvaða hugmyndir hans þóttu ekki nothæfar.

Ljóst er að J. J. Abrams, leikstjóri Star Wars: The Force Awakens, ákvað að fara með kvikmyndabálkinn í allt aðra átt en síðustu þrjár Star Wars-myndir Lucas þar sem tölvubrellur fengu að njóta sín.

Lucas hlakkar mikið til að sjá nýju myndina sem aðdáandi. „Það eina sem ég sé eftir varðandi Star Wars er að ég gat aldrei séð hana. Ég heillaðist ekki upp úr skónum í bíó þegar geimskipið fór yfir tjaldið. Ég get notið næstu myndar eins og hver annar.“

Sjálfur framleiðir Lucas teiknimyndina og fantasíuna Strange Magic sem verður gefin út vestanhafs á morgun. Hún er byggð á sögu eftir Lucas sem er undir áhrifum frá verkinu A Midsummernight's Dream eftir William Shakespeare.

# Byssuframleiðandi sniðgengur Neeson

Bandarískur byssuframleiðandi hefur sett leikarann Liam Neeson og Taken-myndirnar á svartan lista vegna ummæla hans um byssueign í landinu.

Byssuframleiðandinn sem útvegaði byssurnar fyrir Liam Neeson í Hollywood-myndinni Taken 3 hefur gagnrýnt leikarann fyrir ummæli hans um byssulög í Bandaríkjunum.

Fyrirtækið PARA USA segist „sjá eftir“ að hafa unnið með Neeson eftir að hann lét hafa eftir sér að byssueign í Bandaríkjunum væri „skammarleg“. Byssuframleiðandinn bætti því við að hann ætlaði að slíta á öll tengsl við Taken-myndirnar og hvatti önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama, samkvæmt vefsíðu BBC.

„Við munum hætta að útvega vopn fyrir kvikmyndir með Liam Neeson í aðalhlutverki og óskum eftir því að vinir okkar og félagar í Hollywood forðist að tengja vörumerkið okkar og vörur við verkefni hans,“ sagði í yfirlýsingu fyrirtækisins á Facebook.

„Það eru bara of margar… byssur þarna úti,“ sagði írski leikarinn við Gulf News í Dúbaí í síðustu viku. „Sérstaklega í Bandaríkjunum. „Mér finnst þetta hneyksli. Í hverri viku sjáum við í dagblöðum: Nokkur börn til viðbótar voru drepin í skólum,“ bætti hann við. Ummælin hafði hann uppi er hann svaraði spurningu um Charlie Hebdo-skotárásina í París fyrr í mánuðinum sem kostaði fjölda manns lífið.

Neeson, sem hefur leikið Bryan Mills fyrrverandi starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, í þremur Taken-myndum, sagði að byssuvandamálið tengdist ekki hasarmyndum frá Hollywood. „Ég ólst upp við að horfa á kúrekamyndir og elskaði að gera þetta [byssuhreyfing] með fingrunum: Bang, bang, bang, þú ert dauður! Ég endaði ekki sem morðingi,“ sagði hann. „Persóna eins og Bryan Mills leggur af stað með byssurnar og leitar hefnda: þetta er fantasía.“

PARA USA sagði að ummæli Neesons endurspegluðu „vanþekkingu á menningu og staðreyndum sem grafa undan stuðningi við bandarísku stjórnarskrána og bandarískt frelsi“.

Taken 3 fór á toppinn, bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi, yfir aðsóknarmestu myndirnar eftir að hún var frumsýnd fyrr í þessum mánuði. Hún hefur einnig notið mikillar aðsóknar hér á landi.



**MEÐ BYSSUNA Á LOFTI** Liam Neeson með byssuna á lofti í hasarmyndinni Taken 3.

> **Við munum hætta að útvega vopn fyrir kvikmyndir með Liam Neeson í aðalhlutverki og óskum eftir því að vinir okkar og félagar í Hollywood tengi ekki vörumerkið okkar og vörur við verkefni hans.**

MAX ÚTSALA
ALLAR VÖRUR Á LÁGMAX VERÐI!
MAX ÚTSALAN ER Á FULLU!
Stærri en nokkru sinni fyrr með lægri VSK og fullt af vörum nú án vörugjalda!
BEINT Á MÓTI IKEA SÍMI 412 2200
Sjá allt úrvalið á max.is
max.is
MAX RAFTÆKI



Bóndadagur
Dekraðu við bóndann þinn í Bláa Lóninu
Föstudaginn 23. janúar er bóndadagur. Af því tilefni bjóðum við vandaðan húðvörupakka, aðgöngumiða í Bláa Lónið og ljúffenga kvöldmáltíð á veitingastaðnum LAVA fyrir einungis: 12.900 kr.
Viktor Örn Andrésson, yfirkokkur á LAVA, reiðir fram þríréttaðan kvöldverð sem færði honum titilinn Matreiðslumaður Norðurlanda 2014.
Tilboðið gildir á bóndadegi 2015 og gjöfin afhendist á Lava Restaurant.
www.bluelagoon.is
Fegurðin kemur að innan

# LÍFIÐ

## TÍST #ÁFRAMÍSLAND



**Svali Kaldalons**
@svalik
Þetta var bara of mikið fyrir mann á mínum aldri. #aframIsland



**Arnor Gunnarsson**
@ArnorGunnarsson
Þurfum að nota það jákvæða og halda áfram! #ÁframÍsland



**Björgvin Gústavsson**
@BjoggiGustavs
Drulluðum... Sorry með okkur! Nú er bara að rífa sig upp, verða betri með hverjum leiknum og toppa á rèttum tíma! Áfram Ísland!



**Aron Gunnarsson**
@AronGunnarsson1
Ekki nógu gott en áfram gakk! Svíar sterkir #aframísland



**Teitur Örlygsson**
@teitur11
Dómaraparið dæmdi rétt tvisvar allan leikinn heyrðist mér og sýndist, er það ekki eitthvað met? #handkast #áframísland

# ÍSLANDSVINAPLÖTUR ÁRSINS 2015

Fjölmargir tónlistarmenn hafa upplýst að nýs efnis sé að vænta frá þeim á árinu og er gróska í tónlistarheiminum mikil. Þeirra á meðal er fjöldinn allur sem spilað hefur hér á landi. Fréttablaðið tók saman lista yfir tíu spennandi plötur Íslandsvina sem koma út 2015.

1



### JAMES BLAKE
Radio Silence

Þriðja plata hins breska James Blake er væntanleg á árinu. Samnefnd fyrsta plata kappans kom út árið 2011 og var fylgt eftir með útkomu Overgrown árið 2013. Sama ár spilaði Blake á Sónarhátíðinni í Reykjavík. Ekki er vitað hvenær árs platan er væntanleg en upplýst var á BBC Radio 1 að hún hefði hlotið nafnið Radio Silence.

2



### MODEST MOUSE
Strangers to Ourselves

Bandaríska sveitin Modest Mouse spilaði á tónleikum á Gauki á Stöng árið 2001. Þar sem sveitin þurfti að ná flugi heim um nóttina hitaði hún upp fyrir sjálfa sig og Maus fylgdi svo í kjölfarið. Platan kemur út í mars og verður sjötta hljóðversplata sveitarinnar.

3



### DURAN DURAN
Ónefnd

Fjórtánda breiðskífa Duran Duran kemur út á árinu. Platan hefur enn ekki hlotið nafn eða útgáfudagur verið gefinn upp. Simon Le Bon og félagar hafa að undanförnu unnið að plötunni ásamt Nile Rodgers og Mark Ronson. 11.000 manns sáu Duran Duran spila í Egilshöll í lok júní 2005.

4



### BOB DYLAN
Shadows in the Night

Tónlistarferill Bobs Dylan spannar tæplega sextíu ár og verður platan í ár sú 36. í röðinni. Á henni mun hann leika lög sem aðrir tónlistarmenn gerðu fræg, meðal annars Frank Sinatra. Dylan hélt eftirminnilega tónleika í Laugardalshöll árið 1990 og aðra árið 2008.



### VAN MORRISON
Ónefnd

Norður-Írinn, sem verður sjötugur á árinu, hélt tónleika hérlendis í októbermánuði 2004 sem þóttu takast frábærlega. Flestir gagnrýnendur gáfu þeim fullt hús stjarna. Platan í ár verður sú 35. í röðinni en fengist hefur staðfest að hennar sé að vænta fyrrihluta ársins.

6



### BEACH HOUSE
Ónefnd

Dúettinn frá Maryland í Bandaríkjunum lék hér á landi á Iceland Airwaves-hátíðinni árið 2011. Ári síðar kom platan Bloom út sem var af mörgum talin besta plata ársins. Talsverð leynd hvílir yfir fimmtu plötu sveitarinnar en upptökur á plötunni hafa staðið yfir síðan síðla árs í fyrra.

7



### DEAFHEAVEN
Ónefnd

Blackmetal-sveitin var stofnuð árið 2010 og hefur gefið út tvær skífur. Sú síðari, Sunbather, hlaut nær einróma lof spekúlanta. Ný plata frá sveitinni er væntanleg um miðbik ársins. Formlega telst sveitin ekki enn Íslandsvinur en drengirnir leika á All Tomorrow's Parties sem fram fer í sumar.

8



### PURITY RING
Another Eternity

Kanadíski rafdúettinn lék í Listasafninu á Iceland Airwaves árið 2012 skömmu eftir að frumburður sveitarinnar, Shrines, leit dagsins ljós. Another Eternity kemur út í byrjun mars og hafa tvö lög hennar, Begin Again og Push Pull, þegar komið út.

9



### OF MONTREAL
Aureate Gloom

Of Montreal fagnar tuttugu ára starfsafmæli á næsta ári og þegar Aureate Gloom kemur út í mars verða plöturnar orðnar þrettán. Mannabreytingar í sveitinni eru tíðar og hleypur fjöldi meðlima í gegnum tíðina á tugum. Árið 2007 lék sveitin á Iceland Airwaves.

10



### THE PRODIGY
The Day Is My Enemy

The Prodigy er ein af þeim erlendu sveitum sem komið hafa hvað oftast til Íslands. Sveitin spilaði í Kaplakrika 1994, á útihátíðinni Uxa 1995 og í Laugardalshöll áður en öldin rann sitt skeið. Sjötta skífa sveitarinnar er á leiðinni en sex ár eru síðan Invaders Must Die kom út.

www.plusferdir.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

# Sumarið er LÍKA komið hjá Plúsferðum

Okkar fólk leggst í sólbað undir sömu sólinni,
við sama hafið og fólkið sem ferðast með
hinum ferðaskrifstofunum.
Bara fyrir mun lægri upphæð!

## Mallorca

**Hótel Portofino** ★★
FRÁ: **79.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 92.000 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 9. júní
7 nætur

**Sólarlottó** ★★★ 9. - 16. júní
Þriggja stjörnu gisting með hálfu fæði.
Verð: **98.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn

**Sólarlottó** ★★★★ 9. - 16. júní
Fjögurra stjörnu gisting með hálfu fæði.
Verð: **104.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn

## Almeria

**Pierre Vacances** ★★★
FRÁ: **78.400 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og þrjú börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 104.990 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.

**Roc Golf Trinidad** ★★★
FRÁ: **93.500 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og þrjú börn í íbúð með 2 svefnherbergjum. Verð frá 114.030 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 16. júní
7 nætur

## Tenerife

**Aquamar** ★★★
FRÁ: **89.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 109.081 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 17. júní
7 nætur

Ferðavinningur að andvirði 400.000 kr.!

### Netklúbbur Plúsferða

Það er til mikils að vinna. Ferð til Tenerife að andvirði 400.000 kr. Skráðu þig í Netklúbb Plúsferða og þú gætir unnið fría ferð fyrir alla fjölskylduna til Tenerife í sumar!

Farðu á Facebook síðu Plúsferða og taktu þátt í leiknum!
facebook.com/plusferdir

Dregið verður 10. mars.

## Hvað er sólarlottó?

Þú bókar sólarlottó hjá okkur til Mallorca. Val er um þriggja - fjögurra stjörnu hótel á frábæru verði! 7 dögum fyrir brottför færð þú uppgefið á hvaða hóteli þú gistir!

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, 20 kg. taska og gisting.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| WEDDING RINGER | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| WEDDING RINGER LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| BLACKHAT | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| TAKEN 3 | KL. 8 - 10.50 | 16 |
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL. 5 - 8 | 12 |
| THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL. 5 | 12 |
| PADDINGTON ÍSL TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| WEDDING RINGER | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| TAKEN 3 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| PADDINGTON ÍSL TAL | KL. 5.30 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5.30 | L |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| PADDINGTON ISL TAL | 5:50 | L |
| PADDINGTON ENSKT TAL | 6 | L |
| BLACKHAT | 10:20 | 16 |
| TAKEN 3 | 8, 10:15 | 16 |
| HOBBIT 3 3D (48R) | 6, 9 | 12 |

SAMBÍÓIN







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 5 - 8 - 10:15 - 10:45 |
| AMERICAN SNIPER VIP | KL. 8 - 10:45 |
| A MOST WANTED MAN | KL. 5:30 - 8 |
| UNBROKEN | KL. 8 - 10:50 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 5 - 8 - 10:50 |
| THE HOBBIT 2D VIP | KL. 5 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:30 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 5 - 8 - 10:20 |
| BLACKHAT | KL. 5 - 8 - 10:45 |
| TAKEN 3 | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 10:45 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 6 - 9 - 10:30 |
| A MOST WANTED MAN | KL. 8 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 10:30 |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 8 |
| BLACKHAT | KL. 10:20 |
| THE WEDDING RINGER | KL. 8 |
| TAKEN 3 | KL. 10:40 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| AMERICAN SNIPER | KL. 5:15 - 8 - 10:45 |
| BLACKHAT | KL. 8 - 10:45 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

# Tegund í útrýmingarhættu

**BAKÞANKAR**
Atla Fannars Bjarkasonar



Ég er rosalega mikið að reyna að muna nafnið á þessum náunga sem gerði allt vitlaust í gær. Það er eins og mig minni að hann eigi bróður sem er alþingismaður. Eða bakari. Ég man það ekki. Þessi náungi hefur bullað um alls konar minnihlutahópa undanfarin ár og verandi hvítur karl sem er kominn af besta skeiði er enginn betur til þess fallinn en einmitt hann.

**ÉG** man samt ekki hvað hann heitir. Grani? Guffi Nielsen? Þessu er algjörlega stolið úr mér. Ég man samt að hann er hræddasti maður landsins. Hann er svo hræddur við homma og múslima að hann byrjaði að blogga um það á Moggablogginu áður en Björn Bjarnason lærði að kveikja á tölvunni sinni. Hann er líka með eitthvert undarlegt steypublæti vegna þess að hann elskar Reykjavíkurflugvöll meira en fólk.

**ÉG** get samt ekki komið fyrir mig nafninu á þessum manni. Ég sá mynd af honum og hann leit út fyrir að hafa troðið upp í sig saltkjöti þangað til hver einasti dropi af vökva í líkama hans var kyrfilega bundinn. Georg Njálsson? Nei, ég man þetta ekki. Einhverjar fréttir birtust af heilsuátaki hans um daginn. Hann hlýtur að hafa gefist upp á því þegar hann uppgötvaði að hommar og múslimar ganga óáreittir um líkamsræktarstöðvar landsins.

**HVAÐ** heitir þessi maður? Guðjón? Geir? Ég er ekki að fara að muna þetta. Ég man bara að hann virtist mjög hræddur. Og ég skil hann vel. Ég væri líka hræddur ef ég væri í útrýmingarhættu. Þessi náungi tilheyrir nefnilega stofni af útþöndum fretthólkum sem er hægt og rólega að hverfa af yfirborði jarðar.

**HONUM** var sparkað úr mannréttindaráði Reykjavíkurborgar nánast um leið og hann var skipaður. Það hefði samt verið þess virði að leyfa honum að taka einn fund til að sýna honum hversu lítið erindi hann á í ráð sem fer með málefni minnihlutahópa.



**JOHNNY DEPP** Leikarinn hefur engan áhuga á að hefja tónlistarferil. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ekki áhuga á tónlistarferli

Johnny Depp er ekki hrifinn af því þegar kvikmyndastjörnur hefja feril sem tónlistarmenn. „Mér verður óglatt af tilhugsuninni. Ég hef aldrei þolað þetta," sagði hinn 51 árs leikari, sem lék á sínum tíma í söngvamyndinni Sweeney Todd. „Ég þoli ekki þegar þetta gerist. „Komið og sjáið mig spila á gítar vegna þess að þið hafið séð mig í tólf myndum." Sjálfur hefur Depp farið upp á svið með gítarinn sinn og spilað með Oasis, Marilyn Manson og Keith Richards en hefur engan áhuga á tónlistarferli. „Tónlist er enn hluti af lífi mínu en þið munuð aldrei heyra í The Johnny Depp Band. Það verður aldrei stofnað."



**JÓN GUNNAR GEIRDAL** Kennir fólki að fóta sig í flóknu fjölmiðlaumhverfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## „Plöggari" með PR-námskeið

Jón Gunnar Geirdal, „plöggari" og eigandi markaðsfyrirtækisins Yslands, heldur í fyrsta sinn námskeið í PR, eða samskiptum við fjölmiðla, 18. febrúar.

„Mér finnst vera mikil þörf á þessu. Hvort sem það eru fyrirtæki eða einstaklingar sem finnst erfitt að fóta sig í þessu flókna umhverfi sem eru fjölmiðlar. Ég er búinn að veltast um í því umhverfi í tæp 25 ár og sérhæfi mig í að vekja athygli á verkefnum, viðburðum og hverju sem er," segir Jón Gunnar, sem hefur starfað með fyrirtækjum eins og til dæmis Ölgerðinni, Pepsi, Nike, Nova og Tuborg.

Honum til halds og trausts verður Guðmundur Arnar Guðmundsson, markaðsstjóri Nova, sem einnig kennir markaðsfræði við Háskólann í Reykjavík. Þeir munu leggja áherslu á breytt hlutverk almannatengsla þar sem netmiðlar og bloggarar hafa mun meiri skoðanamyndandi áhrif en áður.

Skráning á námskeiðið er á slóðinni Online.is/pr-og-samfelagsmidlar.

- fb

# Herbragðið skilaði tilætluðum árangri

**Vulnicura, plata Bjarkar Guðmundsdóttur, kom út sex vikum fyrr en áætlað var eftir að henni var lekið á netið. Útgáfustjóri Smekkleysu segir þetta vera í fyrsta skipti sem leki er tæklaður á þennan hátt. Platan toppar sölulista iTunes.**

„Þarna var verið að bregðast við þeim aðstæðum sem voru komnar upp. Þetta er í raun í fyrsta sinn sem leki er tæklaður á þennan hátt," segir Ásmundur Jónsson hjá Smekkleysu en áttunda plata Bjarkar Guðmundsdóttur, Vulnicura, kom út á iTunes í gær eftir að henni var lekið á netið. Upphaflega átti platan að koma út í mars.

Herbragðið virðist hafa heppnast því platan skaust á toppinn víða um heim samkvæmt vefsíðum sem byggja á rauntímaupplýsingum frá iTunes. Meðal landa þar sem platan skaust á toppinn má nefna Bretland, Mexíkó, Holland, Pólland og Rússland. Að auki var hún í öðru sæti hjá Þjóðverjum og Frökkum og í fjórða sæti í Bandaríkjunum.

„Það að bregðast við leka á þennan hátt er mjög óvenjulegt og ég efast um að það hafi verið reynt áður," segir Ásmundur. Um leið og tónlistin sé komin á netið byrji aðdáendur að deila henni sín á milli og séu flestir búnir að hlusta á plötuna aftur á bak og áfram áður en hún kemur loks út.

Björk greindi frá tíðindunum á heimasíðu sinni. Þar segir hún meðal annars að platan hafi í fyrstu einkennst af ástarsorg, hluti hennar sé saminn fyrir hluti skömmu síðar. Hún vonast til að lögin geti hjálpað fólki sem stendur í þeim sporum. Tónlistarmennirnir Arca og The Haxan Cloak aðstoðuðu Björk við gerð plötunnar.

Í viðtali við tónlistartímaritið Pitchfork segir Björk að hún hafi verið stressuð fyrir plötunni. Á síðustu plötu, Biophilia, hafi hún samið um alheiminn en Vulnicura sé talsvert venjulegri. Um tíma hafi hún óttast að hún yrði of fyrirsjáanleg og leiðinleg.

Þrátt fyrir að stutt sé síðan platan kom út hafa gagnrýnendur tímarita og blaða víða um heim keppst um að ausa hana lofi. Alexis Petredis, blaðamaður The Guardian, segir að Vulnicura sé mikilvægasta plata Bjarkar síðan Vespertine kom út árið 2001. Starfsbræður hans víða um heim taka í sama streng.



**VULNICURA** Svona lítur umslag nýjustu plötu Bjarkar út.

Ásmundur gerir ráð fyrir því að plötunni verði fylgt eftir með fjölda tónleika. Nú þegar hefur verið tilkynnt um sjö tónleika sem munu fara fram í New York.

Hann er ánægður með viðtökurnar sem platan hefur fengið en skilur lítið í þeim sem leka verkum annarra. „Gerð plötunnar tók mörg ár og það hljóta að liggja einhverjar annarlegar hvatir að baki hjá fólki sem gerir svona."



> **Gerð plötunnar tók mörg ár og það hljóta að liggja einhverjar annarlegar hvatir að baki hjá fólki sem gerir svona.**
> *Ásmundur Jónsson.*

johannoli@frettabladid.is




BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Girlhood | 18.00, 20.00 | Winter sleep | 20.00 |
| Mommy | 17.30 | Whiplash | 22.00 |
| Hross í oss ENG SUB | 18.00 | Turist | 22.00 |



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is






## Gamli góði
20 BITAR

Hangikjöt, eggjasalat og fínt brauð. Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur og fínt brauð. Rækjusalat og fínt brauð.



3.680 kr.

## Eðalbakki
20 BITAR

Hangikjöt, piparrótarsósa, salatmix og kornbrauð. Beikon, egg, steiktir, ferskir sveppir og fínt brauð. Kjúklingur, rautt pesto, sýrður rjómi paprika, salatmix og kornbrauð.



3.680 kr.

## Lúxusbakki
20 BITAR

Reyktur lax, jöklasalat, chantillysósa, fínt brauð. Kjúklingur, egg, lauksósa og kornbrauð. Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa og kornbrauð.



3.680 kr.

## Tortilla partýbakki
30 BITAR

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur og spínat. Fetaostur, rauðlaukur og spínat. Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat og lauksósa.

NÝTT



4.100 kr.

## Tortilla veislubakki
30 BITAR

Reykt skinka, egg og jöklasalat. Tikka masala kjúklingur og jöklasalat. Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar og salatmix.



4.100 kr.

## Tortilla heilsubakki
30 BITAR

Heilhveititortilla, hummus, paprika og salatmix. Heilhveititortilla, reyktur lax, salatmix og rjómaostur. Tómattortilla, spínat, fetaostur, rauðlaukur, og lauksósa.



4.100 kr.

## Pítubakki
24 BITAR

Tikka masala kjúklingur og íssalat. Reykt skinka, eggja- og íssalat.



3.680 kr.

## Ávaxtabakki
10 MANNS

Vínber, melónur, ananas, appelsínur, perur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.



2.800 kr.

## Kökubakki
24 BITAR

Eplakaka, súkkulaðikaka, gulrótarkaka.



3.300 kr.

**Bragðgóðir fundir og ljúffengar veislur.**

Viltu bjóða upp á margréttaða óvissuferð á næsta fundi? Viltu hafa spennandi hlaðborð í veislunni? Við bjóðum upp á ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum og kökum og jafnvel ávöxtum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum ókeypis heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru **4** bakkar eða fleiri. Munið að panta þarf bakkana eigi síðar en **kl. 15:30** daginn fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is.**

SÓMI

Ferskt á hverjum degi

## Toppliðin mætast á Sauðárkróki



**KÖRFUBOLTI** Fjórtánda umferð Dominos-deildar karla í körfubolta hefst í kvöld með fjórum leikjum. Stórleikur umferðarinnar verður í Skagafirðinum þar sem Tindastóll mætir ósigruðum Íslandsmeisturum KR. Vesturbæjarliðið er á toppnum með 26 stig, sex stigum á undan Stólunum.

Þegar liðin mættust í Vesturbænum í þriðju umferð deildarinnar þurfti framlengingu til að knýja fram úrslit, en eins og alltaf á tímabilinu hafði KR betur. Liðin mætast þriðja sinni annan dag febrúarmánaðar þegar þau eigast við í undanúrslitum bikarsins.

Í öðrum leikjum kvöldsins tekur Grindavík á móti Stjörnunni í Röstinni, ÍR fær Njarðvík í heimsókn og Haukar heimsækja botnlið Fjölnis. Allir leikirnir hefjast klukkan 19.15.

## Dagur Sigurðsson breytti um leikstíl liðsins skömmu fyrir leik

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson, þjálfari þýska landsliðsins, vildi koma Dönum á óvart og ákvað því fyrir leik liðanna í fyrradag að breyta um varnarafbrigði. Ákvörðunina tók hann í rútu á leið heim á hótel af æfingu liðsins – aðeins nokkrum klukkustundum áður en leikurinn gegn Danmörku hófst.

„Ég fékk þessa hugmynd og þá var það bara gert. Það gekk ágætlega og varð okkur alla vega ekki að falli. Við vildum koma þeim á óvart og ná þannig að lifa af fyrstu 20 mínútur leiksins. Það tókst og við komumst vel inn í hálfleikinn,“ sagði Dagur við Fréttablaðið í gær.

„Þetta er auðvitað stórhættulegt,“ játar hann og brosir. „Leikmenn geta ekkert sagt enda hafa þeir ekkert um þetta að segja. En ég held að þeir hafi verið nokkur sáttir við þetta og alltaf betra þegar svona hlutir ganga þokkalega upp.“

Leiknum lyktaði með jafntefli en úrslitin þýða að sigur gegn Argentínu og Sádi-Arabíu í síðustu tveimur umferðum riðlakeppninnar mun tryggja Þýskalandi sigur í hinum geysisterka D-riðli keppninnar. **- esá**



**FÉKK HUGMYNDINA Í RÚTUNNI** Dagur á blaðamannfundi. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

**HM Í HANDBOLTA** *Katar 2015*

## ÚRSLIT Á HM Í GÆR

### A RIÐILL

| | | |
|---|---|---|
| **Slóvenía - Brasilía** | **35 - 32** | (19-18) |
| **Síle - Hvíta-Rússl.** | **23 - 34** | (11-14) |
| **Katar - Spánn** | **25 - 28** | (10-8) |

**Stigin:** Spánn 8, Katar 6, Slóvenía 6, Brasilía 2, Hvíta-Rússland 2, Síle 0.

### B RIÐILL

| | | |
|---|---|---|
| **Íran - Austurríki** | **26 - 38** | (13-18) |
| **Bosnía - Túnis** | **24 - 27** | (14-15) |
| **Makedónía - Króatía** | **26 - 29** | (14-15) |

**Stigin:** Króatía 8, Makedónía 6, Austurríki 5, Túnis 3, Bosnía 2, Íran 0.

## LEIKIR DAGSINS

| | | |
|---|---|---|
| **C: Svíþjóð - Egyptaland** | kl. 16:00 | SPORT 2 |
| **C: Ísland - Tékkland** | kl. 18:00 | RÚV |
| **C: Alsír-Frakkland** | kl. 18:00 | |
| **D: Þýskaland - Argentína** | kl. 16:00 | RÚV |
| **D: Pólland - Sádi Arabía** | kl. 16:00 | |
| **D: Rússland-Danmörk** | kl. 18:00 | SPORT 2 |

## DOMINOS KVENNA

**KR - KEFLAVÍK** **50-76 (28-44)**
**KR:** Simone Jaqueline Holmes 16/6 fráköst, Bergþóra Holton Tómasdóttir 10/5 fráköst
**Keflavík:** Carmen Tyson-Thomas 16/14 fráköst, Marín Laufey Davíðsdóttir 15/4 fráköst

**VALUR - SNÆFELL** **60-72 (29-35)**
**Valur:** Taleya Mayberry 25/5 fráköst, Fanney Lind Guðmundsdóttir 11/ 4 fráköst.
**Snæfell:** Kristen McCarthy 21/20 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 13/5 stoðsendingar.

**HAUKAR - GRINDAVÍK** **53-60 (31-39)**
**Haukar:** LeLe Hardy 11/13 fráköst, Þóra Kristín Jónsdóttir 10, María Lind Sigurðardóttir 8.
**Grindavík:** Kristina King 17/6 fráköst, Petrúnella Skúladóttir 14/8 fráköst.

**BREIÐABLIK - HAMAR** **43-66 (25-35)**
**Breiðablik:** Arielle Wideman 12/12 fráköst.
**Hamar:** Sydnei Moss 24/6 fráköst/5 stoðsendingar

### STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Snæfell | 17 | 16 | 1 | 1296:1043 | 32 |
| Keflavík | 17 | 14 | 3 | 1472:1069 | 28 |
| Haukar | 17 | 11 | 6 | 1179:1127 | 22 |
| Grindavík | 17 | 11 | 6 | 1224:1175 | 22 |
| Valur | 17 | 9 | 8 | 1276:1208 | 18 |
| KR | 17 | 3 | 14 | 1013:1225 | 6 |
| Hamar | 17 | 3 | 14 | 919:1281 | 6 |
| Breiðablik | 17 | 1 | 16 | 1028:1279 | 2 |

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Konan heldur mér rólegum

Björgvin Páll Gústavsson gerði sér enga grein fyrir þeirri miklu ábyrgð sem markverðir bera þegar hann valdi þá stöðu átta ára gamall. Hann segir erfitt að skrúfa fyrir tilfinningarnar – jákvæðar sem neikvæðar.

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson í Katar**
eirikur@frettabladid.is



**HANDBOLTI** Björgvin Páll Gústavsson hefur átt gott mót til þessa á HM í Katar – betra en margir þorðu að vona enda höfðu margir áhyggjur af markvörslunni fyrir mót. Hann var magnaður á löngum köflum gegn Frakklandi þar sem Ísland spilaði vel og gerði jafntefli við Evrópumeistarana eftir að hafa leitt lengi vel í leiknum.

„Ég vaknaði sáttur í morgun en þreyttur,“ sagði Björgvin Páll við Fréttablaðið á hóteli íslenska liðsins í Doha í gær. „Leikurinn er gott veganesti fyrir framhaldið. Þar kom þessi íslenska skapgerð og geðveiki fram sem við þurfum á að halda.“

### Ábyrgð markvarða mikil

Björgvin Páll er eins og svo margir markverðir, hvort sem er í handbolta eða fótbolta, gagnrýndur þegar hann á slæman dag. Hann segir sér hafa gengið misvel í gegnum tíðina að taka gagnrýninni.

„Flest gagnrýni á rétt á sér en þegar ég valdi þessa stöðu átta ára gamall vissi ég ekki hversu mikil ábyrgð henni fylgir. Ef markvarslan klikkar er bara bent á einn eða tvo menn. Það er hægt að benda á fleiri ef vörn eða sókn klikkar,“ segir hann. „Þetta er því mikil ábyrgð en ein af ástæðunum fyrir því að ég er enn að spila handbolta er að þetta er áskorun sem gaman er að takast á við.“

Björgvin Páll komst snemma í gang á mótinu og segir að það hafi verið afar mikilvægt. „Að fá þessa góðu tilfinningu fyrir markvörslunni skiptir miklu máli. Æfingaleikirnir fyrir mót gengu upp og ofan en ég átti von á að þetta myndi smella í mótinu því vörnin okkar er háð því að það séu miklar tilfinningar og ákveðin geðveiki í gangi. Þegar hún kemur er auðvelt að fylgja með.“

Hann segist vilja halda sér stöðugum með því að verja minnst 12-14 skot í leik. „Það hefur gengið vel í fyrstu þremur leikjum okkar á mótinu.“

### Eins og fífl í fótbolta

Þegar illa gengur lætur Björgvin stundum öllum illum látum inni á vellinum. Hann sparkar og kýlir markrammann og fékk til að mynda tiltal frá dómara á mótinu eftir slíka uppákomu. Björgvin þagði en gaf honum illt auga á móti.

„Tilfinningar eru stór hluti af mínum leik – hvort sem þær eru neikvæðar eða jákvæðar. Þegar illa gengur á ég það til dæmis til að vera ósanngjarn við samherjana. Það gleymist þá bara eftir leik,“ segir hann. „En tilfinningar eru hluti af þessu og það er erfitt að stjórna þeim bara í aðra áttina. Það verður að vera kveikt á þeim og það hjálpar manni að halda einbeitingu á stórmótum.“



**VAKNAÐI SÁTTUR EN PREYTTUR** Björgvin Páll Gústavsson hefur staðið sig mjög vel á heimsmeistaramótinu í Katar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

Hann segir að það sé ekki þreytandi að takast á við þessar miklu sveiflur sem fylgja því að standa í handboltamarkinu, ekki síst fyrir tilfinningaveru eins og Björgvin Pál.

„Nei, ég er svo rólegur utan vallarins að þetta jafnast út. Ég á góða konu sem heldur mér á jörðinni og það er lítill æsingur í mér utan handboltans – og reyndar fótboltans líka. Ég verð líka eins og fífl,“ sagði hann og hló.

„Þegar ég var yngri var ég á útopnu allan daginn en ég hef náð að beina orkunni að handboltanum og skilja þetta allt saman eftir inni á vellinum, hvort sem er á æfingum eða í leikjum.“

Hann segir að það eigi við um sig eins og aðra – það þýði ekkert að láta mótlætið fara með sig á stórmótum þar sem stutt er á milli leikja. „Þá er best að ofhugsa ekki hlutina og hengja sig ekki of mikið á einn leik, hvort sem það gekk vel eða illa í honum. Það þarf að jafna sig fljótt og vel á milli leikja, bæði líkamlega sem og andlega, sem er afar stór þáttur hjá markvörðum.“

### Þekkir tékkensku skytturnar vel

Ísland mætir Tékklandi í kvöld og þá mun mæða á Björgvini Páli að verjast stórskyttunum Filip Jicha, leikmanni Kiel, og Pavel Horak, sem er hjá Füchse Berlin.

„Ég hef oft spilað gegn þeim báðum og við þurfum að halda þeim niðri til að vinna leikinn. Tékkarnir hafa ekki komist almennilega í gang í þessu móti og ég vona að þeim takist það ekki á morgun því sigur mun tryggja okkur sæti í 16-liða úrslitunum. Þetta er því afar mikilvægur leikur.“




# Einbeitingin þarf að vera í lagi

Gunnar Magnússon hefur kortlagt Tékkana fyrir leikinn mikilvæga á HM í kvöld.

**HANDBOLTI** Ísland mætir Tékklandi á HM í handbolta í kvöld. Leikurinn hefur mikla þýðingu fyrir bæði lið en sér í lagi tékkneska liðið sem er úr leik með tapi. Strákarnir eru á góðu róli eftir jafntefli gegn Frökkum í gær og tryggja sér sæti í 16-liða úrslitum keppninnar og halda möguleikum sínum opnum á öðru eða þriðja sæti riðilsins.

Tékkar hafa ekki verið sannfærandi til þessa í keppninni en eins og Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari landsliðsins, segir hefur liðið endurheimt stórskyttuna Filip Jicha, leikmann Kiel, úr meiðslum.

„Nú verður hann ferskur þegar Tékkar eiga fjórða leik og það veit ekki á gott fyrir okkur,“ sagði Gunnar við Fréttablaðið í gær. „Engu að síður hafa Tékkar ekki spilað neitt svakalega vel í keppninni og við mætum fullir sjálfstrausts til leiks. Við verðum líka að athuga að þetta er úrslitaleikur fyrir okkur því ekki viljum við mæta Egyptalandi í síðustu umferð þar sem allt er undir. Það gæti endað illa.“

Gunnar segir að Tékkar leiti mikið í skyttur sínar í sóknarleiknum og að það þurfi að stöðva, án þess þó að vera of berskjaldaðir fyrir línuspili Tékkanna. Frakkar leituðu grimmt inn á sinn línumann gegn Íslandi í fyrradag.

„Tékkar hafa ekki verið að leita mikið inn á línuna en við megum ekki gleyma því að önnur lið leita að veikleikum okkar, rétt eins og við gerum í okkar undirbúningi. Við þurfum að finna jafnvægi í varnarleiknum en fyrst og fremst að einbeita okkur að því að spila vel sjálfir á alla kanta og mæta með fulla einbeitingu. Leikmenn þurfa að átta sig á því að Frakkaleikurinn er búinn og að nú taki annar mikilvægur leikur við,“ segir Gunnar. **- esá**



**BÚINN AÐ SKOÐA TÉKKA VEL** Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari íslenska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EVA BJÖRK

# Tökum vel á móti þorranum



**TILLSÄTTA** hnífapör
Inniheldur: Gaffla, hnífa, skeiðar og teskeiðar, 4 af hverju. Ryðfrítt stál
**2.990,-/16 í setti**



ÚTSALA

**MÅTTA** servíettur. B33×L33cm.
Ýmsir litir **190,-/30 í pk.** ~~390,-~~



**KLACK** bakki. B58×L38cm
Gegnheill viður **1.650,-**



**290,-**

**LÖNSAM** karafla. 1l
H30cm. Glært gler



ÚTSALA

**OMFATTANDE** bjórglös 56cl. Glært gler
**590,-/4 í pk.** ~~890,-~~



**OMVÄXLANDE** bakki
B33×L50cm. Svart **1.650,-**



ÚTSALA

**190,-**

**ÅTRÅVÄRD** bjórglas á fæti
52cl. H17cm. Glært gler ~~290,-~~



**RUNDLIG** skálar Ø30, H9cm
Bambus/grænt eða hvítt
**1.450,-/stk.**



**190,-**

**TRYGG** skál. Ø17, H9cm. Glært gler



ÚTSALA

**290,-**

**FANTASTISK**
servíettustandur
B12×L14, H17cm
Glært ~~490,-~~

**FANTASTISK**
servíettur
B40×L40cm. Hvítt
**490,-/100 í pk.**



ÚTSALA

**POKAL** snafsaglös
5cl. H5cm. Glært gler **250,-/6 í pk.**
~~390,-~~



ÚTSALA

**VÄNLIG** kanna. 1l. H19cm
Glært gler **390,-** ~~490,-~~



ÚTSALA

**SEKIN** skál. Ø28, H13cm
Birki **850,-** ~~1.150,-~~



**RÖRT** skeið
L31,5cm
Gegnheilt beyki
**290,-/stk.**



**PRUTA** matarílát. Gegnsætt/grænt
**890,-/17 í setti**

**VEITINGASTAÐURINN**

***Þorrabakki***
með súrmeti eða nýmeti
Einnig hægt að taka með heim

**1.645,-**



JAFNLAUNA-VOTTUN VR

IKEA®

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2015

# DAGSKRÁ



## RÚV kl. 17.50
### HM í handbolta karla (Ísland - Tékkland)

Bein útsending frá leik Íslands og Tékklands á heimsmeistaramótinu í handbolta í Katar.

## Í KVÖLD



### RESTAURANT STARTUP

**STÖÐ 2 KL. 20.15** Skemmtilegur og spennandi raunveruleikaþáttur í umsjón hins harða og eitursvala Joe Bastianich og veitingahúsaeigandans Tims Love. Í hverjum þætti velja þeir á milli tveggja hópa þátttakenda.



### NCIS

**STÖÐ 2 KL. 21.00** Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við verkefni sem eru orðin bæði flóknari og hættulegri.



### MODERN FAMILY

**GULL KL. 19.05** Þriðja þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.

## Bylgjan kl. 13.00
### Rúnar Róberts



Rúnar Róberts fylgir þér eftir hádegi alla virka daga á Bylgjunni.


I FULLU FJÖRI
Riiiiiiiiisa
ÚTSALA
ALLT AÐ 70%
AFSLÁTTUR

DURANGO U-SÓFI

ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR
Hægri- eða vinstri tunga
Stærð: 292 x 160 cm. H: 70 cm. Svart, bundið leður.
179.994
FULLT VERÐ: 299.990

BRIGHTON SÓFI

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR
3 SÆTA SÓFI 223.993
FULLT VERÐ: 319.990
2 SÆTA SÓFI 188.993
FULLT VERÐ: 269.990
Vandað svart leður. Stærð: 3ja 204 x 80 cm. 2ja sæta 150 x 80 H: 77 cm.


ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
AROS BARSTÓLL
Hvítur, grár og turkis
7.995
FULLT VERÐ: 15.990
ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR
SYLVESTER borðstofustóll. Margir litir. Með krómlöppum
11.192
FULLT VERÐ: 13.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –
Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** The Wonder Years
**08.30** Around the World in 80 Plates
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** 60 mínútur
**11.00** Don't Blame The Dog
**11.50** Harry's Law
**12.35** Nágrannar
**13.00** Tooth Fairy 2
**14.40** The O.C
**15.30** iCarly
**15.55** The New Normal
**16.20** Tommi og Jenni
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** The Simpsons
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.11** Veður
**19.20** Fóstbræður
**19.50** Marry Me
**20.15** Restaurant Startup
**21.00** NCIS
**21.45** Person of Interest
**22.30** Crimes That Shook Britain
**23.25** Hreinn Skjöldur
**23.55** Rizzoli and Isles
**00.40** Broadchurch
**01.30** Banshee
**02.20** NCIS – New Orleans
**03.05** The Infidel
**04.50** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT
*besta sætið*

**07.00** Íran - Austurríki
**08.20** Bosnía - Túnis
**09.40** Tottenham - Sheffield Utd.
**11.25** Íran - Austurríki
**12.45** Bosnía - Túnis
**14.05** Ísland - Frakkland
**15.25** HM-þáttur
**15.55** Svíþjóð - Egyptaland BEINT
**17.35** NBA - Looking Back at Gary Payton
**17.55** Rússland - Danmörk BEINT
**19.25** Upprifjun - MD 2014
**20.00** HM-þáttur
**20.30** Rússland - Danmörk
**21.50** Ísland - Tékkland
**23.10** League Cup Highlights
**23.40** World's Strongest Man 2014
**00.10** HM-þáttur
**00.40** Ísland - Tékkland

## SPORT 2
*enski boltinn*

**11.20** Man. City - Arsenal
**13.00** Tottenham - Sunderland
**14.45** Football League Show
**15.15** Messan
**16.30** West Ham - Hull
**18.15** Newcastle - Southampton
**20.00** Premier League World
**20.30** Everton - WBA
**22.10** Premier League Review
**23.05** Leicester - Stoke

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing á Vestfjörðum **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín

## STÖÐ 3

**18.45** Top 20 Funniest
**19.30** Community 3
**19.50** Last Man Standing
**20.00** American Idol
**21.00** Are You There, Chelsea?
**21.25** Supernatural
**22.10** True Blood
**23.05** Constantine
**23.50** Last Man Standing
**00.10** American Idol
**00.55** Are You There, Chelsea?
**01.15** Supernatural
**02.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Strumparnir **07.25** Kalli á þakinu **07.47** Tommi og Jenni **07.53** Tommi og Jenni **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Elías **09.55** UKI**1 0**.00 Ofurhundurinn Krypto **10.22** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Strumparnir **11.25** Kalli á þakinu **11.47** Tommi og Jenni **11.53** Tommi og Jenni **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Latibær **14.44** Ævintýraferðin **15.00** Strumparnir **15.25** Kalli á þakinu **15.47** Tommi og Jenni **15.53** Tommi og Jenni **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Elías**17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Latibær **18.44** Ævintýraferðin**19.00** Ævintýraeyja Ibba **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.50** Strákarnir
**18.15** Friends
**18.40** Mom
**19.05** Modern Family
**19.30** Two and a Half Men
**19.50** Go On
**20.15** Ally McBeal
**21.00** The Following
**21.45** Vice
**22.15** Prime Suspect
**00.00** It's Always Sunny In Philadelphia
**00.25** Go On
**00.45** Ally McBeal
**01.30** The Following
**02.10** Vice
**02.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.25** So Undercover
**13.00** Nine
**14.55** Parental Guidance
**16.40** So Undercover
**18.15** Nine
**20.15** Parental Guidance
**22.00** The Book Thief
**00.10** Carrie
**01.50** Season of the Witch
**03.25** The Book Thief

## RÚV

**14.50** Berlínarsaga
**15.40** Táknmálsfréttir
**15.50** HM í handbolta karla
**17.30** HM-stofan
**17.50** HM í handbolta karla *(Ísland - Tékkland)* Bein útsending frá leik Íslands og Tékklands á heimsmeistaramótinu í handbolta í Katar.
**20.00** Fréttir
**20.20** Íþróttir
**20.30** Veðurfréttir
**20.40** Ferð til fjár
**21.10** Bráð
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** HM-stofan
**22.40** Glæpahneigð
**23.20** Erfingjarnir
**00.20** Fréttir
**00.35** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.30** Cheers
**14.55** Top Chef
**15.45** Last Chance to Live
**16.30** Vexed
**17.15** Svali & Svavar
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.10** The Biggest Loser - Ísland
**21.40** Scandal Fjórða þáttaröðin af Scandal er byrjuð með Olivia Pope *(Kerry Washington)* í fararbroddi. Scandal-þáttaraðirnar eru byggðar á starfi hinnar bandarísku Judy Smith, almannatengslaráðgjafa, sem starfaði meðal annars fyrir Monicu Lewinsky, en hún leggur allt í sölurnar til að vernda og fegra ímynd hástéttarinnar í Washington. Vandaðir þættir um spillingu og yfirhylmingu á æðstu stöðum.
**22.25** How to Get Away with Murder
**23.10** The Tonight Show
**00.00** Law & Order. SVU
**00.45** The Affair
**01.35** The Walking Dead
**02.25** Scandal
**03.10** How to Get Away with Murder
**03.55** The Tonight Show
**04.45** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**11.00** European Tour 2015
**14.00** Feherty
**14.35** Golfing World 2014
**15.25** PGA Tour 2015 - Highlights
**16.20** Golfing World 2014
**17.10** Inside The PGA Tour 2015
**17.35** European Tour 2015
**20.35** Inside The PGA Tour 2015
**21.00** PGA Tour 2015

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÚTSALA!!! BRJÁLUÐ VERÐ!




**2.452.-** Fullt verð: 4.563.-

**Artemis Fowl - Berserkjahliðið**




**2.789.-** Fullt verð: 5.186.-

**Drápa**




**3.499.-** Fullt verð: 6.534.-

**Skálmöld**




**1.949.-** Fullt verð: 3.630.-

**Mói hrekkjusvín - Misskilinn snillingur**




**Vísindabók Villa 2**
ÚTSALA: 3.299.-
Fullt verð: 5.186.-




**2.452.-** Fullt verð: 4.563.-

**Hafnfirðingabrandarinn**




**Táningabók**
ÚTSALA: 3.499.-
Fullt verð: 6.742.-




**4.999.-** Fullt verð: 9.335.-

**Flugvélar í máli og myndum**




**Þrír sneru aftur**
ÚTSALA: 3.499.-
Fullt verð: 6.534.-




**Ljómandi!**
ÚTSALA: 3.299.-
Fullt verð: 5.082.-




**2.399.-** Fullt verð: 4.460.-

**Draugagangur á Skuggaskeri**




**Kamp Knox**
ÚTSALA: 3.599.-
Fullt verð: 6.061.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Útsöluverð gilda til og með 22. febrúar. Birt með fyrirvara um prentvillur.

## MORGUNMATURINN



**„Alltaf banani og kaffi. Það er mjög gott, sérstaklega ef það er mjólkurkaffi.“**

Helga Bergrún Sigurbjörnsdóttir, myndlistarnemi

# Meira en 17 þúsund atkvæði komin í hús

Kosning fyrir Hlustendaverðlaunin gengur vonum framar en atkvæðagreiðslu lýkur á sunnudaginn.

„Kosningin hefur farið gríðarlega vel af stað. Þátttakan er mun betri en hún var í fyrra,“ segir Jóhann Örn Ólafsson, verkefnastjóri Hlustendaverðlaunanna. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær var atkvæðafjöldi kominn þó nokkuð yfir 17 þúsund en kosningunni lýkur formlega á Vísi á sunnudag.

Í fyrra voru Hlustendaverðlaunin sameinuð í fyrsta sinn og segir Jóhann það fyrirkomulag koma vel út. Útvarpsstöðvarnar Bylgjan, FM 957 og X-ið 977 standa á bak við verðlaunin. „Þetta tókst gríðarlega vel í fyrra. Það er mikið af þessari íslensku tónlist spilað á öllum stöðvum, en ekki öll íslensk tónlist. Þegar stöðvarnar eru settar saman í ein verðlaun þá þarf að undirbúa kvöld sem höfðar til fjölbreyttari hóps,“ segir Jóhann.

Kynnar á hátíðinni verða þeir sömu og í fyrra, þau Sveppi og Saga Garðars. „Þau hafa ekki verið mikið að vinna saman sem kynnar en ætla að endurtaka leikinn.“ Meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni eru Amabadama, Bubbi og Dimma og Gusgus og Fleiri munu svo bætast í hópinn. Hlustendaverðlaunin verða veitt í Gamla bíói þann 6. febrúar og verða þau sýnd í opinni dagskrá á Stöð 2. - asi

➜ Meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni eru AmabAdamA, Bubbi og Dimma og Gusgus.



**KYNNAR KVÖLDSINS** Þau Saga Garðars og Sveppi ætla að endurtaka leikinn frá því í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ






**GOTT TEYMI** Þær Magnea Einarsdóttir og Sigrún Halla Unnarsdóttir hjá MAGNEA hlakka til að frumsýna línuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Magnea hannar skart með Aurum

Hönnuðir hjá MAGNEA gerðu nýja skartgripalínu í samstarfi við Aurum og er línan innblásin af gömlum útsaumssporum og prjónalykkjunni.

Hönnuðir fatamerkisins MAGNEA hafa hannað skartgripalínu í samstarfi við íslenska skartgripamerkið Aurum. „Þetta er í fyrsta sinn sem við hönnum skartgripalínu undir þessu merki. Sigrún, hinn hönnuðurinn hjá okkur, hefur þó ágæta reynslu af skartgripahönnun með hönnunarteyminu IIIF,“ segir Magnea Einarsdóttir, stofnandi MAGNEA, sem ásamt Sigrúnu Höllu Unnarsdóttur á heiðurinn af skartgripalínunni.

Hugmyndin að samstarfinu kom eftir að Aurum sýndi afraksturinn af samstarfi við Myndlistarskólann í Reykjavík á Hönnunarmars í fyrra. „Við Magnea kennum báðar þar svo okkur datt í hug að þau væru opin fyrir samstarfi. Þetta gekk svo frekar hratt fyrir sig, enda eru þau fagmenn fram í fingurgóma hjá Aurum,“ segir Sigrún.

Línan samanstendur af grófum og fínum útgáfum af hálsmenum, hringum og eyrnalokkum og er innblástur að línunni að mestu fenginn úr eldri hönnun frá merkinu MAGNEA. „Við skoðuðum í þaula útsaumsspor og gúmmí ásamt því að pæla í abstrakt hugmyndum í kringum prjónalykkjuna. Það er svo yfirfærslan á þessum hráefnum í málm sem gefur línunni karakter,“ segir Magnea.

Skartgripalínan er þó nokkuð frábrugðin því sem áður hefur komið frá Magneu. „Það er alltaf gaman að sjá hugmyndir sem eru hugsaðar í eitthvert ákveðið hráefni og tilefni yfirfært í annan miðil sem maður er óvanur að vinna með. Fatahönnun og skartgripahönnun eiga það sameiginlegt að þar er unnið út frá þrívíðum formum og líkamanum sjálfum, en stærðarmunurinn er auðvitað gríðarlegur svo það er hægt að segja að það sé helsti munurinn á því sem við höfum verið að gera,“ segja þær.

**„Við skoðuðum í þaula útsaumsspor og gúmmí ásamt því að pæla í abstrakt hugmyndum í kringum prjónalykkjuna.**

*Magnea Einarsdóttir.*

Spurðar út í frekara samstarf með Aurum eða öðrum hönnuðum útiloka þær það ekki. „Það er aldrei að vita. Það verður gaman að sjá viðbrögðin sem þessi lína fær og hvað gerist í framhaldinu af því. Okkur þykir virkilega gaman að vinna með öðrum hönnuðum og höfum góða reynslu af því svo við erum opnar fyrir því.“

Línan, sem ekki hefur enn fengið nafn, verður frumsýnd í Aurum Bankastræti á Hönnunarmars og verður nánari tímasetning auglýst síðar. Að auki verður línan sýnd á Reykjavík Fashion Festival. adda@frettabladid.is

# Opna nýja kaffivinnusmiðju

Reykjavík Roasters opna nýtt kaffihús og hafa bætt við sig kennsluaðstöðu.

Kaffihúsið Reykjavík Roasters opnar nýtt kaffihús í Brautarholti í lok febrúar. Þar verður góð aðstaða fyrir kaffiáhugafólk að koma á vinnusmiðjuna #betrakaffiheima.

„Þetta verður mun stærra kaffihús og tekur mun fleiri í sæti en á Kárastígnum,“ segir Tumi Ferrer, einn eigenda Reykjavík Roasters. „Það sem verður okkar helsta viðbót er kennsluaðstaðan sem við fáum, sem var það sem okkur vantaði. Þarna geta kaffiáhugamenn komið á vinnusmiðjuna, hvort sem það er einstaklingur eða hópar og lært allt um kaffi. Fólk fær að leika sér með kaffi, uppskriftir, aðferðir og leiðir námskeiðið svolítið sjálft,“ segir Tumi.

**„Það sem verður okkar helsta viðbót er kennsluaðstaðan sem við fáum, sem var það sem okkur vantaði.**

Kaffinámskeiðið #betrakaffiheima er þróað af þeim Þuríði Sverrisdóttir, sem er ein af eigendunum, og Íris Neri Gylfadóttir kaffibarþjóni. „Þær þróuðu þessa vinnusmiðju eftir námsferð til Grikklands. Þær vildu brjóta upp þetta hefðbundna námskeiðsform með fyrirlestrum og sýna almenningi skref fyrir skref hvað kaffiheimurinn hefur upp á að bjóða,“ segir Tumi.



**BETRA KAFFI** Tumi og félagar hjá Reykjavík Roasters munu bjóða upp á flott kaffinámskeið á nýja staðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Reykjavík Roasters hefur undanfarið skapað sér nafn í íslenska kaffibransanum, en starfsmenn rista og pakka öllu kaffi sjálfir. - asi



# Heilsurækt til leigu

**Reginn hf. auglýsir til leigu glæsilegt húsnæði við Smáralind.
Aðstaðan er alls um 1300 fermetrar sem hægt væri að leigja að hluta eða í heild.**

Möguleikarnir eru endalausir en aðstaðan hentar vel fyrir starfsemi á borð við hvers kyns heilsu- og líkamsrækt, Spa, snyrtistofu, Yoga og/eða verslun fyrir tengda starfsemi.

Í rýminu er glæsileg móttaka, heitir pottar, gufuböð, stór tækjasalur, þrír æfingasalir, slökunarrými ásamt mögulegri búningsaðstöðu fyrir bæði kynin. Sjón er sögu ríkari!

Nánari upplýsingar veitir Rúnar H. Bridde í síma **665 0805** eða **runar@reginn.is**







EINSTAKT TÆKIFÆRI
GLÆSILEG AÐSTAÐA







Félagi í fasteignum reginn.is

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

reginn@reginn.is sími: 512 8900


Rós í hnappagat stöðvarinnar
Þáttur sem kemur á óvart
Keppendur eru hetjur
Morgunblaðið
★★★★
Ég var með tárin í augunum hálfan þáttinn
Hlakka strax til að sjá næsta þátt
DV
THE
STÆRSTI SJÓNVARPS
FYLGSTU MEÐ FRÁ BYRJUN Á SKJÁEINUM
KRÓNAN
Reebok
FITNESS



GEST
30
31
32
33
OSER
SKJÁREINN
SVIÐBURÐUR ÁRSINS!
BARÁTTAN HEFST Í KVÖLD KL. 20.10
ENGIN BINDING
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT!
SKJARINN.IS | 595 6000
#biggestloserisland

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stoltur Bangsapabbi

Leikarinn þjóðþekkti og grínistinn **Þorsteinn Guðmundsson** greindi frá því á Twitter-síðu sinni að Hlynur Þorsteinsson sonur hans hefði komist inn í leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Þorsteinn var himinlifandi yfir þessum fregnum og kvaðst jafn stoltur og Bangsapabbi í Dýrunum í Hálsaskógi.

**- hkh**



### Menningarpar

Metsöluhöfundurinn Ófeigur Sigurðsson, sem sendi frá sér bókina Öræfi fyrir síðustu jól, sagðist vera að hitta þjóðþekkta konu í nýlegu helgarviðtali Fréttablaðsins. Komið hefur í ljós að það er engin önnur en fjölmiðlakonan **Brynja Þorgeirsdóttir**. Parið er því með réttu nýjasta menningarpar landsins. Fréttablaðið óskar parinu til hamingju með ástina.

**- hkh**



## Mest lesið VÍSIR

1. Nemendum hefur verið hótað og ógnað
2. Framsókn skipar Gústaf sem varamann í mannréttindaráð borgarinnar
3. Eygló segir skipan Gústafs óásættanlega: Telur rétt að hún verði afturkölluð hið fyrsta
4. Óttast að djammarar muni ekki pinnúmerin
5. Umfjöllun, viðtöl og myndir: Frakkland - Ísland 26-26 | Besta frammistaða strákanna í jafnteflisleik
6. Kláraði stúdentinn á einu ári eftir 15 ára pásu: „Fjarlægur draumur að skella sér í háskóla“





